

umræða 20



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Söngkeppni framhaldsskólanna











# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

6. apríl 2010 — 79. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## Ævintýri líkast



*Séra Hjálmar Jónsson fékk að prófa nýja gerð af Mercedes Benz á kappakstursbraut í Frakklandi.*

fólk 26

## Ný listahátíð

*Jónsvaka, listahátíð fyrir unga fólkið, verður haldin í fyrsta sinn í júní.*

fólk 26



## Meisturunum skellt

*Snæfell lagði KR á útivelli er liðin mættust í undanúrslitum úrvalsdeildarinnar í gær. Keflavík vann Njarðvík.*

íþróttir 20

## veðrið í dag




**Strekkingur** eða hvassviðri vestantil á landinu en hægari vindur austantil. Snjókoma norðan- og vestanlands en slydda eða rigning austantil. Dregur úr úrkomu og vindi þegar líður á daginn. **veður 4**

MYND/BRJÁNN BALDURSSON



**HRAUNFOSS Í HVANNÁRGILI** Hraun frá eldstöðinni á Fimmvörðuhálsi fór að flæða niður Hvannárgil á laugardagskvöld. Þúsundir manna lögðu leið sína að eldstöðvunum um páskana. Í gær versnaði veður og voru þá fáir á ferli.

fréttir 4

# Bændur óttast að útvaldir fái mjólkurkvóta

**Um áttatíu kúabændur eru upp á náð og miskunn lánardrottna komnir. Fleiri í verulegum fjárhagserfiðleikum. Bændur vilja að allur mjólkurkvóti gjaldþrota kúabúa verði settur á uppboðsmarkað.**

**LANDBÚNAÐUR** „Ef kemur til þess að bú verða tekin til skipta í gegnum lánastofnanir þá er hættan sú að verðmætum verði ráðstafað til valinna aðila. Við viljum að allir hafi jafnan aðgang og það eina sem ráði því hver fær er hvort viðkomandi geti greitt eða ekki. Þetta gengur út á það að slíta á tengslin á milli kaupanda og seljanda,“ segir Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda.

Heildarskuldir kúabænda eru metnar um 44 milljarðar króna. Þau bú sem verst standa eru talin eiga um fimmtán prósent af 116 milljóna lítra ársframleiðslu. Hver lítri mjólkurkvóta er í dag metinn á um 250 krónur svo um milljarða hagsmuni er að tefla.

Kúabændur telja nauðsynlegt að koma á fót uppboðsmarkaði með mjólkurkvóta og sendu frá sér ályktun þessa efnis eftir aðalfund sambandsins nýlega. Ástæðan er að 120 til 140 kúabú eiga í verulegum eða miklum fjárhagserfiðleikum. Kúabú hér á landi eru um 700 alls og 75 til 80 þeirra eru upp á náð og miskunn viðskiptabanka og annarra lánardrottna komin. Til þess hefur ekki komið enn þá að bú hafi verið yfirtekin en LK telur slíkt óumflýjanlegt, verði ekki brugðist við skuldavandanum með „raunverulegum lausnum“ frá hendi lánastofnana, eins og Sigurður kemst að orði.

Félag ungra bænda hefur tekið undir með LK um að mikilvægt sé að „allt greiðslumark komi á markað nú þegar að mikil hætta er á að bankastofnanir eignist bú skuldsettra bænda og geti farið að ráðstafa greiðslumarki út úr bönkunum líkt og öðrum eignum án auglýsingar eins og dæmin sanna,“ eins og segir í ályktun.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur lýst yfir áhyggjum sínum af stöðu kúabænda og þeirri hættu að kvóti færist frá viðkomandi jörð með tilheyrandi byggðaröskun og samþjöppun mjólkurkvóta á fárra manna hendur. Hann telur eðlilegt að stjórnvöld leggist yfir það hvort eðlilegt sé að grípa inn í, jafnvel með miðlægum kvótamarkaði.

Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, segir það til skoðunar innan ráðuneytisins hvernig megi útfæra markað með mjólkurkvóta. „Við eigum í viðræðum við hagsmunaaðila um hvernig má nálgast þetta, en það væri ofsagt að það sé með skipulögðum hætti enn þá.“ **- shá**

> **44** milljarðar króna eru samanlagðar skuldir um 700 kúabúa í landinu. Það svarar til 63 milljóna að meðaltali.
>
> LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

Fyrirhugaðar kosningar í Bretlandi og Hollandi setja mönnum skorður:

# Engir fundir á dagskrá um Icesave

**UTANRÍKISMÁL** Engar ákvarðanir hafa verið teknar um fundi samninganefnda Íslendinga, Hollendinga og Breta vegna Icesave. Búist er við að Gordon Brown rjúfi breska þingið í dag og boði til kosninga í byrjun maí. Það setji mönnum þröngar skorður hvað varðar samninga.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, situr í samninganefnd Íslendinga. Hann segir menn hafa verið í samskiptum en engar ákvarðanir hafi verið teknar. „Það liggur ekki fyrir hvenær eiginlegar viðræður geta hafist. Það hafa verið samtöl á milli manna og þess er jafnvel að vænta að það ráðist á allra næstu dögum hvort og hvenær af samningum verður.“

Fregnir bárust af því um helgina að Hollendingar og Bretar hefðu fallið frá einhliða fyrirvörum fyrir viðræðum. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir það oftúlkun á stöðunni. Engar nýjar fréttir séu af málinu, en vonast sé til að enn sé svigrúm til samninga. „Það væri augljóslega betra að þetta gæti gerst sem allra fyrst, ef eitthvað á að reyna við þetta áður en hann dettur alveg inn í kosningar,“ segir Steingrímur og vísar þar til Gordons Brown. Hann vonast til að það takist. **- kóp**










## SPURNING DAGSINS



*Jón Þór, var þetta öfugur útsaumur?*

„Ja, hann var að minnsta kosti ekki á röngunni.“

Jón Þór Þorleifsson er félagi í íþróttafélaginu Styrmi sem hélt páskamarkað á Barböru á laugardag. Þar var meðal annars seldur útsaumur með áletruninni Guð lessi Ísland eftir þær Hildi Hafsteinsdóttur og Írisi Ellenberger. Útsaumurinn seldist upp.

Samkomulag náðist í deilu unglækna og Landspítalans:

# Læknar snúa aftur til starfa

**HEILBRIGÐISMÁL** Samkomulag hefur náðst í deilu á milli almennra lækna á Landspítalanum og spítalans. Þeir 65 unglæknar sem lögðu niður störf 1. apríl síðastliðinn sneru því aftur til vinnu í gærkvöldi og í morgun.

Læknarnir voru ósáttir við nýtt vaktaskipulag sem tók gildi um síðustu mánaðamót. Þeir sögðu það fela í sér aukið vinnuálag án þess að kjör þeirra bættust. Alls 65 læknar lögðu því niður störf um mánaðamótin og hafa sérfræðingar og læknar á bakvakt sinnt störfum þeirra yfir helgina, á meðan bráðaþjónustu var aðeins sinnt.

Samkomulagið sem skrifað var undir í gær milli læknanna og stjórnar spítalans felur í sér að reynt verði að finna sameiginlega lausn á deilunni. Breytingum á vaktakerfinu hefur nú verið frestað og skipaður verður starfshópur sem mun vinna að nýju vaktakerfi. Þeirri vinnu á að ljúka í síðasta lagi 1. september. - þeb



**LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI** Sátt náðist í deilu unglækna og spítalans í gærkvöldi. Stefnt er að því að gera nýtt vaktakerfi fyrir haustið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur Þ. Hauksson:

# Ákvörðun um ákærur í apríl

**DÓMSMÁL** Stefnt er að því að ljúka rannsóknum á fyrstu málum embættis sérstaks saksóknara í apríl. Þá verða teknar ákvarðanir um ákærur í lok mánaðarins.

Ólafur Þ. Hauksson, sérstakur saksóknari, segir rannsókn mála á borði hans komin misjafnlega langt á veg, en segist ekki geta sagt til um það hvaða mál séu komin lengst. „Við stefnum að því að ljúka einhverjum málum í þessum mánuði en það er með öllum þeim fyrirvörum sem mögulegt er í því.“ - þeb



**HALLDÓR BALDURSSON** Skopmyndir Halldórs munu framvegis birtast í Fréttablaðinu alla virka daga.

Skopmyndir í Fréttablaðinu:

# Halldór hefur göngu sína

**FJÖLMIÐLAR** Skopmyndir Halldórs Baldurssonar hefja göngu sína í Fréttablaðinu í dag. Myndir Halldórs munu birtast í blaðinu alla virka daga, en skopmyndir Gunnars Karlssonar munu áfram birtast í helgarútgáfu blaðsins.

Halldór hefur teiknað skopmyndir í fjölmiðla frá árinu 1984; á Viðskiptablaðinu, Blaðinu, 24 stundum og síðast Morgunblaðinu. - þeb / sjá síðu 12

# Segir reglugerðina vera fordæmalausa

**Heilbrigðisráðherra tilkynnti forstjóra Sjúkratrygginga Íslands um fyrirhugaða áminningu. Forstjórinn ráðfærði sig við Ríkisendurskoðun um útfærslu reglugerðar. Segir það ekki snúa að innihaldi heldur útfærslu sem sé fordæmalaus.**

**STJÓRNSÝSLA** „Hér með tilkynnist þér að ráðgert er að áminna þig fyrir brot á almennum starfskyldum ríkisstarfsmanna…“ Þannig hefst bréf sem Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra sendi Steingrími Ara Arasyni, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, í síðustu viku. Ástæðan er erindi Steingríms til Ríkisendurskoðunar, án vitundar ráðherrans.



**STEINGRÍMUR ARI ARASON**



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**

Erindið sneri að reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækningaog tannréttindakostnaði vegna alvarlegra fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa. Á fundi fjárlaganefndar Alþingis kom fram að forstjórinn hafði leitað til Ríkisendurskoðunar. Þar spurði hann eftir því hvort ríkisendurskoðandi væri sammála því að útfæra þyrfti nánar fjárhagsleg skilyrði sem uppfylla þyrfti, áður en til endurgreiðslu kæmi.

Steingrímur Ari segir tilkynninguna hafa komið sér mjög á óvart. Hann hafi verið að vinna að útfærslu reglugerðarinnar og í því skyni leitað til Ríkisendurskoðunar til að vanda til verka. „Ég var ekki að gagnrýna reglugerðina, heldur að kalla eftir leiðbeiningum um hvernig á að útfæra hana.“



**TANNLÆKNIR** Ekki hefur verið endurgreitt vegna nýrra tilvika frá því fyrir áramót. Reglugerðin frá því í mars átti að skerpa á alvarlegum tilfellum, vegna fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann segir reglugerðina vera fordæmalausa og því vandasamt verk að útfæra hana. „Almenna reglan er sú, eins og þeir vita sem hafa kynnt sér lögin um sjúkratryggingar, að annaðhvort eru til staðar samningar við þjónustuveitendur þeirrar þjónustu sem fellur undir sjúkratryggingarnar, eða, í undantekningartilvikum ef það er ekki samningur, þá skuli tryggja endurgreiðslur á gjaldskrá sem stofnunin hefur gefið út. Hvorugt er til staðar í þessu tilviki.“

> Ég var ekki að gagnrýna reglugerðina, heldur að kalla eftir leiðbeiningum.
>
> **STEINGRÍMUR ARI ARASON** FORSTJÓRI SJÚKRATRYGGINGA ÍSLANDS

Álfheiður vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. „Ég ætla ekki að reka málið í fjölmiðlum og það er í stjórnsýslulegri meðferð. Andmælaréttur er til 13. apríl og í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um hvað gert verður.“

Fyrir áramót var sett reglugerð um endurgreiðslu vegna tannlækninga almennt. Tannréttingafræðingar hafa verið ósáttir við hana og hún ekki komið til framkvæmda. Reglugerðin í mars skerpti á alvarlegum tilvikum. Steingrímur Ari segir að ekki hafi verið greitt vegna neinna nýrra tilvika frá því fyrir áramót.

kolbeinn@frettabladid.is

# Jón Böðvarsson lést á sunnudag



Jón Böðvarsson cand. mag. lést á sunnudag á Landspítalanum. Jón fæddist 2. maí 1930 og hefði því orðið áttræður í byrjun næsta mánaðar.

Hann varð stúdent frá MR árið 1951 og lauk cand.mag.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1964. Jón starfaði sem kennari lengstan sinn starfsaldur og varð fyrsti skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Jón var mörgum að góðu kunnur vegna kennslustarfa sinna, en ekki síður fyrirlestra um Íslendingasögur sem hann hélt hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands við miklar vinsældir. Jón hlaut heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í síðasta mánuði. Jón lætur eftir sig eiginkonu, þrjú börn og stjúpson.

Breytingar á ráðherraskipan:

# Tímasetning ekki ákveðin

**STJÓRNMÁL Ekki hefur verið ákveðið hvenær frekari stjórnarráðsbreytingar munu eiga sér stað eða hve lengi utanþingsráðherrar verði í ríkisstjórninni, að sögn Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra.**

**„Hins vegar hefur alltaf legið í loftinu að það er verið að vinna að þessum stjórnarráðsbreytingum, án þess að einstakir áfangar hafi verið ákveðnir eða tímasettir,“ segir Steingrímur.**

**Utanþingsráðherrarnir Ragna Árnadóttir og Gylfi Magnússon mældust vinsælust í nýjum þjóðarpúlsi Gallup, sem greint var frá í gær.** - þeb

Brown leysir upp þing í dag:

# Íhaldsmenn að missa forskotið

**BRETLAND, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, gengur væntanlega á fund Elísabetar drottningar í dag til að leysa upp þingið svo hægt verði að boða til kosninga.**



**DAVID CAMERON**

**Reiknað er með að kosningarnar verði haldnar 6. maí. Íhaldsflokkurinn, undir forystu Davids Camerons, hafa lengi mælst með mikið forskot á Verkamannaflokk Browns í skoðanakönnunum, en munurinn hefur minnkað hratt upp á síðkastið og er kominn niður í tíu prósent.** - gb






Engar ákvarðanir verið teknar með álagningu vegtolla við höfuðborgina:

# Vegtollar lækki bensíngjald

**SAMGÖNGUR** Nefnd fjögurra stjórnmálaflokka hefur velt upp þeim möguleika að setja vegtolla á þrjár stofnleiðir inn í höfuðborgina. Engar ákvarðanir hafa verið teknar.

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, situr í nefndinni. Hann segir vel koma til greina að breyta tekjuöflun í samgöngumálum og notendagjöld komi að einhverju leyti í stað bensín- og olíugjalda. Þeir vegtollar rynnu í samgöngur á höfuðborgarsvæðinu, mannvirki og almenningssamgöngur.

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði í samtali við Vísi í gær að um landsbyggðarskatt yrði að ræða. Þessu er Árni Þór algjörlega ósammála. „Auðvitað fara Reykvíkingar líka út fyrir borgarmörkin og þetta er ekki sérstakur landsbyggðarskattur.

Árni segir að í framtíðinni gæti kerfið orðið þannig að bensín- og olíugjöld hyrfu alveg. Umferð bíla yrði mæld með gps-kubbum og rukkað mismunandi eftir álagstímum og þungum gatnamótum, þannig myndi umferðin dreifast. „Þetta gæti því frekar lagst þyngra á þéttbýlisbúa, þar sem umferðin er meiri, en dreifbýlisbúa.“



**MORGUNUMFERÐ** Árni Þór vonast til að í framtíðinni muni mismunandi veggjald eftir álagstímum minnka umferðarteppur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfshópurinn sem um ræðir er óformlegur, en var skipaður af samgönguráðherra, Kristjáni Möller, í febrúar. Hans er að fara yfir hugmyndir að veggjöldum. - kóp

# Þú færð iPhone og iPod Touch hjá Nova!

**0 kr. Nova í Nova!**
1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mán.

**Netið í símann**
0 kr. í áskrift
150 MB/mán.
20 kr. í frelsi
5 MB/dag

**2.000 kr. notkun á mánuði í 18 mán. fylgir!**
Gildir ekki með staðgreiðslu.



**9.900 kr.** /mán.

**iPhone 3GS**

Afborgun: 9.900 kr. á mán. í 18 mán.
og 2.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir!

Staðgreitt: 146.900 kr.
Innifalin notkun fylgir ekki staðgreiðsluverði.

skype

Nýtt!

**3.900 kr.** /mán.

**iPod Touch**

Afborgun: 3.900 kr. á mán. í 12 mán.
Breyttu iPod Touch í síma með Skype
– tengist netinu þráðlaust (WiFi)

Staðgreitt: 46.800 kr.

skype



Nú getur þú hringt Skype símtal í alla sem þú þekkir hérlendis og erlendis úr Nova farsíma. Margir Íslendingar nota síma og spjall þjónustu Skype yfir netið og því eru væntanlega margir sem fagna því að geta fengið Skype í farsímann.

Í dag er Skype þjónustan aðgengileg í völdum farsímum frá Nokia auk þess sem Skype hefur slegið í gegn hjá iPhone 3GS og iPod Touch eigendum.

**Nánari upplýsingar fyrir Nokia farsíma, sjá OVI store eða www.skype.com og fyrir iPhone 3GS (WiFi) og iPod Touch (WiFi), sjá App Store eða www.skype.com til að fá Skype í farsímann!**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort.

DAGUR & STEINI

**GENGIÐ 31.03.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,81 | 128,43 |
| Sterlingspund | 193,58 | 194,52 |
| Evra | 172,03 | 172,99 |
| Dönsk króna | 23,103 | 23,239 |
| Norsk króna | 21,46 | 21,586 |
| Sænsk króna | 17,692 | 17,796 |
| Japanskt jen | 1,368 | 1,376 |
| SDR | 193,89 | 195,05 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,1856

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Um tugur fólks hefur slasast á ferðum sínum á Fimmvörðuháls:

# Vitlaust veður við gosstöðvarnar

**ELDGOS** Ekkert ferðaveður var á Fimmvörðuhálsi í gær og var lítið um ferðir við gosstöðvarnar. Lögregla og björgunarsveitarmenn drógu því úr gæslu.

Að sögn Sveins Rúnarssonar, yfirlögregluþjóns á Hvolsvelli, er ekki von á miklum straumi fólks í dag enda spáð slæmu veðri líkt og í gær. Hann gerir þó ráð fyrir því að ferðamannastraumurinn aukist þegar veður skánar og verður viðbúnaður í samræmi við það.

Aðspurður segir Sveinn að ótrúlega lítið hafi verið um slys og óhöpp þrátt fyrir allan þann fjölda fólks sem hefur lagt leið sína að gosinu að undanförnu.

„Ég myndi halda að þau væru í kringum tuginn,“ segir hann og nefnir hnémeiðsl, ökklabrot og slitinn lærvöðva sem dæmi. Hann brýnir þó fyrir fólki að búa sig undir breytilegt veður og láta vita af ferðum sínum áður en það leggur af stað upp á Fimmvörðuháls að skoða eldgosið.

„Það er mikilvægt að fólk fari ekki með því hugarfari að komast eins langt og það getur en láta svo bjarga sér ef í harðbakkann slær.“ - ve



**KULDALEGT** Fáir ferðamenn voru á ferli við gosstöðvarnar í gær enda veður slæmt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Maður hlaut alvarlega áverka:

# Tveir menn játuðu líkamsárás

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn hafa viðurkennt aðild að líkamsárás á Ísafirði aðfaranótt skírdags.

Líkamsárásin átti sér stað í gleðskap í heimahúsi. Maður var stunginn í andlitið og hlaut hann alvarlega áverka. Hann var fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði en var útskrifaður þaðan í gær. Hann var gestkomandi í bænum og hafði ætlað á tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður. Annar árásarmannanna hafði verið í gæsluvarðhaldi en mönnunum hefur nú báðum verið sleppt. - þeb

Þjóðarpúls Gallup:

# Utanþingsráðherrar vinsælir

**KÖNNUN 65 prósent landsmanna segjast ánægð með störf Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra, samkvæmt nýjum þjóðarpúlsi Gallup. Tæp fimmtíu prósent eru ánægð með Gylfa Magnússon.**



RAGNA ÁRNADÓTTIR

**Katrín Jakobsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon koma næst á eftir utanþingsráðherrunum, en 44 og 41 prósent aðspurðra eru ánægð með þeirra störf. 27 prósent landsmanna eru ánægð með störf forsætisráðherrans Jóhönnu Sigurðardóttur en um 56 prósent segjast óánægð með störf hennar. Fæstir eru ánægðir með störf Álfheiðar Ingadóttur, Jóns Bjarnasonar og Kristjáns Möller, eða í kringum 14 prósent.** - þeb

Bílslys á Blönduósi:

# Jeppi fór framan á fólksbíl

**SLYS** Alvarlegur árekstur varð rétt norðan við Blönduós klukkan hálffimm í gær þegar ökumaður jeppa á suðurleið lenti framan á fólksbíl sem var ekið norður. Fernt var í jeppanum en tvennt í fólksbílnum og voru allir fluttir á sjúkrahúsið á Sauðárkróki, einhverjir með meiri háttar meiðsl. Tvennt var flutt með lögreglubifreið. Fólksbifreiðin er gjörónýt en jeppinn mikið skemmdur.

Mikil hálka og krapi var í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi í gær. Tilkynnt var um fimm umferðaróhöpp og var nokkuð um að menn keyrðu of hratt miðað við aðstæður. - ve



**ÚR MYNDBANDINU** Hópur manna á götu úti í Bagdad þegar ráðist er á þá. Aðstoð barst með sendibifreið, en þá hefst árás á ný. MYNDIR/WIKILEAKS

# Myndband af fjöldamorði

**Wikileaks birti í gær myndband frá Bandaríkjaher sem sýnir þegar hermenn felldu að tilefnislausu á annan tug manna á götu í Bagdad sumarið 2007. Hópur Íslendinga vann að útgáfu myndbandsins.**

**ÍRAK** Ekkert fer á milli mála að bandarísku hermennirnir höfðu lítið tilefni til að gera árás á hóp manna á götu úti í Bagdad hinn 17. júlí árið 2007. Myndband, sem tekið var í tveimur bandarískum herþyrlum, sýnir vel hvað gerðist.

Vefsíðan Wikileaks birti í gær myndbandið, sem Bandaríkjaher hefur ekki viljað gera opinbert.

Árásin kostaði tólf manns lífið, þar á meðal tvo íraska fréttamenn á vegum fréttastofunnar Reuters, þá Nour El Deen og Saeed Chmagh. Einnig særðust tvö börn í árásinni.

Af orðaskiptum mannanna í þyrlunum má heyra að þeim sýnast mennirnir á jörðu niðri bera vopn. Óljóst er á myndbandinu hvort einhverjir mannanna báru í raun og veru vopn, en augljóst virðist að eitt þessara meintu vopna er ljósmyndavél Noor El Deens.

Enginn mannanna virðist gera sig líklegan til að munda vopn, heldur eru þeir hinir rólegustu úti á götu þegar árásin úr þyrlunum hefst skyndilega. Allir mennirnir létust nema einn, sem virðist illa særður.

Stuttu síðar kemur lítil sendibifreið á vettvang og út úr henni stígur maður sem gerir sig líklegan til að aðstoða hinn særða, en þá gera bandarísku hermennirnir árás á ný.

Í Kastljósi Sjónvarpsins í gær skýrði Kristinn Hrafnsson fréttamaður, sem er staddur í Írak, frá því að börnin höfðu verið í sendibílnum ásamt föður sínum, sem var að aka þeim til kennara. Hann hafði numið staðar til að aðstoða særðan mann við vegarbrúnina, en þá gerðu bandarísku hermennirnir aðra árás sem varð föður barnanna að bana og olli börnunum tveimur alvarlegu tjóni sem þau eiga enn við að stríða.

Eftir árásina hélt Bandaríkjaher því fram að mennirnir á þyrlunum hafi verið að bregðast við árás frá hópnum á jörðu niðri. Á hljóðrás myndbandsins má heyra að bandarísku hermennirnir kenna hinum látnu um að börnin tvö særðust, því þau hafi verið tekin með á átakasvæðið.

Á vefsíðunni kemur fram að Wikileaks hafi fengið myndbandið frá ónefndum heimildarmanni. Myndbandið var dulkóðað, en á vegum Wikileaks tókst að opna dulkóðunina.

Í lok myndbandsins kemur fram að Kristinn Hrafnsson, fréttamaður á Ríkisútvarpinu, Ingi Ragnar Ingason kvikmyndagerðarmaður og Birgitta Jónsdóttir þingmaður hafi unnið að gerð myndbandsins ásamt fleiri Íslendingum. Einnig er RÚV þakkað sérstaklega.

gudsteinn@frettabladid.is



**SONUR SYRGIR FÖÐUR SINN** Sonur annars íraska fréttamannsins, Saeed Chagh, á vettvangi skömmu eftir árásina í júlí 2007. NORDICPHOTOS/AFP






## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**SNJÓKOMA** eða slydda er það sem einkennir veðrið víða um land í dag en á morgun verður talvert bjartara á landinu sérstaklega sunnanlands. Á fimmtudaginn nálgast lægð úr suðvestri og þá dregur fyrir sólu sunnantil en verður bjart allra austast.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 13° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 27° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 3° |
París | 17° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is


www.ellingsen.is
GANGAN HEFST
Í ELLINGSEN
Columbia
Sportswear Company
DASKA PASS
Dömuskór
34.990 kr.
NEWTON RIDGE
Dömuskór
24.990 kr.
DASKA PASS
Herraskór
34.990 kr.
TAGORI
Herraskór
14.990 kr.
NEWTON RIDGE
Herraskór
24.990 kr.
FIRELANE
Herraskór
24.990 kr.
Y. TAGORI
Barnaskór
12.990 kr.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
PIPAR\TBWA • SÍA • 100754

## KJÖRKASSINN



*Talar þú í GSM-síma undir stýri án þess að nota handfrjálsan búnað?*

| | |
|---|---|
| Já | 65,9% |
| Nei | 34,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er réttlætanlegt að fjármagna nýjar vegaframkvæmdir með vegtollum?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Á annað hundrað kínverskum námuverkamönnum bjargað úr viku innilokun:

# Sváfu hangandi í beltum lokaðir inni í námu

**KÍNA, AP** 115 kínverskir námuverkamenn björguðust í gær eftir rúmlega viku innilokun í námugöngum. Þeir lokuðust inni á pálmasunnudag þegar vatn flæddi niður í námuna.

Sumir þeirra höfðu borðað sag og trjábörk og fest sig með beltum við veggi námuganganna til þess að geta sofið án þess að drukkna. „Geturðu komið mér héðan út?“ spurði einn þeirra þegar björgunarmenn komu loksins.

Ættingjum mannanna hafi fundist björgunaraðgerðir ganga hægt. Meira en viku tók að dæla vatni úr námunni til þess að hægt væri að komast að mönnunum.

Urðu þá fagnaðarfundir, sem sýnt var frá beint í kínversku sjónvarpi. Tárvotir björgunarmenn sáust fallast í faðma þegar námuverkamönnunum var hjálpað út, vafðir teppum og síðan fluttir á brott með sjúkrabifreiðum.

„Kraftaverk varð loksins,“ sagði Liu Dezheng, talsmaður björgunarsveitanna.

Enn voru þó 38 menn eftir inni í göngunum. Óvíst var hvort eða hvenær takast mætti að bjarga þeim út, og ekki fengust upplýsingar um hvort í þeim hefði heyrst.

Námuslys eru enn tíð í Kína, þótt þeim hafi fækkað nokkuð síðustu ár. - gb



**NÁMUVERKAMÖNNUM BJARGAÐ ÚT** Meira en 150 manns höfðu verið innilokaðir í námugöngunum síðan á pálmasunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KOLAFLUTNINGASKIPIÐ** Á laugardaginn strandaði risaskip við Stóra kóralrifið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skip strandað við kóralrif:

## Hindra olíuleka

**ÁSTRALÍA, AP** Hópur manna vann í gær að því að stöðva olíuleka úr kínversku kolaflutningaskipi sem strandaði út af ströndum Ástralíu, við stærsta kóralrif heims.

Um þúsund tonn af olíu eru í skipinu og er það stórskemmt eftir strandið. Strangar takmarkanir eru á skipasiglingum við Stóra kóralrifið, sem er á náttúruminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Dýralíf og sjávargróður við rifið þykir ómetanlegt. -gb

Rannsakaði tekjumun kynja:

## Duglegir karlar breikka bilið

**BANDARÍKIN Þrátt fyrir margvíslegar framfarir sem gert hafa stöðu kvenna betri á vinnumarkaði vantar enn mikið upp á að tekjur þeirra jafnist á við tekjur karlkyns maka þeirra, einkum ef þeir vinna mikið.**

**Í Bandaríkjunum hefur Youngjoo Cha, doktorsnemi í félagsfræði við Cornel-háskóla, gert rannsókn á þessu. Hún komst að því að vinni eiginmaður meira en 50 tíma utan heimilis á viku skaði það oftar en ekki frama kvenna, því tími þeirra fer þá í auknum mæli í að sinna heimilisstörfum.**

**Starfi karlar meira en 60 tíma aukast einnig mjög líkur á því að konan hætti að vinna. Á hinn bóginn hætta karlar ekki að vinna þótt konur starfi meira en 60 tíma.** - gb

# Keyra á Þeistareyki og Búðarháls af stað

**Iðnaðarráðherra segir að í kringum Þeistareyki muni byggjast upp stórt orkuöflunar- og atvinnusvæði á næstunni. Þá verði farið af stað í jarðvegsframkvæmdir við Búðarháls í sumar. Icesave hafi tafið fyrir fjármögnun í stóriðju.**

**VIRKJANIR** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að menn gleymi gjarnan þeim uppbyggingaráformum sem fyrirhuguð eru við Þeistareyki. Þar ætli stjórnvöld sér mikla hluti. Hún segir Icesave hafa verið til trafala þegar kemur að fjármögnun.

„Við erum að vinna mjög markvisst að því að orkan, sem blæs upp á Þeistareykjum, komist í kerfið sem allra, allra fyrst. Menn gleyma því oft þegar þeir eru að leggja mat á það sem leiðir af stóriðjunni og hafa skilið það svæði eftir. Það er alveg ljóst að stjórnvöld leggja mikla áherslu á það svæði. Þar verður mjög stórt orkuöflunar- og atvinnuuppbyggingarsvæði á næstunni.“



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Fréttablaðið birti í síðustu viku útreikninga frá hagdeild Alþýðusambands Íslands, þar sem upplýst var að ef töf verður á framkvæmdum við álver í Helguvík og endurnýjun vélabúnaðar í Straumsvík um eitt ár, minnkar landsframleiðsla næstu þriggja ára um 50 milljarða.

Katrín segir að það að hafa ekki gengið frá samningum um Icesave hafi flækst fyrir þegar kemur að fjáröflun. „Icesave-málið hefur verið okkur til trafala, það er ekkert leyndarmál. Ég finn þetta ekki bara í hugsanlegum fjárfestingum í orkugeiranum, en þar hefur það verið sérstaklega slæmt.

Forsvarsmenn orkufyrirtækjanna hafa sagt frá því að erfitt sé um fjármögnun og einn þeirra, forstjóri Landsvirkjunar, hefur sagt að það sé beinlínis út af þessu.“ Katrín segir það því ekki koma á óvart að kostnaður hljótist af því að ganga ekki frá Icesave.

Ráðherra segir margt í gangi hjá stjórnvöldum; reynt sé að semja um Icesave, unnið sé að stóriðjumálum og einnig sé horft til annarra þátta. „Það eru til dæmis að verða til hundruð starfa í sprota- og nýsköpunarsamfélaginu. Við höfum verið að breyta lögum til að örva nýfjárfestingar hjá fyrirtækjum.“

Katrín segir að þótt erfiðara sé um vik með fjármögnun séu ýmis verkefni í gangi. Auk Þeistareykja nefnir hún Búðarhálsvirkjun, en jarðvegsframkvæmdir fari af stað þar í sumar. Horfa verði til margra þátta.

„Heimurinn er ekki bara svarthvítur, við erum að vinna á mörgum vígstöðvum að því að byggja upp atvinnu og erum líka að reyna að leysa þetta Icesave-mál þannig að fjármögnunarvandinn verði úr sögunni.“

kolbeinn@frettabladid.is



**ÞEISTAREYKIR** Iðnaðarráðherra segir að á næstunni muni skapast stórt orkuöflunarsvæði á Þeistareykjum og í kringum það verði mikil atvinnuuppbygging. MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON

> Við erum að vinna mjög markvisst að því að orkan, sem blæs upp á Þeistareykjum, komist í kerfið sem allra, allra fyrst.
>
> KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR IÐNAÐARRÁÐHERRA



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100

Jarðskjálfti í Mexíkó olli litlu manntjóni þrátt fyrir mikinn styrk:

# Tveir menn létu lífið í jarðskjálfta

**MEXÍKÓ, AP** Tveir menn fórust, heilu borgirnar urðu rafmagnslausar og rýma þurfti sjúkrahús eftir að harður jarðskjálfti varð í gærmorgun norðan til í Mexíkó við borgina Mexicali, skammt suður af landamærum Bandaríkjanna.

Skjálftinn mældist 7,2 stig en manntjón varð ekki jafn mikið og fyrst var óttast. Ástæðan er sú að krafturinn beindist í norðvestur frá Mexicali inn á afar strjálbýlt svæði. „Við erum eiginlega bara heppin að orkan fór í hina áttina,“ sagði Jessica Sigala, jarðeðlisfræðingur í Bandaríkjunum. „Í hverjum jarðskjálfta fer jörðin að hreyfast í ákveðna átt. Þetta hófst suður af Mexicali og sprungan hreyfðist svo til norðvesturs.“

Hús, sem byggð hafa verið á þessum slóðum á seinni árum, eru auk þess sterkari en áður tíðkaðist vegna vitneskju um hættu á jarðskjálftum. „Það er strangara eftirlit, sérstaklega með stærri byggingum,“ segir Carlos Valdes, yfirmaður jarðskjálftastofnunar Mexíkó.

Um tuttugu milljónir manna fundu greinilega fyrir skjálftanum og sterkir eftirskjálftar héldu áfram að skjóta fólki skelk í bringu fram eftir degi.

Einn maður lét lífið þegar íbúðarhús hans hrundi og annar dó þegar hann hljóp út á götu í ofboði og varð fyrir bifreið. - gb



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MIKLAR SKEMMDIR** Jarðskjálftinn olli miklu tjóni í borginni Mexicali og nágrenni.



*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

# Skráðu þig í tölvunám
# Menntun sem gefur þér forskot

Geymdu auglýsinguna

1986 - 2010 • 24 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og um 40.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 24 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE AUTHORIZED CENTER SELECT — PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Úrvalsnám og -námskeið

### Stafræn ljósmyndun og myndbönd
- Stafræn ljósmyndun ........ 13 st./16.900
- Stafræn myndbandagerð ........ 13 st./18.900
- Ljósmyndavinnsla með Picasa ..... 9 st./12.900
- Photoshop Elements ........ 13 st./18.900

### Excel námskeið
- Excel I: Almennt nám ........ 22 st./26.900
- Excel IIa: Sérhæft nám ........ 18 st./32.900
- Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk.. 18 st./39.900
- Excel IIc: Fjölvar og forritun ........ 27 st./49.900
- Pivottöflur í Excel ........ 5 st./12.900

### Stjórnun, sparnaður & skipulagning
- PRINCE2 verkefnastjórnun ........ 13 st./34.900
- Project verkefnastjórnun ........ 22 st./39.900
- Hugarkort - MindMaps ........ 4 st./9.900
- Tímastjórnun með Outlook ........ 4 st./9.900
- Betri tímastjórnun ........ 9 st./16.900
- Sparnaður í tölvumálum ........ 18 st./59.900

### PowerPoint, Word og Publisher
- PowerPoint I: Almennt nám ........ 13 st./16.900
- PowerPoint II: Sérhæft nám ........ 9 st./14.900
- PowerPoint I + II ........ 22 st./25.900
- Publisher: Bæklingar,kort ofl. ..... 13 st./21.900
- Word I: Almenn ritvinnsla ........ 22 st./26.900
- Word II: Kraftmikil ritvinnsla ........ 18 st./26.900
- Vinnsla langra skjala í Word ........ 13 st./18.900
- Dreifibréf og markpóstur í Word ..... 4 st./8.900

### DreamWeaver, Photoshop & Flash
- DreamWeaver vefsíðugerð ........ 27 st./32.900
- DreamWeaver og Photoshop ........ 54 st./54.900
- DreamW., Photoshop og Flash .... 72 st./76.900
- Flash I: Margmiðlun ........ 18 st./27.900
- Flash II: Action Script forritun .... 18 st./27.900
- Flash I + II ........ 36 st./49.900
- Photoshop: Ljósm. og grafík ........ 27 st./32.900
- Photoshop II: Framhald ........ 18 st./32.900

### Forritun, SQL og Access
- ASP .NET vefforritun ........ 36 st./79.900
- SQL grunnur ........ 13 st./26.900
- Access I: Almennt nám ........ 22 st./29.900
- Access II: Sérhæft nám ........ 18 st./34.900

### Outlook og Internetið
- Outlook I: Póstur, dagbók ofl. ..... 13 st./18.900
- Outlook II: Fyrir lengra komna ..... 9 st./14.900
- Internetið og tölvupóstur ........ 9 st./14.900
- Kvöldstund með Facebook ........ 4 st./6.900

### Gagnleg námskeið
- Fingrasetning - tölvuvélritun ........ 6 st./7.500
- Windows fyrir byrjendur ........ 9 st./11.900



### Hagnýtt bókhaldsnám
Morgunnám hefst 16. apríl

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



### Hagnýtt bókhaldsnám II
Kvöldnám hefst 12. apríl

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



### Tölvunám fyrir 50+
Dag- og kvöldnám hefst 12. apríl

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3




### Flash I og Action Script
Síðdegisnám hefst 13. apríl

Lærðu að gera lifandi vefi og vinna myndir með verkfærum sem fagmennirnir nota. Stutt og hnitmiðað nám þar sem kennt er að búa til lifandi auglýsingar og vefi með hreyfimyndum, gagnvirkni og sjálfvirkni. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér.

Verð: 49.900 Stundir/einingar: 36/2



### Photoshop Elements
Kvöldnám hefst 13. apríl

Frábært nám fyrir þá sem vilja gera góðar ljósmyndir ennþá betri með Photoshop Elements. Lagfærðu og breyttu myndum, flokkaðu þær, prentaðu og settu þær á vefinn.

Frábært framhald fyrir þá sem kunna á Picasa.

Verð: 18.900 Stundir: 13



### Stafræn ljósmyndun
Dag-, síðdegis eða kvöldnám

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 16.900 Stundir: 13




### DreamWeaver vefsíðugerð
Dagnám hefst 12. apríl

Lærðu á vinsælasta forritið til þess að búa til nútímalegar, kraftmiklar og upplýsandi vefsíður með grafík, valmyndum, hnöppum og CSS sniðsíðum sem auðvelda vefsíðugerðina. Ítarlegt og gagnlegt námskeið sem kemur þér af stað við vefsíðugerðina.

Verð: 32.900 Stundir/einingar: 27/1




### Photoshop nám
Dagnám hefst 26. apríl

Bókaðu þig núna á kraftmikið og skemmtilegt nám um Photoshop sem hentar jafnt áhugamönnum og þeim sem starfa, eða vilja starfa, við grafíska hönnun, vefhönnun eða ljósmyndun. Veldu önnur námskeið með þessu og fáðu afslátt!

Verð: 32.900 Stundir/einingar: 27/1



### Vefsíðugerð - grunnur
Dagnám hefst 12. apríl

Bókaðu þig núna á skemmtilegt nám um vefsíðugerð og lærðu grunnatriði vefsíðugerðar með DreamWeaver og Photoshop. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér og bæta við sig öðrum áföngum til að dýpka þekkinguna á vefsíðugerð.

Verð: 54.900 Stundir/einingar: 54/2

Morgunn: 9:00-12:00 - dagur: 13:00-16:00 - síðdegi: 16:15-19:15 - kvöld: 19:30-22:30 - stund = 40 mín - eining = ígildi einnar námseiningar í framhaldsskóla

## Gott að vita!
- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnumálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæð lán og greiðsluskilmálar.

www.tv.is

## Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is

## Einka- og hópkennsla
Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.
Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvaða reynslubolti vinnur að breiðskífu með Megasi og Gylfa Ægis?*

**2** *Hvað hefur sjávarútvegsráðherra úthlutað miklu af skötuseli í viðbótarkvóta?*

**3** *Hver er þjálfari meistaraflokks karla hjá Gróttu í handknattleik?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Hernaðarfyrirtækið E.C.A. Program óskaði upphaflega eftir aðstöðu á Labrador:

# Stjórnsýslan í Kanada þótti of þung í vöfum

**SUÐURNES** Áður en E.C.A. Program óskaði eftir að skrá vopnlausar orrustuþotur hér á landi og fá aðstöðu fyrir viðhalds- og þjónustustöð á Keflavíkurvelli hafði fyrirtækið árangurslaust átt í viðræðum við Kanadastjórn um aðstöðu á Labrador.

Blaðið The Telegram í St. John's á Nýfundnalandi fjallaði um E.C.A. Program fyrir skömmu. Þar segir Melville ten Cate, forstjóri E.C.A., að stjórnsýslan í Kanada hafi verið þung í vöfum og þess vegna hafi fyrirtækið hætt við áformin. E.C.A. hafði hug á að nýta flugskýli þýska flughersins í herstöð á Goose Bay.

Dean Johnson, talsmaður varnarmálaráðuneytisins í Kanada, segir að stjórnvöld hafi gengið eins langt og hægt var til að aðstoða E.C.A. en það hafi haft áhrif að kanadísk stjórnvöld höfðu samið við annað einkafyrirtæki um svipaða herþjálfun og E.C.A hyggst bjóða. Því var ekki eftirspurn eftir þjónustunni í Kanada. Vegna áforma um að þjálfa erlenda heri í öðrum löndum hafi E.C.A. verið bent á að finna annað land til þess að bera ábyrgð á rekstri flugvélanna.

Ten Cate segir að fyrirtækið hafi þá og nú haft trygga fjármögnun frá fjárfestingarbanka í New York. Ekki hafi verið sóst eftir fjárhagslegri fyrirgreiðslu frá stjórnvöldum í Kanada. **- pg**



**FLUGVÉL E.C.A.** Fulltrúar fyrirtækisins vildu aðstöðu í flugskýli þýska hersins í Goose Bay á Labrador.

Forseti Afganistans í kreppu:

## Hótar að ganga yfir til talibana

**AFGANISTAN, AP** Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur hótað að ganga til liðs við talibanahreyfinguna og segja skilið við stjórnmál losni hann ekki við utanaðkomandi þrýsting um að útrýma spillingu úr stjórn sinni.



**HAMID KARZAI**

Karzai sagði þetta á lokuðum fundi með hópi afganskra þingmanna á laugardag.

„Hann sagði að uppreisnin myndi þá breytast í andspyrnu," segir Farooq Marenai, einn þingmannanna. Marenai sagði Karzai hafa verið taugaóstyrkan á fundinum. **- gb**

Rannsókn á hegðun aldraðra:

## Félagsfærni eykst með aldri

**WASHINGTON, AP Félagsfærni og viska kemur með aldrinum samkvæmt niðurstöðum nýlegrar rannsóknar á vegum Háskólans í Michigan.**

**Niðurstöðurnar gefa til kynna að eldra fólk eigi auðveldara með að útkljá deilumál, átta sig á því að gildi séu ólík, gera sér grein fyrir óvissuþáttum og að taka skoðanir annarra til greina. Þetta virðist eiga við burtséð frá menntun, þjóðfélagsstöðu og greindarvísitölu.**

**„Þótt eldra fólk sé ekki endilega með nýjustu tæknikunnáttu á hreinu þá benda niðurstöðurnar til þess að það geti frekar greint og leyst félagsleg vandamál," segir Richard E. Nisbett sem stýrði rannsókninni. - ve**



**FJÁRLAGAVINNA** Fyrir þingmönnum liggur að stoppa í fimmtíu milljarða gat á fjárlögum ársins 2011. Ná á frumjöfnuði það ár, það er jöfnuði án vaxtatekna og -gjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

# Brúa þarf fimmtíu milljarða bil 2011

**Unnið er að tillögum í ráðuneytum um niðurskurð fyrir árið 2011. Farið verður eftir sömu viðmiðum og í ár. Sameiningar stofnana mun sjá stað og stefnt er að því að viðhalda atvinnustigi. Halli ríkissjóðs fjármagnaður innanlands.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig munu fjárlögin 2011 líta út?

Samkvæmt áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum, fyrir árin 2009 til 2013, er ætlunin að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs árið 2013 og skila afgangi á rekstri hans. Til þess þarf miklar tilfæringar í ríkisrekstri og hófust þær strax á þessu ári, en þá var stefnt að um 100 milljarða króna bata í rekstri. Á næsta ári skal sú upphæð nema 50 milljörðum króna.

Ætlunin er að ná frumjöfnuði á árinu 2011, en þá er átt við tekjur og gjöld án vaxtatekna og -gjalda. Vaxtagjöld ríkissjóðs eru gríðarlega há um þessar mundir, nema 80 til 90 milljörðum árlega. Ljóst er því að enginn hagræðarleikur verður að ná fram 50 milljarða króna bata á næsta ári.

### Halli fjármagnaður innanlands

Skuldasöfnun ríkisins hefur verið mikil, sem sést best á vaxtagreiðslum. Þær skuldir eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða erlendar skuldir, lán frá Norðurlöndum, Póllandi og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, svo dæmi séu nefnd. Þau lán eru eingöngu til þess að efla gjaldeyrisforða landsins, ekki til fjármögnunar.

Hallinn á ríkissjóði er hins vegar að fullu fjármagnaður innanlands. Ríkið hefur haldið skuldabréfaútboð á hálfsmánaðarfresti og hafa tíu til þrjátíu milljarðar safnast í hvert skipti. Boðnir eru út ríkisvíxlar og ríkisverðbréf til lengri tíma. Þau eru enn óverðtryggð, en það mun breytast.

Áætlun um skuldastýringu hefur haldið og tekist hefur að fjármagna hallann með innlendum lánum.

### Sömu viðmið

Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir að í grundvallaratriðum verði notast við sömu viðmið í fjárlögum 2011 og í ár. Meginviðmiðin verði að standa vörð um grunnþjónustuna og að meginviðmið um velferðar- og menntamál hafi ákveðinn forgang. Vegna breyttra aðstæðna geti þó ýmislegt breyst í áætluninni. Samdrátturinn á árinu 2009 var ekki jafnmikill og gert var ráð fyrir, en engu að síður er miðað við 50 milljarða gat.

„Í fyrra voru atvinnumálin tekin nokkuð niður og verklegar framkvæmdir og það er náttúrulega ekki hægt að ganga endalaust í þær. Atvinnupólitísk sjónarmið munu koma sterkt inn, að halda uppi atvinnustiginu. Þar skipta framkvæmdir ríkisins verulegu máli."

### Sameining stofnana

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lýsti því yfir í ræðu á laugardag að hún teldi raunsætt markmið að fækka ríkisstofnun um 30 til 40 prósent á næstu tveimur til þremur árum. Þær eru í dag 200 og því er gert ráð fyrir fækkun um 60 til 80 stofnanir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun þess sjást stað strax í fjárlögunum að einhverju leyti. Ýmislegt hefur þegar verið gert hvað varðar dómstóla og skattstofur, svo eitthvað sé nefnt og fleira er væntanlegt á næstu dögum. Þar má nefna sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits og skráarstofnana dómsmálaráðuneytisins.

Samdóma álit heimildarmanna blaðsins er að sameiningu ráðuneyta þurfi fyrir næstu lotu. Ýmsar stofnanir eru þvert á ráðuneytin og til þeirra er horft. Landhelgisgæslan, flugumferðarstjórn, þættir í hafnarmálum og ýmsar skráarstofnanir eru nefndar í því samhengi.

### Þröngt sniðinn stakkur

Í hverju ráðuneyti fyrir sig er nú unnið að gröfum tillögum um niðurskurð. Vissulega er þar, eins og oftar, að hverjum þykir sinn fugl fagur og ráðherrar berjast fyrir sínum málaflokki. Engu að síður er skilningur á því að skera verði niður.

Stjórnarflokkarnir hafa skipað nefnd, skipaða fjórum fulltrúum hvors flokks, undir forystu Guðbjarts Hannessonar, formanns fjárlaganefndar. Hún heldur utan um vinnuna.

Ljóst er að ekki verður sama hagræðingarkrafa gerð á öll ráðuneyti, frekar en í ár, enda aðstæður mismunandi. Menn nefna til dæmis að mikill niðurskurður verði ekki í heilbrigðisráðuneytinu án þess að fara í róttækar breytingar á kerfinu. Það verði ekki hrist fram úr erminni í fjárlagavinnu.

Samkvæmt stöðugleikasáttmálanum mega skattahækkanir aðeins standa undir 45 prósentum af gatinu og því er ráðuneytunum þröngur stakkur sniðinn. Reyna mun á samstöðu stjórnarflokkanna í þeirri vinnu, en reikna má með fullmótuðum tillögum í ágúst.

**kolbeinn@frettabladid.is**






SUZUKI

Way of Life!

# STAÐFEST.

# ÍSLENDINGAR ERU SKYNSAMIR!

**Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009**

**SUZUKI GRAND VITARA**

**Verð frá kr. 4.520.000**




**Söluhæsti fólksbílinn á Íslandi árið 2009**

**SUZUKI SWIFT**

**Verð frá kr. 2.690.000**






## Til hamingju Suzuki eigendur!

**2009 var staðfest að**
**Suzuki bílar eru ódýrastir í rekstri.**

Þetta var niðurstaða breska bílatryggingafélagsins Warranty Direct sem greint var frá í frétt á mbl.is 24.8.2009. Tekið var tillit til allra helstu þátta í rekstri bíls, þ.e. eldsneytiseyðslu, viðgerðarkostnaðar o.fl.. Meðalbíllinn fékk 112 stig skv. þessari könnun.

**Suzuki er í fyrsta sæti og fékk 31,13 stig!!!**
(Mazda fékk 53,5 stig, Toyota 56,22 stig og Land Rover rak lestina með 213,73 stig.)

**SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

**TRAUST UMBOÐ Í 40 ÁR**

SUZUKI

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf Mar. 2010



**BEINAGRIND HAFMEYJUNNAR** Starfsmenn Náttúrusögusafnsins í Kaupmannahöfn brugðu á leik 1. apríl og stilltu þessari hafmeyjubeinagrind upp á staðnum þar sem hafmeyjan fræga er vön að sitja. Hún er nú í Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Verkefnisstjórn úthlutar fjármunum til eflingar þjónustu í heimabyggð:

# Áttatíu milljónir til veikra barna

**FÉLAGSMÁL** Verkefnisstjórn félags- og tryggingamálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur ákveðið að úthluta 80 milljónum króna til verkefna sem ætlað er að efla þjónustu í heimabyggð við langveik börn og börn með athyglisbrest og ofvirkni. Fjárhæðinni var úthlutað til fjölbreyttra verkefna um allt land.

Alls bárust áttatíu umsóknir frá þrjátíu sveitarfélögum, samtökum sveitarfélaga og skólaskrifstofum. Var sótt um rúmlega 287 milljónir króna. Við mat á umsóknum lagði verkefnisstjórnin áherslu á að úthlutun nýtist börnum og fjölskyldum þeirra sem best og að jafnframt sé stuðlað að samvinnu þeirra aðila sem að málaflokknum koma.

Langflestar umsóknir voru til verkefna sem varða þjónustu við börn með ofvirkni og athyglisbrest en umsóknir um verkefni sem mæta þörfum langveikra barna voru tiltölulega fáar. Öll verkefni sem tengjast langveikum börnum hljóta styrk. Verkefni vegna barna með ofvirkni og athyglisbrest fá hins vegar ekki öll úthlutun og yfirleitt aðeins hluta af þeirri fjárhæð sem sótt var um. - jss



**BARNASPÍTALINN** Styrkjunum er meðal annars ætlað að efla þjónustu við langveik börn í heimabyggð.

Frjálslyndi flokkurinn:

# Auglýsingar Ólafs F. brjóta lög

**STJÓRNMÁL** Frjálslyndi flokkurinn hefur sent kvörtun til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins vegna auglýsinga H-lista í Fréttablaðinu. Ólafur F. Magnússon stendur að listanum, en Borgarmálafélag F-lista er skráð fyrir auglýsingunum.

Í bréfi Sigurjóns Þórðarsonar, formanns Frjálslynda flokksins, segir að F-listi sé skráð og upplýst auðkenni Frjálslynda flokksins, sem bjóði fram í Reykjavík í vor. Auglýsingar samræmist því ekki lögum um kosningar. - kóp

Discovery skotið á loft:

# Geimfararnir allir konur

**BANDARÍKIN** **Geimferðastofnun Bandaríkjanna, Nasa, skaut geimflauginni Discovery á loft frá Canaveral-höfða í Flórída í gær. Um borð eru þrír geimfarar sem í fyrsta skipti í sögunni eru allir konur.**

**Geimflaugin flytur vistir og tækjabúnað í alþjóðlegu geimstöðina. Stöðin þarfnast viðgerða og eru þrjár geimgöngur áætlaðar til þess. Þetta er í síðasta sinn sem þessari tegund geimflauga er skotið á loft en þær verða teknar úr notkun síðar á þessu ári. Enn er ekki ljóst hvað kemur í þeirra stað. Von er á því að Barack Obama Bandaríkjaforseti geri grein fyrir frekari áætlunum Nasa innan skamms en hann ákvað nýlega að hætta við ferðir til tunglsins árið 2020.** - ve

Ekki búist við að iPad-tölvurnar komi í verslanir hér á landi fyrr en seint á árinu:

# Apple seldi 300 þúsund tölvur fyrsta daginn

**TÆKNI** Apple seldi 300 þúsund iPad-tölvur á laugardaginn þegar þær komu fyrst á markað.

„Ég reikna með að fyrstu iPad-tölvurnar skili sér hingað eftir páska með ferðalöngum sem hafa keypt þær úti. Við teljum okkur góð ef við fáum tölvurnar í verslunina fyrir jól,“ segir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Apple-umboðsins á Íslandi.

Áhugafólk um tölvur og tækni hefur beðið með eftirvæntingu eftir iPad-tölvunni frá Apple, eða allt frá því Steve Jobs, forstjóri fyrirtækisins, kynnti hana til sögunnar seint í janúar á þessu ári. Forsala hófst um miðjan mars og bárust fimmtíu þúsund pantanir á fyrstu tveimur tímunum. Á laugardaginn seldi fyrirtækið síðan um 300 þúsund tölvur sem er svipað og sérfræðingar höfðu spáð. Toni Sacconiaghi, sérfræðingur um tækni hjá bandaríska verðbréfafyrirtækinu Sanford C. Bernsetin & Co, spáir því að Apple muni selja fimm milljónir iPad-tölva fyrsta árið.



**IPAD-TÖLVAN** Þrjár gerðir af iPad-tölvum koma á markað í dag. Sú minnsta er með sextán gígabæta hörðum diski en sú stærsta með 64 gígabæta diski. Hún er með 1 Gz Apple örgjörva, um kíló að þyngd og sentimetri á þykkt. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bjarni segir það fara eftir eftirspurninni ytra hversu lengi landinn þurfi að bíða eftir tölvunni. Verði hún umfram væntingar megi búast við að landnám hennar hér frestist frekar. Málið strandar á lyklaborði tölvunnar sem er gert hjá Apple úti. „Það er búið að gera þrjú lyklaborð, bandarískt, enskt og spænskt. Svo tínast önnur tungumál inn hægt og bítandi. Íslenska lyklaborðið er mjög aftarlega í röðinni hjá Apple,“ bendir hann á.

Bjarni segir iPad-tölvurnar verða flokkaðar með hefðbundnum tölvum. Við erlenda verðið bætist innflutningsgjald og virðisaukaskattur. Miðað við núverandi gengi Bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni má ætla að iPad-tölva með staðarnettengingu (Wi-Fi) muni kosta hingað komin frá um hundrað þúsund krónum til tæpra 140 þúsund. Þær sem tengst geta 3G háhraðaneti og koma á markað í enda mánaðar eru dýrari, eða frá rúmum 120 þúsundum til 160 þúsunda króna. - jab





Tæknilegt forskot og fagmannleg þjónusta

Þú getur treyst því að við gerum betur við Audi

Elías og félagar eru fagmenn fram í fingurgóma þegar kemur að þjónustu við Audi eigendur. Þeir vita að sá hópur er sérstaklega kröfuharður og sættir sig aðeins við lipra, skjóta og fagmannlega þjónustu sem hæfir þessum þýsku gæðabílum.

100% þjónustulán án vaxta | Val um upprunalega eða ódýrari varahluti | Sérstök hraðþjónusta í boði | Ókeypis forgreining

Reynslan er góð!

HEKLA

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

Heitum kolum hellt á jörðina:

# Bruni við sumarhús á Mýrum

**LÖGREGLUMÁL Sinueldur kviknaði skammt frá sumarhúsi við Langá á Mýrum í Borgarfirði um helgina. Eldurinn kviknaði eftir að fólk sem dvalið hafði í bústaðnum hellti kolum á jörðina áður en það yfirgaf svæðið.**

**Ungmenni sem voru á ferð á staðnum hringdu í slökkviliðið sem kom á staðinn og slökkti eldinn.**

**Annars var töluvert um sinubruna í Borgarfirðinum um helgina þar sem bændur höfðu fengið leyfi til slíks.** - th

Gjald sem lagt var á fólk með ónýttar yfirdráttarheimildir:

# Íslandsbanki afnemur heimildargjald

**BANKAR** Íslandsbanki hefur ákveðið að afnema heimildargjald, einnig þekkt sem viðskiptagjald, af yfirdráttarreikningum viðskiptavina sinna. Ákvörðunin tók gildi 21. mars.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu 4. mars innheimtu allir stóru bankarnir þrír slíkt gjald, milli þrjú og fimm prósent. Almenna reglan var sú að gjaldið borgaði fólk sem ekki var í sérstakri vildarþjónustu hjá bönkunum og var með yfirdráttarheimildir sem ekki voru nýttar.

Bankarnir hafa sagt gjaldið innheimt í undantekningartilfellum; flestir viðskiptavinir séu í þess háttar viðskiptum, til dæmis náms-, eða gullvild, að þeir greiði það ekki. Gjaldið hafi verið algengara í gamla daga.

Í tilkynningu frá Íslandsbanka segir að það sé liður í endurskoðun gjaldskrár bankans að fella gjaldið niður.

Eftir því sem næst verður komist hefur Landsbankinn það líka á stefnuskránni að afnema heimildargjaldið.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, hefur lýst heimildargjaldi bankanna hér í blaðinu. Hann segir að það sé „út í hött að taka vexti af einhverju sem ekki er notað“. - kóþ


Bankarnir rukka fólk fyrir ónýttar yfirdráttarheimildir

**FRÉTTABLAÐIÐ 4. MARS** Það kom mörgum á óvart að heimildargjald væri innheimt, þegar Fréttablaðið greindi frá því, jafnvel innan bankanna sjálfra.

Ungur maður rauf skilorð:

# Braust inn í fjölmarga bíla

**DÓMSMÁL** Ungur maður hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að brjótast, eða reyna að brjótast, inn í tugi bifreiða á Selfossi til að stela þar verðmætum.

Maðurinn var sextán og sautján ára þegar hann braust inn í bílana. Hann mætti fyrir dóminn við þingfestingu málsins og játaði skýlaust sök. Hann gaf þá skýringu að sig hefði vantað peninga.

Maðurinn á sakaferil að baki. Með þessum brotum nú rauf hann skilorð. Dómurinn taldi að með hliðsjón af ungum aldri hans og áætlanir hans um að nýta meðferðarúrræði skyldi skilorðsbinda dóminn. - jss

Grunur um íkveikju:

# Þrjú útköll vegna sinuelda

**LÖGREGLUMÁL Slökkviliðið var þrisvar sinnum kallað út aðfaranótt mánudags vegna sinuelda. Þess fyrsta varð vart við Garðakirkju um hálftólf, annars við Hlíðaberg í Hafnarfirði um hálffjögur og þess þriðja á svipuðum slóðum klukkustund síðar. Um minni háttar elda var að ræða og gekk slökkvistarf greiðlega.**

**Talsvert frost var á þessum slóðum og telur talsmaður Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu líklegt að kveikt hafi verið í.** - ve

Stuðlað að Evrópuþekkingu:

# Tveir háskólanemar fá styrk

**SKÓLAMÁL** Tveir háskólanemar hafa fengið styrki til að vinna við verkefni sem talin eru auka fræðilega og hagnýta þekkingu á Evrópumálum. Styrkirnir eru vegna lokaverkefna til meistaraprófs við Háskóla Íslands, en þá veittu Samtök iðnaðarins og Alþjóðamálastofnun Háskólans.

„Styrkupphæðin miðast við úthlutun Nýsköpunarsjóðs námsmanna til þriggja mánaða,“ segir í tilkynningu.

Styrkina hlutu Inga Dís Richter fyrir verkefni um dreifbýlisþróunarstefnu Evrópusambandsins og Jón Kristinn Ragnarsson fyrir verkefni sitt um tölvuógnir og tölvuvernd. - óká









# skoðun

greinar@frettabladid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skrýtin betrun strætós

Í Grænu skrefunum, umhverfisátaki borgaryfirvalda, er kveðið á um Miklu betri strætó. Þar speglast sú áhersla sem leggja átti á þann samgöngumáta og Jórunn Frímannsdóttir, stjórnarformaður Strætós, lýsti svo á bloggi sínu: „Við vinnum þó auðvitað stöðugt að því að bæta þjónustuna og gera betur og munu notendur sjá mörg framfaraskref tekin á næstu mánuðum.“ Sumir ráku því upp stór augu þegar fréttist að vagnarnir myndu ekki ganga föstudaginn langa og páskadag og frábáðu sér fleiri framfaraskref sem gera strætó verri, en ekki betri.



### RÚV í vanda?

Margboðað myndband Wikileaks af drápum bandaríska hersins á saklausum borgurum, þar með talið tveimur fréttamönnum Reuters, í Írak, var birt í gær. Myndbandið er sláandi og ekki fyrir viðkvæma. Athygli vekur að í lok þess birtast nöfn nokkurra Íslendinga sem unnu að því og í blálokin eru Ríkisútvarpinu færðar þakkir fyrir veitta aðstoð. Það er spurning hvort RÚV lendir í vandræðum gagnvart bandaríska hernum, sem trauðla er mjög sáttur við birtingu myndbandsins.



### Hver þarf óvini?

Heimildarmyndin um vini Bobby Fischers, sem RÚV sýndi um páskana, var hin áhugaverðasta. Hún skildi mann þó eftir með þá tilfinningu að sennilega þyrfti Fischer ekki á óvinum að halda, þótt hann ætti þá næga, með slíka vini. Hver á fætur öðrum upplýstu þeir um drauma sína til framdráttar sínum málstað með aðstoð Fischers og áhorfandinn fékk á tilfinninguna að þar væri ástæðan fyrir hjálpinni komin. Sæmi rokk stóð einn upp úr með fölskvalausa vináttu sína.

**kolbeinn@frettabladid.is**

Vegtollar hafa ýmsa kosti en útfærslan er flókin.

# Greitt eftir notkun

Hugmyndir um að leggja á vegtolla til að fjármagna samgönguframkvæmdir koma nú upp enn á ný, að þessu sinni í tillögum starfshóps á vegum samgönguráðherra. Rætt er um að lífeyrissjóðirnir láni til stórframkvæmda í samgöngukerfinu, til dæmis tvöföldunar Suðurlands- og Vesturlandsvegar, og vegtollarnir standi undir endurgreiðslum.

Þessi leið við fjármögnun samgönguframkvæmda hefur marga kosti. Hún tryggir að þeir, sem nota samgöngumannvirkin mest, borga mest, í stað þess að kostnaðinum sé dreift á alla skattgreiðendur, jafnvel þá sem eiga ekki bíl. Margir myndu eflaust sætta sig við að greiða hóflegt gjald fyrir styttri ferðatíma og meira öryggi, í stað þess að bíða í mörg ár eftir framkvæmdinni. Hægt er að útfæra gjaldtökuna þannig að þeir sem taka mest pláss á vegunum og slíta þeim mest, til dæmis fellihýsaeigendur og flutningafyrirtæki sem reka risatrukka, borgi meira en aðrir. Einn möguleiki er að stýra umferð með gjaldtöku; hafa lægra gjald þegar umferð er lítil en hærra á álagstíma og dreifa þannig álaginu.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Hins vegar eru líka ýmsir ókostir við álagningu veggjalds og útfærslan getur verið flókin.

Hugmyndin kemur til dæmis oftast upp í tengslum við framkvæmdir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Af hverju ætti að fjármagna slíkar framkvæmdir með vegtollum en ekki aðrar dýrar framkvæmdir, til dæmis Héðinsfjarðar- eða Vaðlaheiðargöng? Treystir Kristján Möller, samgönguráðherra og þingmaður Norðausturkjördæmis, sér til að stinga upp á því?

Víða þar sem veggjöld eru innheimt, er lagt upp úr því að ökumenn eigi annan, gjaldfrjálsan kost ef þeir vilja ekki borga veggjaldið. Í Frakklandi eiga menn til dæmis oftast val um sveitaveginn ef þeir vilja ekki borga sig inn á hraðbrautina. Sama á við um eina staðinn á Íslandi þar sem vegtollur er innheimtur, Hvalfjarðargöngin. Ef innheimt verður veggjald á öllum aðalleiðum inn í Reykjavík, er ákveðin hætta á að búið verði að reisa tollamúr í kringum höfuðborgarsvæðið.

Slík leið er raunar farin í ýmsum borgum til að draga úr umferðaröngþveiti og hvetja fólk til að koma fremur inn í miðborgirnar með almenningssamgöngum. En sú röksemd á ekki við um gjaldtöku á útjöðrum höfuðborgarsvæðisins.

Önnur, mikilvæg röksemd gegn vegtollum er að bíleigendur á Íslandi séu einfaldlega svo skattpíndir nú þegar – og sú skattlagning á bíla og eldsneyti hefur m.a. verið réttlætt með vísan til viðhalds og endurnýjunar vegakerfisins – að ekki verði meiri byrðar lagðar á þá.

Árni Þór Sigurðsson, einn nefndarmanna í nefnd samgönguráðherra, nefnir raunar í Fréttablaðinu í dag að með tíð og tíma geti vegtollar komið í stað benzín- og olíugjalda; bílar verði búnir gps-kubbum og rukkað eftir notkun á samgöngumannvirkjunum, hvenær menn eru á ferðinni og svo framvegis.

Slíkt kerfi gæti verið framtíðin, en þá með afar sterkum fyrirvörum um persónuvernd. Því að þótt þægilegt sé að geta fylgzt með bílaumferð til að rukka fólk, kemur ríkisvaldinu auðvitað ekkert við hvert menn leggja leið sína á vegum landsins.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Við viljum

H-lista í vor

Heiðarleika í stað spillingar

Halda flugvellinum og orkulindunum

Hafna óréttlæti fjórflokksins

Borgarmálafélag F-lista


HALLDÓR




# Doði í Reykjavík

Atvinnumál




Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi


Atvinnuleysi er mikið í Reykjavíkurborg, tæplega 7000 manns eru án vinnu. Reykjavíkurborg ber ríka ábyrgð á tímum mikils atvinnuleysis og þá ábyrgð eru stjórnmálahreyfingar mistilbúnar að axla. Atvinnumálin draga fram skýran mun á ábyrgri jafnaðarstefnu og aðgerðarlausri frjálshyggju. Við segjum: Aðgerðir strax. Frjálshyggjan segir: Bíðum og látum markaðinn um þetta.

Sú bið gæti orðið okkur dýrkeypt. Hver mánuður í atvinnuleysi er samfélagslegt tjón. Atvinna er stærsta velferðarmálið og við verðum að koma sem flestum vinnandi höndum til verka. Strax eftir hrun lagði Samfylkingin fram tillögu um nýja atvinnustefnu fyrir Reykjavík. Hún náði yfir svið ferðamennsku, heilsu, lista og menningar, kvikmyndagerðar, tónlistar, orkumála, skólamála, verslunar, þekkingar og þjónustu. Samfylkingin hefur ítrekað lagt til átak í bráðnauðsynlegum viðhaldsverkefnum til að örva atvinnustig, nýtingu á tómu húsnæði í þágu nýsköpunar, eflingu skapandi greina með stuðningi við vísindagarða og að borgin einfaldi regluverk sitt svo auðveldara sé að stofna og reka fyrirtæki.

Samfylkingin hefur lagt til að borgin endurreisi Aflvaka, þróunar- og nýsköpunarfélag í atvinnumálum til beinnar markaðssetningar á tækifærum borgarinnar. Flestar þessara tillagna eru óafgreiddar og í frestun. Lítið hefur gerst, því miður. Og atvinnuleysið eykst. Á vettvangi Atvinnumálahóps hefur verið ráðist í margar jákvæðar aðgerðir til að vinna gegn neikvæðum afleiðingum atvinnuleysis, með úthlutun fjármagns til að ráða atvinnuleitendur inn á svið borgarinnar. Líklegt er að hægt sé að ráða um 200 manns inn til borgarinnar í skamman tíma – svo betur má ef duga skal. Hvenær ætlar borgin að móta sér alvöru, öfluga atvinnustefnu? Sami frjálshyggjudoðinn og kom okkur í hrunið má ekki einkenna viðbrögð Reykjavíkurborgar við kreppunni.

Mörgum finnst sem friður sé kominn á í Ráðhúsi Reykjavíkur eftir mesta niðurlægingartímabil í sögu borgarstjórnar þar sem valdabrölt manna náði nýjum lægðum og borgarstjórastóllinn var settur á uppboð. En friður er ekki það sama og doði. Og Reykvíkingar þurfa ekki á doðanum að halda, Reykvíkingar þurfa á aðgerðum að halda.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Vegtollar

## Í DAG



**Sverrir Jakobsson**
sagnfræðingur

Á Íslandi hefur verið sæmileg sátt um að það sé verkefni hins opinbera að tryggja góðar samgöngur í landinu. Raunar eru samgöngur eitt þeirra opinberu verkefna sem minnstur styrr stendur um þar sem aðhaldssamir frjálshyggjumenn hafa iðulega stutt samgönguframkvæmdir til að tryggja verktökum verkefni. Þessi misserin er svigrúm í opinberum rekstri hins vegar lítið og það kemur niður á vegaframkvæmdum eins og öðru. Núna eru uppi hugmyndir að breyta þessu með einkaframkvæmd til að breikka Suðurlandsveg og Vesturlandsveg. Slík framkvæmd verður kostnaðarsöm en í samgönguráðuneytinu hafa menn þjóðráð við því, að velta kostnaðinum yfir á vegfarendur í formi vegtolla.

Þessi hugmynd er vafalaust ekki langt komin á veg en þó hafa þegar orðið umræður um þetta á Alþingi og sýnist sitt hverjum. Það er ekki nema von enda væri um grundvallarstefnubreytingu í vegamálum að ræða. Vissulega hafa áður verið teknir upp vegtollar á Íslandi og eru Hvalfjarðargöng dæmi um það. Göngin undir Hvalfjörð eru þó ekki sambærileg við það sem hér er verið að ræða. Í fyrsta lagi þá er vegfarendum norður á land valfrjálst að nota göngin og greiða tollinn þar sem þeim er einnig mögulegt að keyra á ágætum vegi fyrir Hvalfjörðinn. Í öðru lagi þá var vegurinn í gegnum þau nýframkvæmd en svo er ekki um fyrirhugaða breikkun á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Þar eru á ferð ágætir vegir sem hafa dugað vegfarendum vel án sérstakra hindrana. Krafan um breikkun veganna kemur einfaldlega til vegna aukinnar bílaeignar landsmanna og vegna meiri umferðarhraða. Ýmsir aðrir möguleikar koma til greina til að tryggja greiðari og meira öryggi á þessum vegum, t.d. að efla almenningssamgöngur sem alvöru valkost við einkabíla eða leggja svo kallaða 2+1 vegi á viðsjárverðum köflum, sem raunar hefur þegar verið gert að einhverju leyti. Það er staðreynd að auknar almenningssamgöngur myndu draga úr þörfinni fyrir tvíbreiðan veg og væru mun ódýrari lausn heldur en einkaframkvæmd með tilheyrandi vegtollum. Það er skylda samgönguráðherra að kanna þann valkost til hlítar áður en farið er í kostnaðarsamar framkvæmdir með upptöku vegtolla.

Það eru því ýmsir vankantar á hugmyndinni um vegtolla en hið versta við hana eru þó hinar dogmatísku forsendur hennar. Það er furðulegur rétttrúnaður að almennar samgöngubætur megi ekki fjármagna með aukinni skattheimtu. Það er kallað álögur á almenning en í raunar borgar almenningur jafnan brúsann.

Það er bara bókhaldsbrella að ætla að spara almenningi brúsann með því að láta lífeyrissjóðina (sameign almennings) stofna félag um verkefnið og leigja síðan ríkinu (annarri sameign almennings) veginn sem orðinn er til.

Að einhverju leyti mætti auðvitað halda því fram að með vegtollum færist kostnaður á notendur. Gallinn er bara sá að sú kostnaðardreifing er ekkert endilega sanngjörn og auðvelt er að rökstyðja að hún leggist of hart á suma miðað við aðra, t.d. á landsbyggðarfólk umfram höfuðborgarbúa. Það virðist líka ansi handahófskennt að taka upp vegtolla á sumum spottum vegna þess að nú er hart í ári á meðan aðrir vegir hafa verið greiddir úr sameiginlegum sjóðum, t.d. tvöföldun Reykjanesbrautar eða Héðinsfjarðargöng.

Á hinn bóginn er grunnhugmyndin á bak vegtolla ekki fráleit ef framkvæmdin væri önnur. Það er staðreynd að samgönguframkvæmdir eru dýrar og þjóðfélagið ber kostnað af því að taka land undir stór samgöngumannvirki. Sérstaklega skiptir þetta máli á höfuðborgarsvæði þar sem drjúgur hluti af verðmætu landi hefur verið lagður undir plássfrek samgöngumannvirki til þess að tryggja greiða umferð einkabíla. Í því ljósi er alls ekki sanngjarnt að bílaeigendur borgi ekkert fyrir malbikið og samgöngumannvirkin sem þeir nota. Sérstaklega í ljósi þess að hár eldsneytiskostnaður og útblástur einkabíla eru bæði alvarlegt efnahagsvandamál og umhverfisvandamál. Það mætti hins vegar leysa með sértækum gjöldum á bíla. Sá skattur ætti auðvitað ekkert síður að koma í veg fyrir rándýrar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Það er staðreynd að lengd bíla hefur áhrif á umferðartafir og þar munar miklu þegar umferðarþunginn er mikill. Þess vegna hafa ýmsar þjóðir (t.d. Japanir) ívilnað þeim sem nota litla bíla með stærðargjaldi á stærri bíla. Það er lausn sem samgönguráðherra ætti að athuga af fullri alvöru.

> Það er staðreynd að auknar almenningssamgöngur myndu draga úr þörfinni fyrir tvíbreiðan veg og væru mun ódýrari lausn heldur en einkaframkvæmd með tilheyrandi vegtollum.

## AF NETINU

### Hvað rímar við páska?

En þegar maður horfir á framferði hinna föllnu góðærisgreifa eins og það var þegar þeir stunduðu tilviljanakennd óðkaup og héldu blygðunarlausar sýningar á eyðslusemi – átu gull – það er að segja átu skít – þá fer ekki hjá því að hvarfli að manni að eitthvað af þessari hegðun hafi verið vakið af einhvers konar sjálfsfyrirlitningu. Einhvers staðar lengst undir niðri hafi blundað djúpt lúthersk sómakennd hins vinnusama og alvörugefna manns sem vissi að hann átti þessa velsæld ekki skilið en átti fremur að vinna hörðum höndum, og þessi djúprætta sómakennd hafi svo brotist fram með svona öfugsnúnum hætti. „Rangfenginn auður líkist þornuðum læk og dynjandi þrumu sem dvínar í regni," segir í Síraksbók Biblíunnar. Maður sem hefur orðið ríkur af að selja sjálfum sér danskt héraðsflugfélag fjórum sinnum veit þetta innst inni, og sjálfshatrið brýst þá fram með undarlegum ærslum og furðulegum færslum: Hann er í háska og fyllist gáska.
Því innst inni veit hann að hans auður – er auður.



**tmm.forlagid.is**

**Guðmundur Andri Thorsson**






## AF NETINU

### Hið heilbrigða þjóðfélag

Engin atvinnustarfsemi hér á landi hefur mátt þola annað eins eftirlit og nektardansstaðir en samt hafa engin mál komið upp sem sýna fram á mansal. Hvað veldur? Trúlega það, að mansalið er að mestu staðleysa úr hugarfylgsnum fólks, sem er með klám og nekt á heilanum og getur ekki litið glaðan dag yfir dónaskap heimsins.



**pressan.is/pressupennar/ Brynjar_Nielsson**

**Brynjar Níelsson**

### Brynjar Níelsson og upprisa holdsins

Ef súludans væri heilbrigð atvinnustarfsemi eins og Brynjar vill meina þá væri væntanlega eðlileg samkeppni milli kynjanna um súlur bæjarins. Þá væri slegist um bestu tímana til þess að dansa, bestu súlurnar, bestu súlustaðina. En það er ekki raunin. Það er hinsvegar staðreynd að karlmenn eru sjaldséðir hrafnar á súlum heimsins. Það er staðreynd að þeir heillast ekki af þeirri atvinnugrein að selja líkama sinn og það er ástæða fyrir því. Raunveruleg ástæða sem snýst hvorki um femínisma eða forræðishyggju! Hún snýst um mannlega reisn, mannréttindi!



**pressan.is/pressupennar/Adsendar_greinar**

**Karen María Jónsdóttir**






*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,*

**Jóhann Eyþórsson**

Lækjarbergi 4, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, fimmtudaginn 8. apríl kl. 15.00.

**Valdís Þorkelsdóttir**
**Anna Jóhannsdóttir** **Jón Örn Brynjarsson**
**Eyþór Kristinn Jóhannsson**
**Kristín Þórey Eyþórsdóttir** **Gísli Þorláksson**
**barnabörn og frændsystkini.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,*

**Vilhjálmur Hálfdánarson**

Klapparstíg 1, Njarðvík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, mánudaginn 29. mars. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, föstudaginn 9. apríl kl. 14.00.

**Bára Jónsdóttir**
**Arnar Vilhjálmsson**
**Hjördís Elísabet Vilhjálmsdóttir** **Vilhjálmur Árni Kjartansson**
**Fannar Vilhjálmsson**
**Andrea Lind Vilhjálmsdóttir**
**Hálfdán Þorgrímsson** **Hjördís Vilhjálmsdóttir**
**Jón Jóhannsson** **Jóhanna Tyrfingsdóttir**
**systkini og makar.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Steinsson**

Gullsmára 5, Kópavogi
áður garðyrkjubóndi í Hveragerði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 24. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 7. apríl kl. 13.00.

**Gunnhildur Ólafsdóttir** **Agnar Árnason**
**Jóhanna Ólafsdóttir** **Pétur Sigurðsson**
**Steinn G. Ólafsson** **Guðrún Sigríður Eiríksdóttir**
**Símon Ólafsson** **Kristrún Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Guðmunda Halldórsdóttir**

Baughúsum 10, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, mánudaginn 29. mars. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 9. apríl kl. 14.

**Magnús Davíð Ingólfsson,**
**börn, tengdabörn og ömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**PAUL RUDD ER 41 ÁRS Í DAG.**

*„Það er eitthvað svo frábært við gullfiska. Þeir eru líka fyrsta gæludýrið sem fólk eignast.“*

***Paul Stephen Rudd er bandarískur leikari og handritshöfundur. Hann er aðallega þekktur sem gamanleikari og lék í myndum á borð við 40 year old Virgin, Anchorman: The Legend of Ron Burgundy, Knocked Up og Clueless. Þá fór hann með hlutverk Mike Hannigan í sjónvarpsþáttaröðinni um Vini.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. APRÍL 1896

## *Fyrstu nútímaleikarnir*



Fyrstu nútíma Ólympíuleikarnir voru haldnir þennan dag árið 1896. Nútímaleikarnir eru byggðir á Ólympíuleikunum fornu sem haldnir voru í Grikklandi í fornöld.
Ólympíuleikarnir eru grískir að uppruna. Elsti skráði sigurvegari þeirra er kokkurinn Kóróbeus frá Elís, sem vann kapphlaup árið 776 fyrir Krist. Almennt er talið að þá hafi leikarnir verið hið minnsta 500 ára.

Árið 1887 hóf baróninn Pierre de Coubertin baráttu sína fyrir endurvakningu Ólympíuleikanna. Á alþjóðaráðstefnu 1894 var ákveðið að hrinda hugmynd hans í framkvæmd og Alþjóða Ólympíuráðið var stofnað. Fyrstu Ólympíuleikar nútímans voru síðan haldnir í Aþenu 1896 með þátttöku 300 keppenda frá 13 þjóðlöndum.

VERND – FANGAHJÁLP: HELDUR UPP Á AFMÆLIÐ Á GRAND HÓTELI Á FIMMTUDAG

# Föngum hjálpað í fimmtíu ár

Hálf öld er liðin frá því að félagasamtökin Vernd – fangahjálp hófu starfsemi, en þau voru stofnuð árið áður, 19. október 1959. Samtökin höfðu frá fyrstu tíð það markmið að gera fólk sem lent hafði á glapstigum að nýtum þjóðfélagsþegnum.

Fyrstu árin snerust verkefnin um að aðstoða heimilislaust fólk, drykkjumenn og þá sem voru að losna úr fangelsi. Vernd var þá til húsa að Stýrimannastíg og var þar fram til 1964.

Það voru þær Þóra Einarsdóttir og Rannveig Þorsteinsdóttir sem fyrst lögðu til stofnun samtaka um dvalar- og vinnuheimili á fundi Kvenréttindafélags Íslands. Þá áttu samtökin einnig að „vinna að umsjá og eftirliti með afbrotafólki“, segir í fundargerð.

„Þetta fólst í því að aðstoða fólk með því að skjóta yfir það skjólshúsi, útvega fólki föt, því menn komu oft fatalitlir úr fangelsi. Svo var alls konar aðstoð við fjármál, svo sem skattframtöl og þess háttar. En Vernd hafði svo eftirlit með þeim sem voru á skilorði eða á reynslulausn,“ segir Hreinn S. Hreinsson fangaprestur, sem er formaður Verndar.

Nú til dags snýst reksturinn helst um áfangaheimilið að Laugateigi 19, sem var keypt 1985. Þangað geta fangar farið í lok afplánunar, með því skilyrði að þeir séu reglusamir og vinni fyrir sér eða nemi. Þetta er gert til að laga fangana að samfélaginu.

Síðastliðin fimmtán ár hafa 802 menn búið þar og 86 prósent þeirra þykja hafa staðið sig vel að dvöl lokinni.

„Þeir sem hafa hlotið þyngstu dómana, til dæmis fyrir morð, hafa fengið að vera þarna í eitt ár,“ segir Hreinn, aðrir skemur.

Rekstur Verndar er því mun afmarkaðri en hann var í upphafi, enda hefur samfélagið þróast.

„Þegar Vernd var stofnuð 1959 var ekki til nein Félagsmálastofnun eða neitt velferðarsvið borgarinnar. Það var reyndar til framfærslufulltrúi Reykjavíkurborgar en Félagsmálastofnun kom ekki fyrr en 1967,“ segir Hreinn.

Vernd er rekin með stuðningi sveitarfélaga, aðallega Reykjavíkur, og ríkisins. Þar eru fjórir starfsmenn.

„Svo borga menn fyrir sig sem eru á Vernd, því það er liður í að laga menn að samfélaginu, að það er ekkert ókeypis, þeir greiða svokallað viðverugjald, 49.000 krónur á mánuði fyrir mat og húsnæði,“ segir Hreinn.

Í tilefni afmælisins er boðað til afmælismorgunverðar á Grand Hóteli Reykjavík á fimmtudaginn milli klukkan 8.00 og 10.00, þar sem dómsmálaráðherra heldur tölu, ásamt öðrum.

**klemens@frettabladid.is**



**FANGAPRESTURINN VIÐ LAUGATEIG** Fangarnir sem dvelja hjá séra Hreini greiða 49.000 krónur á mánuði fyrir húsaskjól og næringu, enda er hugsunin sú að þeir eigi að venjast aftur þeirri hugsun að allt kosti peninga.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gerða Herbertsdóttir**

sem andaðist á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 26. mars, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 7. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hennar láti góðgerðasamtök njóta þess.

**Herbert Haraldsson** **Hallfríður Ragnheiðardóttir**
**Sigríður Haraldsdóttir** **Gunnar Þór Ólafsson**
**Jón Ingi Herbertsson** **Laufey Elísabet Löve**
**Gerða Gunnarsdóttir** **Guðmundur Arnar Jónsson**
**Lára Guðrún Gunnarsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Aðalsteins Þ. Þórðarsonar**

Hrafnistu Hafnarfirði, áður
Gunnarssundi 9 Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót. Einnig fær starfsfólk deildar A4 á Landspítalanum í Fossvogi kærar þakkir fyrir einstaka hjúkrun.
Guð blessi ykkur öll.

**María I. Aðalsteinsdóttir** **Stefán Sandholt**
**Þórstína U. Aðalsteinsdóttir** **Guðmundur Th. Einarsson**
**Svanhvít Þ. Aðalsteinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

**NÝ BRÁÐAMÓTTAKA** verður opnuð í Fossvogi 8. apríl. Tvær stærstu bráðadeildir Landspítala sameinast þá í eina bráðamóttöku. Í framhaldi tekur hjartamiðstöð til starfa við Hringbraut þar sem áhersla verður á dag- og göngudeildarþjónustu auk bráðaþjónustu fyrir hjartasjúklinga á virkum dögum.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447




Vígreifir Mammútar. Frá vinstri: Haraldur Ingólfsson, Jens Kristinn Gíslason, Jón Ingi Sigurðsson, Ólafur Freyr Númason og Sveinn H. Steingrímsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Mammútar urðu krullumeistarar í þriðja sinn

**Mammútar sigrðu naumlega í spennandi úrslitaleik í krullu sem fór fram í Skautahöllinni á Akureyri á dögunum. Haraldur Ingólfsson er liðsmaður í Mammútum og skemmti sér konunglega í leiknum.**

„Þetta var mjög naumt, ekki nema tveggja stiga munur,“ segir Haraldur Ingólfsson, liðsmaður Mammúta, sem urðu Íslandsmeistarar í krullu eftir spennandi viðureign við Garpa í úrslitaleik sem fram fór í Skautahöllinni á Akureyri á dögunum.

Þetta er þriðja árið í röð sem Mammútar sigra á Íslandsmóti og hafa þeir því orðið oftar Íslandsmeistarar en nokkurt annað lið. Þá er Haraldur sá leikmaður í sínu liði sem hefur unnið til flestra verðlauna á Íslandsmótinu, tvisvar sinnum gull, silfur og brons.

Átta ár eru síðan Haraldur fór að æfa með liðinu en hann segist hafa fallið fyrir íþróttinni eftir aðeins eina æfingu. „Ég fór á opið hús í nóvember 2002 og fannst þetta svo skemmtilegt að ég mætti á allar æfingar þann veturinn. Síðan þá hef ég stundað íþróttina af ástríðu,“ segir hann og bætir við að ansi skemmtileg saga sé af því hvernig hún skaut rótum hérlendis.

„Þessi íþrótt er talin vera skosk að uppruna og hefur verið leikin að minnsta kosti frá 16. öld. Þrátt fyrir langa sögu var það þó ekki fyrr en 1998 sem hún varð að fullgildri Ólympíugrein. Áður voru þjóðirnar í alþjóðakrullusambandinu 24 en 25 þurfti til að íþróttin yrði samþykkt sem ólympíugrein,“ segir Haraldur. Bandaríkjamenn sáu sér þá leik á borði og hvöttu Íslendinga til að gerast aðilar. „Þeir hrintu af stað söfnunarátaki fyrir búnaði handa okkur. Eftir það náðist að stofna krullunefnd og nú eru liðin tíu talsins hér fyrir norðan.“

Haraldur segir íþróttina aldrei hafa náð sömu fótfestu fyrir sunnan. „Krulluíþróttin var stunduð fyrir sunnan í tæpa tvo vetur, 2005-2007. Því miður voru ekki í boði hentugir tímar þannig að erfitt var að halda uppi nægum fjölda iðkenda og fá inn nýtt fólk. Vonandi rætist úr því.“

Fram undan er svo Ice Cup-mót í apríl. „Það er endirinn á keppnistímabilinu en þá höldum við heilt mót yfir helgi. Þetta er í sjöunda sinn sem mótið fer fram og viðbúið að fjölmenni taki þátt, þar á meðal erlendir keppendur,“ segir Haraldur, sem hlakkar til mótsins.

*roald@frettabladid.is*











Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi




Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 339.900** - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 349.900** - verð áður 459.000

**Fermingartilboð sjá www.svefn.is**

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**BATI FYRIR BÖRNIN** er úrræði sem Lárus Blöndal sálfræðingur hefur þróað fyrir SÁÁ og er ætlað börnum alkóhólista og fíkla á aldrinum 7 til 17 ára. www.saa.is



FLOTT Í SUMAR... með Slendertone
Sama verð um land allt, frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
System belti herra / dömu kr. 29.900.-
Dömu tilboðspakki belti+pils+armar kr. 39.995.-
Herra tilboðspakki belti+armar kr. 34.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

Frír prufutími í líkamsmeðferð
ULTRATONE
Faxafeni 12
sími 588-1166
www.ultra.is
Vorið er að koma!
Nú er tíminn til að koma sér í gott form.
Slappaðu af í þægilegu umhverfi og láttu Ultratone tækin sjá um að móta líkamann og bæta líðan þína.
REYNSLUSÖGUR...
Virkar tvímælalaust!
Ég hef gengið með 5 börn og finn árangur á maganum.
Er með stinnari og sléttari maga.
Frábær uppfinning.
-Þorgerður Á Hansen
Jákvæð þróun með Ultratone.
Hef verið í líkamsrækt í tvö ár en þessi meðferð er skjótvirkari.
Árangurinn kemur fljótt fram og sést greinilega.
Held áfram í þessari meðferð.
-Björn Valdimarsson
STYRKIR - GRENNIR - BÆTIR HEILSU

Rauðakrosshúsið
Allir velkomnir!
Ókeypis námskeið og ráðgjöf
Hvernig líður þér í dag?

Mánudagur 5. apríl - Annar í páskum
LOKAÐ!

Þriðjudagur 6. apríl
Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson kennir fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.
Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13.00 -14.00.
Íslenskuhópur - Hefur þú lært íslensku en þarft að æfa þig í að tala? Tími: 13.00 -14.00.
Prjónahópur - Komdu og prjónaðu. Tími: 13.00 -15.00.
Vinnum saman - Ný viðhorf (Býflugurnar) - Vertu með í skapandi hópi atvinnuleitenda. Tími: 14.00-16.00
Skiptifatamarkaður - Barnaföt - Tími: 16.00 -18.00.

Miðvikudagur 7. apríl
Hráfæði - Edda Magnúsdóttir fræðir gesti um hráfæði, hvað það er og hvað það gerir fyrir líkamann. Fáðu fræðslu, lærðu að gera hollann morgundrykk og fáðu að smakka. Tími: 12.30-13.30.
Tölvuaðstoð - Persónuleg aðstoð. Komdu með fartölvu ef þú getur. Tími: 13.30-15.30.
Áhugasviðsgreining - Könnun og fagleg ráðgjöf. Skráning nauðsynleg. Tími: 14.00 -16.00.
Ráðgjöf fyrir innflytjendur - Sérsniðin lögfræðiráðgjöf og stuðningur við innflytjendur. Tími: 14.00 -16.00.
Briddsklúbbur - Hefur þú gaman af bridds? Langar þig að læra bridds? Tími: 14.00-16.00.

Fimmtudagur 8. apríl
Föndur, skrapp myndaalbúm og kort - Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 12:00 -14.00.
Saumasmiðjan - Breytt og bætt. Tími: 13.00-15.00.
Þýskuhópur - Æfðu þig í að tala þýsku. Tími: 14.00-14.45.
Spænskuhópur - Við æfum okkur í að tala saman á spænsku um tónlist hins spænskumælandi heims. Tími: 15:00 -15.45.
Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.
Barnið komið heim - Námskeið fyrir verðandi og nýorðna foreldra. Fyrsti hluti af fjórum.Skráning nauðsynleg. Tími: 16.30.

Föstudagur 9. apríl
Skip án skipstjóra - Einstaklingur án markmiða er eins og skip án skipstjóra. Tími: 12.15-13.15.
Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 12.30 -13.30.
Hvernig stöndumst við álag - Hvað fær okkur til að pirrast og reiðast yfir smámunum? Tími: 13.30 -15.00
Hláturjóga - Viltu losa um spennu? Tími: 15.30-16.30.

Framundan í Rauðakrosshúsinu:
Fyrir utan rammann
Leiklistar og framkomuþjálfun sem nýtist í daglegu lífi og ekki síður í atvinnuleit.
Skráning nauðsynleg í síma 570 4000.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið
Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17



Eftir fimm mínútna nálastungumeðferð gátu allir þátttakendur í rannsókninni undirgengist meðferð en þeir höfðu áður tryllst af ótta. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nálastungur við tannlæknahræðslu

**Fólk með tannlæknahræðslu getur sigrast á henni með nálastungum samkvæmt nýlegri rannsókn átta breskra tannlækna.**

Niðurstöður nýrrar rannsóknar breskra tannlækna benda til þess að hægt sé að sigrast á tannlæknahræðslu með nálastungum. Niðurstöðurnar lofa góðu því einn af hverjum fimm er talinn haldinn tannlæknahræðslu á háu stigi.

Tuttugu sjúklingar tóku þátt í rannsókninni og eftir fimm mínútna nálastungumeðferð sigruðust allir með tölu á óttanum, en nálunum var stungið á tvo tiltekna staði á höfði. Dr Palle Rosted, sem leiddi rannsóknina, er að vonum ánægður með niðurstöðurnar. „Þó að þetta hefi verið lítið úrtak þá gerði meðferðin öllum gott.“ Rosted segir sjúklingana hafa átt sögu um að hlaupa öskrandi út af tannlæknastofum og að í mörgum tilfellum hafi þurft að halda þeim niðri í tannlæknastólunum með valdi, beita sljóvgunar- og jafnvel svæfingarlyfjum. Allir þátttakendur voru á fertugsaldri og höfðu þjáðst af tannlæknahræðslu frá tveimur og upp í þrjátíu ár. Margir höfðu áður reynt að takast á við óttann með dáleiðslu og slökunaraðferðum en án árangurs.

Dr. Rosted segir engan vafa á að nálastungurnar geri gagn. Hann blæs á fullyrðingar um að þær virki einungis vegna þess að sjúklingarnir trúi á þær. „Þó þetta hafi ekki verið varanleg lækning þá hjálpaði hún þessu fólki að komast í gegnum meðferðina. Professor Damien Walmsley hjá breska tannlæknasambandinu segir tannlækna gera allt þeir sem geti til að lina þjáningar sjúklinga og að þeir hafi í auknum mæli tileinkað sér dáleiðslu og nálastungutækni til að hjálpa kvíðnum sjúklingum að slaka á.

-ve

# Ónæmiskerfið eflt

HEILSUNA GEFUR SÉR ENGINN SJÁLFUR EN HVER OG EINN GETUR ÞÓ MEÐ ÝMSUM HÆTTI REYNT AÐ HAFA JÁKVÆÐ ÁHRIF Á HANA.

- Áhyggjur veikja ónæmiskerfið. Kannski mætti taka öðru hvoru til í áhyggjuhólfi hugans því stundum erum við að burðast þar með eitthvað sem hægt er að losa sig við.
- Góður hlátur bætir heilsuna. Leyfum okkur að hlæja og hlæja mikið. Það eykur brennslu, lækkar blóðþrýsting og dregur úr vöðvaspennu.
- Notum heilasellurnar. Prófessor í Berkeley hefur fundið samhengi milli bridsspilamennsku, öflugs ónæmiskerfis og frjórrar hugsunar.



- Hugsum jákvætt. Rannsóknir hafa sýnt að fólk sem temur sér jákvæða hugsun strax á unga aldri lifir að jafnaði tólf árum lengur en nöldurseggirnir.
- Tónlist bætir og kætir. Einstaklingur getur styrkt ónæmiskerfið með því að hlusta á tónlist sem lætur vel í hans eyrum. Hann verður þó að gæta þess að ergja ekki annan með henni.
- Lækkum hávaðann. Stöðugur og ærandi hávaði dregur úr virkni ónæmiskerfisins og hækkar blóðþrýsting. Eyrnatappar gera gagn.

Heimild/aftonbladet.se

# FASTEIGNIR.IS

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ

14. TBL. 6. APRÍL 2010


**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Grundartangi 54 - 270 Mosfellsbæ**
**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00**




Vel skipulagt 70,2 m2, 3ja herbergja raðhús á einni hæð með góðum garði við Grundartanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, þvottahús/geymslu, baðherbergi, stofu og eldhús. Timburverönd og sérgarður í vestur. **V. 19,9 m.** 4861

## Flott sumarhús óskast

Aðeins vandað, vel staðsett hús kemur til greina, max 60 min frá Rvk. Allt að 20mkr stgr fyrir góða eign. **Sendist á: halldor74@hotmail.com**

## Fasteignaauglýsingar í Fréttablaðinu

Sölumenn:

**Viðar Ingi Pétursson**
Sími: 512-5426
vip@365.is

**Hrannar Helgason**
s. 512 5441
hrannar@365.is




Húsin á reitnum verða endurbyggð í anda upprunalegs útlits.

# Metnaðarfull endurbygging í takt við söguna

**Eignamiðlun og Fasteignamiðstöðin eru með reitinn á horni Lækjargötu og Austurstrætis til sölu en þar stendur Reykjavíkurborg fyrir enduruppbyggingu húsa sem skemmdust í eldsvoða 2007.**

Verið er að endurbyggja húsin í anda upprunalegs útlits. Uppbyggingin gengur vel og í samræmi við áætlanir verða eignirnar boðnar til sölu eða leigu. Hægt verður að afhenda húsin nýjum rekstraraðilum seint í haust.

Saga og fortíð bygginga á reitnum á að skila sér, en þó þannig að húsin hafi fullt notagildi nútíma. Þetta er grunnurinn í verðlaunatillögunni um uppbygginguna og alls fyrirkomulags á reitnum sem atkitektastofurnar Gullinsnið, Studio Granda og Argos unnu.

Byggingarnar sem um ræðir eru að Austurstræti 22 og Lækjargötu 2 og 2a. Austurstræti 22 var reist árið 1801 og var lengi meðal merkustu húsa bæjarins. Það var byggt sem stokkahús og kom tilsniðið til landsins. Í því var íbúð stiftamtmanns, aðsetur landsyfirréttar, prestaskóli, verslunarhús og veitingahús. Húsið var friðað samkvæmt þjóðminjalögum. Landsyfirréttarhúsið að Austurstræti 22 sem byggt var af Ísleifi Einarssyni 1801-2, verður endurgert sem stokkahús og mun hafa allt yfirbragð frá blómaskeiði sínu eftir að Trampe greifi hafði endurbætt það verulega um 1807.

Húsið við Lækjargötu 2 var byggt árið 1852 og er fyrsta sérhannaða hornhúsið í Reykjavík. Sigfús Eymundsson ljósmyndari, bóksali og athafnamaður bjó í húsinu og rak þar ljósmyndastofu um árabil. Þar hafa verið ýmsar verslanir, myndlistargallerí og veitingahús til húsa hin síðari ár.

Húsið að Lækjargötu 2, sem byggt hefur verið í mörgum áföngum frá 1852 til 1980, verður hækkað um eina hæð, þ.e. byggð ný fyrsta hæð og eldri hlutar endurgerðir ofan á hana.

Lækjargata 2a, Nýja bíó, stóð á baklóðinni og var byggt sem bíóhús árið 1920. Það var þá stærsta samkomuhús landsins með sæti fyrir 500 manns. Það brann árið 1998. Húsið var byggt í anda svokallaðs Jugendstíls. Reist verður nýtt hús á bakhluta lóðar Austurstrætis 22 sem mun taka form sitt og yfirbragð að verulegum hluta af Nýja bíói.

Gert er ráð fyrir að nýir notendur og framtíðareigendur innrétti húsin miðað við sínar þarfir. Öll húsin verða fullfrágengin að utan, en óinnréttuð að innan.

Byggingar sem nú rísa á horni Lækjargötu og Austurstrætis eru alls tæplega 2.500 m² að flatarmáli og rúmlega 9.000 m³ eða um tvisvar sinnum stærri en þær byggingar sem þarna stóðu fyrir brunann. Þar af er kjallari um 800 m², Lækjargata 2 ofan kjallara um 756 m², bakhús (Lækjargata 2b, Nýja bíó) ofan kjallara og með aðalstigakjarna um 724 m² og loks er húsið Austurstræti 22 ofan kjallara með útbyggingu um 220 m².

**heimili FASTEIGNASALA**


Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali


Andri Sigurðsson
lögg. leigumiðlari

**Sími 530 6500**
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og
Bogi Pétursson
löggiltir fasteignasalar

**Vantar eignir á söluskrá**


Opið hús í dag frá kl 17-18.

**Klapparhlíð 28 - 4ra & bílskúr**
Vönduð 100 fm endaíbúð á efstu hæð með miklu útsýni og sérstandandi 27 fm bílksúrs. Getur selst með eða án bílskúrsins. V. 25,9 m.



**Rauðalækur.**
Rúmgóð 139 fm sérhæð með 26 fm bílskúr. Alls 165 fm Vel hönnuð sérhæð með mikla möguleika. Óskað er eftir kauptilboði.



**Kastalagerði.**
Fallegt mikið endurnýjað einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr.



**Laugarnesvegur.**
Góð 90 fm íbúð á 2 hæð í fallegu sjö íbúða fjölbýli byggðu 1985. Tvö góð herbergi og góðar suðursvalir.



**Rauðalækur - 5 herbergja.**
120 fm sérhæð í fjórbýlishúsi. Húsið er mikið endurbætt, lagnir, þak, lóð og bílastæði ásamt viðgerðum að utan og málningu. V. 24,9 m



**Hólmvað 2-4.**
Ný fullbúin 160 fm sérhæð með bílskúr. Þrjú svefnherbergi, sérgarður, verönd og svalir til suðvestur Áhv. 25 m frá Íls.



**Hamravík.**
Glæsilegt vandað 235 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Fimm svefnherbergi og mikið útsýni.



**Grænahlíð.**
Flott og fallega innréttuð 120 fm sérhæð. Húsið og sameign mikið endurbætt og nýtt þak. Þrjú svefnherbergi og 2-3 stofur og góðar svalir.



**Neðstaleiti - 3ja herb**
Góð 95 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi. Góðar svalir og mikið útsýni. Húsvörður í húsinu og stutt í alla þjónustu. V. 24,9 m.



**Úthlíð - glæsileg 3ja.**
Um 80 fm mikið endurnýjuð íbúð á jarðhæð með útgangi út á lóð. Fallegar innréttingar og gólfefni. Nýtt eldhús og bað. Möguleg skipti á stærra.



**Sæbólsbraut Kópavogi - gott endaraðhús.**
Nýkomið í sölu um 280 fm endaraðhús með aukaíbúð í kjallara. Vel skipulagt hús með fjórum herb. & tveim stofum. Gott ástand og fallegt útsýni. Verð 50,0 millj.



**Rauðalækur.**
Falleg og mikið endurnýjuð 3ja herbergja ca 85 fm íbúð með sérinngangi. Mjög góð íbuð á frábærum stað.



**Fannahvarf - mjög góð 3ja.**
Íbúðin er á jarðhæð með sérinngangi. Tvö góð herbergi og stór stofa. Suðursólpallur og sérlóð. Bein sala eða skipti á stærra sérbýli.



**Álftamýri - sérlega góð 3ja.**
Vorum að fá í einkasölu góða 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð. Gott skipulag og ástand. Frábær staðsetning. Verð 18,9 millj.

**Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**

**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.



### Grófarsmári-Kópavogi.

Glæsilegt 236,5 fm parhús á góðum útsýnisstað í Kópavogi. Húsið er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í bjarta stofu og borðstofu, rúmgott eldhús, sjónvarpshol og 5 herbergi auk fataherbergis. Aukin lofthæð er á efri hæð og útgangur á góðar svalir með útsýni til norðurs og vesturs. **Ræktuð lóð með timburverönd. Verð 59,0 millj.**



### Kleifakór – einbýli í byggingu.

Mjög glæsilegt arkitektateiknað 324 m² einbýli á tveimur hæðum á miklum útsýnisstað í Kórahverfi í Kópavogi. Einkar áhugavert skipulag með opnun milli hæða. Á efri hæð er eldhús með útgengt á rúmgóða verönd og svalir, samliggjandi stofur, baðherbergi, hjónaherbergi m. fataherb. og annað herbergi. Á neðri hæð eru 2 svefnherb. m. möguleika á aukaíbúð og sérinngangi, sjónvarpshol m. vinnukrók, 2 snyrtingar og sauna, þvottahús, geymsla og góð bílageymsla. Úr holi er útgengt á verönd. Steyptir skjólveggir á lóð eru komnir. Húsið afhendist í núv. ástandi, þ.e. rúmlega fokhelt. Allar nánari uppl. á skrifstofu.



### Leiðhamrar.

280,9 fm tvílyft einbýlishús að meðtöldum 60,9 fm bílskúr sem skiptist m.a. í eldhús, stofu/borðstofu, 4 svefnherbergi, sjónvarpsstofu með arni og 2 baðherbergi. Stórar svalir úr stofu og eldhúsi. **Húsið er mjög vel staðsett við óbyggt svæði og nýtur mikils útsýnis frá húsinu yfir sundin og Esjuna. 1.064 fm ræktuð lóð með timburverönd og heitum potti. Verð 69,9 millj.**



### Lynghagi.

Fallegt 243,5 fm einbýlishús á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Á aðalhæð eru forstofa, rúmgott hol, gestasnyrting, rúmgott eldhús og bjartar samliggjandi stofur. Á efri hæð eru 3 herbergi, fataherbergi innaf hjónaherbergi og baðherbergi. Sér stúdíóíbúð í kjallara auk geymslna og þvottaherbergis. Tvennar svalir. **Húsið stendur á 645 fm gróinni lóð. Verð 75,0 millj.**



### Baugakór-Kópavogi.

Glæsileg 131,9 fm efri sérhæð í fjórbýlishúsi auk 25,9 fm bílskúrs. Allar innréttingar og gólfefni íbúðarinnar eru hvíttuð eik. Innfelld lýsing í loftum og gluggar bæði á baðherbergi og þvottaherbergi. Samliggjandi stofur með útgangi á stórar flísalagðar svalir til suðurs. **3 svefnherbergi. Verð 41,9 millj.**



### Daltún – Kópavogi.

Mjög fallegt og afar vel staðsett 290,2 fm einbýlishús á frábærum stað niður við Fossvogsdalinn. Eignin skiptist m.a.í samliggjandi bjartar stofur með útgangi á skjólgóða verönd, rúmgott eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu og 4 herbergi auk lítillar íbúðar sem hefur verið innréttuð í kjallara. Falleg ræktuð lóð. Hiti í innkeyrslu og stéttum.



### Víðimelur. 3ja herb. efri hæð.

Falleg 64,8 fm efri hæð auk rislofts og 24,5 fm bílskúr í góðu steinhúsi í vesturbænum. Eign sem hefur verið mikið endurnýjuð m.a. eldhús og baðherbergi.Björt stofa og 2 herbergi. **Suðursvalir út af hjónaherbergi. Verð 21,9 millj.**



### Ásbraut-Kópavogi. 4ra herb. m. bílskúr.

Mikið endurnýjuð 3ja - 4ra herb. 85,9 fm. íbúð á efstu hæð auk sér geymslu í kjallara og 25,2 fm bílskúr. Nýleg innrétting í eldhúsi og baðherbergi nýlega tekið í gegn. **Flísalagðar suðursvalir út af stofu. ATH. LÆKKAÐ VERÐ. VERÐ 21,7 MILLJ.**



### Efstihjalli-Kópavogi. 4ra herb. m.sérinng.

Falleg 4ra herb. 102,9 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott hol, rúmgóða og bjarta stofu, eldhús með borðkrók, 3 svefnherbergi og baðherbergi með þvottaaðstöðu. Lítill reitur framan við íbúð þar sem möguleiki er að setja sólpall. **Hús málað að utan sl. sumar. Verð 21,9 millj.**



### Hverfisgata. 4ra herb.

Vel skipulögð 87,7 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð auk sér geymslu í kjallara í góðu steinhúsi. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, innréttingar og hurðir og skiptist í hol, samliggjandi bjartar stofur, eldhús með fallegriinnréttingu, **2 herbergi og flísalagt baðherbergi. Verð 22,5 millj.**



### Frostafold. 3ja herb.

Góð 80,5 fm íbúð á efstu hæð, 3. hæð, í litlu fjölbýli í Grafarvogi. Björt stofa með útgengi á suðursvalir. Þvottaaðstaða og geymsla innan íbúðar. **Einnig risloft yfir hluta íbúðar.Verð 19,5 millj.**



### Norðurbrú-Sjálandi Garðabæ. 2ja herb.

Falleg 70,3 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð að meðtaldri 7,3 fm sér geymslu við hlið íbúðar. Allar innréttingar og innihurðir eru úr eik. Eikarparket á gólfum. **Stór suðvesturverönd með skjólveggjum út af stofu. Verð 19,9 millj.**



### Safamýri. 2ja herb.

59,3 fm 2ja herb. íbúð á 4. hæð með stórum suðvestursvölum. Íbúðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, opið eldhús við hol, 1 svefnherbergi og baðherbergi. **Laus til afhendingar strax.**



### Strandvegur-Sjálandi Garðabæ. 3ja herb.

Vel skipulögð 77,2 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sér verönd og sér stæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa, eldhús opið við stofu og 2 rúmgóð herbergi. úr hjónaherbergi er útgangur á verönd með skjólveggjum. **Þvottaherb. innan íbúðar. Verð 22,9 millj.**



### Skúlagata-útsýnisíbúð

Falleg og vel skipulögð 63,6 fm útsýnisíbúð með sér stæði í bílageymslu fyrir 60 ára og eldri. Yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs. Gríðarlegt útsýni til vesturs yfir borgina og að Snæfellsjökli. Þvottaherb./geymsla innan íbúðar. **Verð 21,3 millj.**

## ATVINNUHÚSNÆÐI TIL LEIGU

### Suðurlandsbraut 14



- 1. hæð – 1.250 fm verslunarhúsnæði
- 2. hæð – 1.300 fm geymsluhúsnæði (aðgengi baka til)
- 3. hæð – 540 fm skrifstofuhæð

Möguleiki er að leigja í minni hlutum. Laust til afhendingar strax. Frábær staðsetning og góð aðkoma.

### Súðarvogur 3-5



- 1.500 fm skrifstofuhúsnæði, kjallari og tvær hæðir
- 2.090 fm vörugeymsla með innkeyrsludyrum og góðri lofthæð
- 1.500 fm vörugeymsla á tveimur hæðum
- 480 fm vörugeymsla með skrifstofurými
- 250 fm vörugeymsla með góðri lofthæð
- Möguleiki er að skipta niður og leigja í smærri hlutum. Stór lóð með góðu athafnaplássi.
- Laust til afhendingar strax.



### Skeifan – skrifstofuhúsnæði

Til leigu nýlega uppgerð skrifstofuhæð, 2. hæð, í góðu lyftuhúsi. Um er að ræða 205 fm/250 fmog 416 fm. Húsnæðið er allt bjart og rúmgott. Gluggar á öllum hliðum, góð lýsing og tölvulagnir í öllum herbergjum. Góð aðkoma og næg bílastæði. Öll þjónusta í næsta nágrenni. **Laust til afhendingar frá og með 1. mars nk.**



### Laugavegur – verslunarhúsnæði

102,1 fm verslunarhúsnæði við Laugaveginn. Skiptist í verslunarrými á tveimur pöllum. **Þar innaf eru tvö rými sem nýta má eftir þörfum. Laust til afhendingar strax.**

**Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu**

# EIGNAMIÐLUN
Reykjavík

S: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali
Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali
Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali
Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali
Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali
Magnús Geir Pálsson, sölumaður
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri
Elín Þorleifsdóttir, ritari

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

www.eignamidlun.is


## Endurbygging í takt við söguna



Byggingar sem nú er verið að reisa á horni Lækjargötu og Austurstrætis eru alls tæplega 2.500 m² að flatarmáli og rúmlega 9.000 m³ eða um tvisvar sinnum stærri en þær byggingar sem þarna stóðu fyrir brunann. Þar af er kjallari um 800 m², Lækjargata 2 ofan kjallara um 756 m², bakhús (Lækjargata 2b, Nýja bíó) ofan kjallara og með aðalstigakjarna um 724 m² og loks er húsið Austurstræti 22 ofan kjallara með útbyggingu um 220 m². Allar nánari upplýsingar veita Magnús, Kjartan eða Sverrir á skrifstofu Eignamiðlunar. 5560

## Eskihlíð - fjórbýli - mjög góður bílskúr.



Falleg og mjög vel skipulögð íbúð á 2.hæð í fallegu fjórbýli ásamt góðum bílskúr. 3 góð svefnherbergi og tvær stofur. Mjög björt og góð íbúð. Frábær staðsetning steinsnar frá miðborginni. Bílskúrinn er mjög rúmgóður. V. 29,7 m. 5557

## Skólavörðustígur - með bílskýli.



Mjög góð og vel skipulögð 68 fm 3ja herb. íbúð á 4.hæð í nýlegu lyftuhúsi (byggt 1995) í miðbænum ásamt stæði í bílskýli. Parket, góðar innréttingar. Góðar svalir og glæsilegt útsýni. Einstaklega góður staður. V. 25,9 m. 5568

## Vatnsstígur - Glæsileg íbúð með þakgarði



Fullbúin og glæsileg 4ra herbergja 142,1 fm íbúð í hinu nýja Skuggahverfi. Íbúðin er staðsett á 3. hæð með 40, 3 fm þakgarði. Íbúðin er mjög björt með hærri lofthæð en almennt gerist. V. 55,0 m. 4594

## Árakur 9-29 í Garðabæ - ný hugsun - ný verð




Nútímaleg og falleg 2ja hæða funkis raðhús sem byggð eru á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni. Húsin eru klætt ýmist flísum eða báraðri álklæðningu sem gefa þeim nútímalegt útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald. Verð frá 37,0 millj. tilbúin til innréttingar. 7833

**HÚSIN VERÐA TIL SÝNIS Í DAG (ÞRIÐJUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00.**

## Sandakur 2-24 í Garðabæ - ný verð




Ný verð á glæsilegum raðhúsum í Garðabæ. Sérlega vel skipulögð og falleg raðhús á skjólsælum stað á miðri Arnarneshæðinni. Tvílyft húsin eru glæsileg ásýndum þar sem þau eru ýmist klætt áli eða harðviði. Húsin snúa á móti suð- suðvestri þannig að þau njóta sólar allan daginn. Húsin eru seld tilbúin til innréttingar - lóð fullfrágengin. V. 37,5 - 39,5 m. 8070

**HÚSIN VERÐA TIL SÝNIS Í DAG (ÞRIÐJUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00**

## Stigahlíð - glæsileg eign







Sérstaklega vandað og fallegt 330 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur á einstökum stað efst í Stigahlíðinni og er með friðsælan suðurgarð og glæsilegt útsýni til norðurs. V. 96,0 m. 5566

## Eldri borgarar



**Vesturgata - 67 ára og eldri**
Falleg 4ra herb. þjónustuíbúð á 4. hæð í lyftuhúsi. Mjög falleg aðkoma er að íbúðinni, en gengið er inn úr n.k. garðskála. Öll sameign er mjög snyrtileg. Heilsugæsla er í húsinu, hársnyrtistofa, fótsnyrting og samkomusalur. V. 28,9 m. 5564



**Bólstaðarhlíð - 60 ára og eldri**
Falleg 85,4 fm 3ja herbergja þjónustuíbúð fyri 60 ára og eldri. Íbúðin er á 4. hæð og er með fallegu útsýni. Íbúðin sem er nýmáluð er laus strax. V. 21,5 m. 5470

## Einbýli



**Langagerði - glæsileg eign**
Glæsilegt og vel viðhaldið, samtals 302,7 fm, einbýlishús með 2 aukaíbúðum og bílskúr. Húsið er mun stærra heldur en skráðir fermetrar segja til um. Húsið stendur innst í litum botnlanga við Langagerði og hentar vel stórri fjölskyldu. Hægt að hafa góðar leigutekjur af kjallaraíbúð og íbúð í risi. V. 59,5 m. 5497



**Sigluvogur - vel staðsett**
Gott 2ja hæða einbýlishús á þessum rólega stað. Húsið er 179,0 fm að stærð og bílskúrinn 32,6 fm, samtals 211,6 fm. Fimm svefnherbergi, tvær snyrtingar, tvær stofur. Einn eigandi frá upphafi. Lóðin er 759 fm að stærð. V. 45,0 m. 5376



**Sólvallagata - vandað einbýlishús.**
Vandað 270 fm einbýlishús á frábærum stað í Vesturbænum. Húsið er timburhús, tvær hæðir á steyptum kjallara. Möguleiki á 2ja herbergja íbúð í kjallara með sér inngangi. Stór herbergi, rúmgóðar stofur. Fallegur garður með miklum gróðri og sólarverönd með heitum potti. Bílskúr er 35 fm. Hellulögð innkeyrsla með hitalögn. V. 65,0 m. 5488



**Fornaströnd - einstök eign á Seltjarnarnesi**
Sérlega glæsilegt ca 230 einbýlishús. Eignin hefur verið mjög mikið endurnýjuð s.s. innréttingar, gólfefni, rafmagn, pípulagnir og lóð upptekin. Fallegir steinar afgirða garðinn. Glæsileg verönd (u.þ.b. 120-130) með heitum potti. Hiti í plani. Tvöfaldur 50,6 fm bílskúr. V. 89,0 m. 5430



**Barðavogur - einbýli á einni hæð**
Gott 190 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið skiptist í anddyri, hol, stofur með kabisu, gestasnyrtingu, eldhús með borðkrók, þvottaherbergi, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og geymslu. Góður bílskúr. Húsið þarfnast endurbóta. V. 39,0 m. 5357

## Parhús



**Viðarás - fallegt hús með útsýni**
Mjög gott 183 fm parhús með innbyggðum bílskúr. Einstaklega fallegt útsýni er af efri hæð. Húsið er í góðu standi bæði að utan sem innan. Næg bílastæði á lóð fyrir framan og lokuð hellulögð verönd með heitum potti fyrir aftan. V. 44,0 m. 5539

## Raðhús



**Hulduland 20 - gott raðhús**
Um er að ræða mikið raðhús á fjórum pöllum sem skiptist m.a. í anddyri, gestasnyrtingu, forstofuherbergi, eldhús, borðstofu, stofu, geymslu, þvottahús, tvö svefnherbergi (þrjú skv. teikningu) og baðherbergi. V. 49,0 m. 5510



**Giljaland - endaraðhús**
Fallegt 211,3 fm endaraðhús á fjórum pöllum. 25,6 fm bílskúr fylgir húsinu. Samtals er því eignin 236,9 fm að stærð. Húsið stendur fyrir neðan götu. Falleg aðkoma. Búið er að skipta um járn á þaki. V. 53,0 m. 5261

## Hæðir



**Kópalind - jarðhæð**
Falleg 124 fm 4ra herbergja jarðhæð með sér inngangi og útgangi út á timburverönd. Húsið stendur við opið svæði og stutt er í skóla og leiksvæði. Útsýni er úr íbúðinni. V. 29,2 m. 5509



**Rauðagerði - efri sérhæð**
Falleg vel skipulögð efri sérhæð í þríbýlishúsi samtals 109 fm ásamt 19,8 fm bílskúr. Suðursvalir. Frítt svæði sunnan við húsið. Fallegt útsýni. Hús viðgert og málað að utan. 2 svefnherbergi og tvær stofur. Laus mjög fljótlega. V. 26,9 m. 5498



**Hrísateigur - efri sérhæð**
Til sölu eða leigu efri sérhæð sem er 4ra - 5 herbergja 77,6 fm íbúð. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, lítið herbergi, hjónaherbergi, barnaherbergi, tvær stofur, eldhús og baðherbergi. Svalir eru úr stofu. Góð staðsetning í rólegu hverfi. V. 18,5 m. 5538



**Grandahvarf - efsta hæð**
Glæsileg 4ra herbergja 136 fm sérhæð á þriðju og efstu hæð í nýlegu húsi við Grandahvarf í Kópavogi, ásamt 28,2 fm bílskúr. Samtals 164,2 fm. Glæsilegt útsýni er úr stofum og af svölum yfir Elliðavatn, Bláfjöll og víðar. Lofthæð í íbúðinni er 2,7 metrar. V. 39,9 m. 5216



**Rauðalækur - Góð hæð með bílskúr**
Mjög góð 137,8 fm 4ra herbergja hæð ásamt 26,4 fm bílskúr, samtalls 164,2 fm. Húsið var teiknað af Sigvalda Thordarsyni. V. 35,9 m. 4624



**Melabraut - neðri hæð**
4ra herbergja 100,9 fm neðri sérhæð ásamt 38,0 fm bílskúr. Hæðin skiptist í forstofu, gang/hol, stofu, 3 svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara fylgir sér geymsla. V. 26,9 m. 5419



**Flókagata - falleg hæð**
Vel skipulög efri hæð í fallegu og vel staðsettu hús sem skiptist í forstofu, gang, tvö svefnherbergi, eldhús, bað og tvær stofur. Í kjallara er sér geymsla og sameignar þvottahús. Húsið hefur nýlega verið viðgert og málað að utan. V. 29,9 m. 5322



**Þingholtsbraut 28 - neðri sérhæð**
Einstaklega falleg og mikið endurnýjuð 4ra herbergja neðri sérhæð. Nýr rúmgóður bílskúr fylgir íbúðinni. Sérverönd. Íbúðin hefur nýlega verið töluvert standsett á smekklegan og vandaðan hátt, þ.m.t. baðherbergi, eldhús, innihurðir og fataskápar. V. 27,9 m. 4774

## 4ra - 6 herbergja



**Eyjabakki - laus - mjög gott verð.**
4ra herbergja 111,3 fm íbúð á 2.hæð í góðu vel staðsettu fjölbýli við Eyjabakka. Nýl. dren lóð og fl. Íbúðin þarfnast endurbóta að innan. Þrjú svefnherbergi, sérþvottahús, tengingar fyrir aukabaðherb. Gott hús. Mjög góð sameign. Gott verð. V. 17,9 m. 5555



**Flétturimi - skoðar skipti**
Góð fimm svefnherbergja íbúð á tveimur hæðum, með tveimur svölum og glæsilegu útsýni. Íbúðin er skráð 219 fm en þar af eru tvö samliggjandi stæði í bílgeymslu um 79 fm. V. 35,9 m. 4240


SÖNGKEPPNI
FRAMHALDSSKÓLANNA
20 ÁRA
AFMÆLIS
HÁTÍÐ
AMEVENTS
ring

**● SÖNGKEPPNIN MEÐ VINSÆLASTA SJÓNVARPSEFNI LANDSINS** Söngkeppni framhaldsskólanna hefur verið í beinni útsendingu í sjónvarpstækjum landsmanna um árabil. Ástæðan er einföld, keppnin er gríðarlega vinsæl. Sem dæmi má nefna að árið 2008 horfðu um 138 þúsund manns á keppnina í beinni útsendingu í Ríkissjónvarpinu samkvæmt könnun Capacent. Á síðasta ári færðist keppnin yfir á Stöð 2 en var engu síður í opinni dagskrá. Þrátt fyrir þessar breytingar minnkaði áhorf aðeins um nokkur prósentustig á milli ára.





**● MEIRA ÁHORF EN IDOL** Athyglisvert er að bera áhorf á keppnina saman við innlenda dagskrárgerð sem löngum hefur dregið að sér marga áhorfendur. Nokkuð margir horfðu á úrslitaþátt Idol-stjörnuleitar en sá þáttur hefur verið ákaflega vinsælt sjónvarpsefni. Þátturinn kemst þó ekki með tærnar þar sem Söngkeppni framhaldsskólanna hefur hælana miðað við mælingar Capacent á síðasta ári. Tvöfalt fleiri horfðu á Söngkeppnina þegar mælingar voru teknar saman, sem undirstrikar vinsældir keppninnar. Keppnin í ár verður í opinni dagskrá líkt og áður og því má búast við að landsmenn setjist margir fyrir framan viðtækin í leit að stjörnum framtíðarinnar.

**Söngkeppnin framhaldsskólanna** *apríl 2010* ***Útgefandi:*** *AM EVENTS*
***Ritstjórn:*** *Einar Ben og Jón Júlíus* ***Ábyrgðarmaður:*** *Einar Ben*
***Ljósmyndir:*** *Fréttablaðið* ***Heimilisfang:*** *Hafnarstræti 15, 101 Rvk.* ***Sími:*** *588-0101*
***vefsíða:*** *www.amevents.is / songkeppni.is*

NÝR MATSÖLUSTAÐUR

Thai Reykjavik

LÆKJARGATA 8, BEINT Á MÓTI MR

Hádegistilboð

alla virka daga frá 11.30–14.00

1.200 kr.

Thai Reykjavík | Lækjargata 8 | sími 571 2222

veitingastaður | bar | take away | veisluþjónusta



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Söngkeppni framhaldsskólanna á 20 ára afmæli. Óli Palli og Katrín telja hana góðan vettvang til að koma sér á framfæri.

# Hefur mikla þýðingu fyrir íslenskt tónlistarlíf

**Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og Ólafur Páll Gunnarsson, betur þekktur sem Óli Palli á Rás 2, telja Söngkeppni framhaldsskólanna gegna mikilvægu hlutverki fyrir íslenskt tónlistarlíf.**

„Keppnin er gríðarlega stór vettvangur fyrir þessa krakka til að koma sér á framfæri. Fólk hefur líka svakalega gaman af því að horfa á þetta," segir Katrín. „Svo má heldur ekki gleyma því að margar af okkar skærustu stjörnum í tónlistarlífinu eru gamlir keppendur; Páll Óskar, Emilíana Torrini, Móeiður. Allt þetta fólk og fleiri hófu feril sinn í þessari keppni."

Óli Palli er sammála Katrínu um mikilvægi söngkeppninnar fyrir íslenskt tónlistarlíf: „Ég man meira að segja hvar ég var og hvernig ég var klæddur þegar ég sá Móu stíga á svið í fyrsta skipti. Með þessa ótrúlega sérstöku, flottu rödd." Óli Palli segir keppnina einnig mikilvægan farveg fyrir framhaldsskólakrakka til að koma sér á framfæri. „Ásamt Músíktilraunum er þetta í raun einn helsti vettvangurinn fyrir stjörnur framtíðarinnar til að láta ljós sitt skína og það má ekki skemma."

Katrín tók sjálf þátt í söngkeppninni á sínum tíma fyrir hönd Menntaskólans við Sund. „Þetta var frábær stemning, þó svo að ég hafi nú bara farið með lítið hlutverk," segir Katrín. „Ég var, ásamt tveimur öðrum bakrödd við lag Páls Óskars TF Stuð. En það þróaðist þannig að ég varð eina bakröddin sem steig á svið og úr því varð mikið atriði. Það er nauðsynlegt fyrir alla að fá að losa um sínar listrænu hvatir."

„Já, þetta er bara mjög skemmtilegt í alla staði," segir Óli Palli. „Mér finnst þetta frábært krydd í íslenskt tónlistarlíf og skipta heilmiklu máli. Það er bráðnauðsynlegt að þetta haldi áfram. „Þarna hefur margt af okkar fremsta fólki í dag stigið sín fyrstu skref."

Katrín segir að þrátt fyrir þær erfiðu aðstæður sem ríkja í samfélaginu í dag sé mikilvægt að keppnir sem þessar fái að lifa áfram. „Þetta er einn af hápunktum ársins fyrir framhaldsskólanema. Það er mikilvægt að keppnir sem þessar fái að halda sínu striki og þeim sé veittur allur sá stuðningur sem mögulegt er," segir Katrín. *- sv*

**● VINSÆLUSTU HLJÓMSVEITIR LANDSINS SKEMMTA** Engu er til sparað við að gera keppnina sem glæsilegasta og eftir að henni lýkur að kvöldi 10. apríl verður blásið til heljarinnar dansleik. Dikta, Bloodgroup, Sykur, Erpur & Atli og Bermuda muna leika á balli eftir keppnina og þar má búast við stjórnlausri stemningu. Á síðasta ári voru 1.500 framhaldsskólanemendur sem skemmtu sér á dansleik eftir keppnina en aðstandendur keppninnar búast við að nokkur aukning verði í ár og að 2.000 manns muni koma saman í Íþróttahöll Akureyrar, sem yrði þá stærsta framhaldsskólaball ársins.



## KEPPENDUR Í SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA 2010


**ÁSLÁKUR INGVARSSON**
Menntask. í Hamrahlíð
**900-2001**


**ELÍSABET TRAUSTADÓTTIR**
Menntaskólinn á Ísafirði
**900-2002**


**EYRÚN EÐVALDSDÓTTIR**
Fjölbr. í Ármúla
**900-2003**


**HJALTI HILMARSSON**
Fjölbr. í Garðabæ
**900-2004**


**EGGERT ÓSKAR ÓLAFSSON**
Menntask. Hraðbraut
**900-2005**


**UNA HLÍN SVEINSDÓTTIR**
Fjölbr. Snæfellinga
**900-2006**


**KATERINA INGA ANTONSDÓTTIR LIONARAKI**
Menntaskóli Borgarfjarðar
**900-2007**


**ÁSTÞÓR ERNIR HRAFNSSON**
Flensborgarsk. í Hafnarfirði
**900-2008**


GRÍPTU ÞÉR
burn® ENERGY
BURN INTENSE ENERGY
INCREASED LEVEL OF CAFFEINE
burn
INTENSE ENERGY®
“Burn” and “Burn intense energy” are trademarks of the Coca-Cola Company ©2006 The Coca-Cola Company

Sport og Rokk á X-inu 977

- Fótbolti
- Handbolti
- Körfubolti
- Golf
- Margt fleira

*Allar stóru fréttirnar í sportinu, hellingur af skúbbi og Mín skoðun!*

MÍN SKOÐUN
Valtýr Björn Valtýsson
alla virka daga kl. 13–15







Sigurði fannst frábært að vinna 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Páli Óskari hefur gengið vel eftir keppni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Nanna líkir söngkeppninni við ævintýri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Undir manni sjálfum komið

**Þrír af fyrrum keppendum Söngkeppni framhaldsskólanna deila reynslu sinni af keppninni og veita keppendunum í ár góð ráð.**

**RÁÐ HANDA KEPPENDUM:**
**Sigurður:** „Þótt það sé klisja, þá er einfaldlega málið að hafa gaman af þessu og taka keppnina og sjálfa sig ekki of alvarlega."
**Páll Óskar:** „Veldu þér lag sem þú hefur ekki mikið fyrir að syngja, eins og það hafi verið samið sérstaklega fyrir þig. Þegar maður slakar á finna áhorfendur það. Ekki færast of mikið í fang."
**Nanna:** „Að vera einlæg umfram allt, þó svo að stressið segi til sín. Einlægnin kemur manni í gegn um það."

**SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON, SIGURVEGARI 2008**

„Það var frábært að vera sá fyrsti frá Verzló til að vinna," segir Sigurður, en hann stefnir þó á aðrar brautir í framtíðinni. „Ég fékk inngöngu í leiklistardeild Listaháskólans og á leiklistin hug minn allan um þessar mundir."

Sigurður var einnig kynnir á Samfés 2010. „Ég hvet fólk til þess að hugsa sig tvisvar um áður en það úthúðar kynnum á svona keppnum," segir hann. „Það tekur á að reyna að vera skemmtilegur og með allt á hreinu á sama tíma."

**PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON, LENTI Í 3. SÆTI 1990**

„Þessi keppni, sem og allar aðrar svona keppnir fyrir ungt fólk, eru bráðnauðsynlegar fyrir krakka sem hafa þennan hita inni í sér og þurfa að láta hann brjótast út," segir Páll Óskar. „Það er ekki nóg að standa heima með hárbursta fyrir framan spegilinn. Maður þarf aðra spegla til að fá alvöru viðbrögð."

Páll Óskar tók þátt fyrir hönd MH fyrir 20 árum. „Ég varð í þriðja sæti og Móeiður Júníusdóttir í öðru. Við ákváðum að láta ekki bugast, spýttum í lófana og stofnuðum saman jazzsveit ásamt öðrum vel völdum músíköntum. Við gerðum það svaka gott. Það skiptir öllu máli hvernig maður spilar úr spilunum sem maður hefur. Að gefast ekki upp."

**NANNA BRYNDÍS HILMARSDÓTTIR, LENTI Í 3. SÆTI 2008 OG SIGRAÐI MÚSÍKTILRAUNIR 2010**

„Þetta var mikið ævintýri og svakalega gaman," segir Nanna, sem keppti fyrir Fjölbraut Suðurnesja. „Eftir keppnina 2008 hélt ég áfram að semja og við stofnuðum hljómsveitina Of Monsters and Men og unnum svo Músíktilraunir nú í ár. Nú erum við að spila á fullu og gengur rosalega vel."

Nanna segir keppnina 2008 hafa verið mjög góða reynslu. „Maður var að koma fram fyrir þjóðinni allri. Það var frábær tilfinning, gerist ekki betra en það."

- *SV*



**● ALLIR KEPPENDUR FÁ EIGIN AÐDÁENDASÍÐUR** Einkar handhægt verður að kynna sér keppendur í ár. Allir keppendur munu fá sínar eigin aðdáendasíðu á Facebook þar sem hægt verður að fá allar upplýsingar um hvern keppanda fyrir sig. Einnig verður með einföldum hætti hægt að hlusta á það lag sem hver keppandi mun flytja í keppninni en með þessu móti verður hægt að kynna sér betur framlags hvers skóla í keppninni.

Ekki má gleyma að á aðdáendasíðunum munu vera myndir og myndbönd af keppendum sem koma sér vel fyrir þá sem fá aldrei nóg af fróðleik um Söngvakeppnina og öllu sem keppninni fylgir.

## KEPPENDUR Í SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA 2010



**DARRI RAFN HÓLMARSSON**
Menntask. á Akureyri
**900-2009**



**BRYNDÍS ELSA GUÐJÓNSDÓTTIR**
Framhaldssk. á Laugum
**900-2010**



**EMMA LOVÍSA DIEGO**
Iðnskólinn í Hafnarfirði
**900-2011**



**SIGURJÓN SINDRI**
Framhalds. í Mosfellsbæ
**900-2012**



**MARTHA LIND RÓBERTSDÓTTIR**
Fjölbr. Vesturlands
**900-2013**



**HILDUR SÓLMUNDSDÓTTIR**
Fjölbr. Norðurlands-V
**900-2014**



**GÍSLI GUNNAR D. GUÐMUNDSSON**
Fjölbr. í Breiðholti
**900-2015**



**JÓHANN AUÐUNN ÞORSTEINSSON**
Tækniskólinn
**900-2016**

# Stökkpallur fyrir rísandi stjörnur



**● STJÖRNURNAR FÆÐAST Í SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA** Emilíana Torrini, Páll Óskar, Hreimur, Magni, Jónsi í Svörtum fötum, Birgitta Haukdal, Sverrir Bergmann, Margrét Eir, Regína Ósk, Alma úr Nylon, Selma Björnsdóttir og Auðunn Blöndal hafa öll tekið þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna. Frægðarsól þessara einstaklinga hefur risið hátt eftir þátttöku í söngkeppninni sem er frábær stökkpallur til frekari frægðar.



**● BERMUDA ANNAST UNDIRLEIK** Hljómsveitin Bermuda sér um undirspil í keppninni, annað árið í röð og verður flytjendum til halds og trausts. Hljómsveitin var stofnuð í kringum menningarnótt árið 2004 en hana skipa Gunnar Þorsteinsson, trommur, Ingvar Alfreðsson, hljómborð, Pétur Kolbeinsson, bassi, Steinþór Guðjónsson, gítar og Íris Hólm, söngur. Sveitin á að baki eina plötu, Nýr Dagur, sem kom út árið 2007 en sveitin mun nýta sér tækifærið og frumflytja splunkunýtt lag á sjálfri Söngkeppninni.



**● MR, MH OG FNV HAFA OFTAST UNNIÐ** Keppt hefur verið í Söngkeppni framhaldsskólanna frá árinu 1990 en þá var það Fjölbrautaskóli Suðurlands sem fór með sigur af hólmi, í fyrsta og eina skiptið. Þrír skólar hafa oftast unnið keppnina eða þrisvar sinnum en það eru Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn í Reykjavík, og Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra.



**● MR OG MH UNNU TVISVAR Í RÖÐ** 32 skólar keppa í keppninni í ár en aðeins hafa tíu skólar unnið keppnina á þeim 20 árum sem hún hefur farið fram. Tvisvar hefur það gerst að sami skólinn hefur unnið keppnina tvö ár í röð. MR tókst það árin 1992 og 1993 en MH endurtók svo leikinn með sigri árið 1997 og 1998.



**● MAGNI TÓK ÞRISVAR ÞÁTT** Magni Ásgeirsson tók þrisvar þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna á sínum tíma. Fyrst fyrir Alþýðuskólann á Eiðum árið 1996 en þar tók hann lagið Wonderwall með Oasis. Ári síðar tók hann aftur þátt fyrir Menntaskólann á Egilsstöðum en söng þá lagið With or Without You með írsku sveitinni U2. Magni söng að lokum bakraddir fyrir félaga sinn þegar hann tók þátt í þriðja sinn.

**● TÍU ÁRA ALDURSMUNUR Á YNGSTA OG ELSTA KEPPANDA** Kristmundur Axel sem keppir fyrir Borgarholtsskóla er yngsti keppandinn í keppninni, aðeins 16 ára. Kristmundur tekur lagið Heaven eftir Eric Clapton í nýrri útgáfu sem á íslensku kallast Komdu til baka. Honum til fulltingis er tónlistarmaðurinn Júlí Heiðar. Elsti keppandinn er hins vegar Berglind Fríða Steindórsdóttir sem er 26 ára ogsyngur bakraddir í lagi Emmu Lovísu hjá Iðnskólanum í Hafnarfirði.

**● SYSTKINI KEPPA GEGN HVORT ÖÐRU** Systur og systkini keppa fyrir alls fjóra skóla í ár. Bryndís Elsa Guðjónsdóttir keppir fyrir Framhaldsskólann á Laugum með lagið Gravity. Bróðir hennar, Bjarni Kristinn Guðjónsson, syngur bakraddir í lagi Menntaskólans á Ísafirði. Systkinin Emma Lovísa Diego og Sigurjón Sindri Skjaldarborn keppa einnig fyrir sitthvorn skólann. Emma Lovísa tekur þátt fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði en Sigurjón Sindri tekur þátt fyrir hinn nýstofnaða Framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

**● ÞJÓÐIN HEFUR 50% VÆGI** Skapast hefur hefð fyrir því á undanförnum árum að leyfa almenningi að taka þátt í kosningu í gegnum síma og SMS í Söngkeppni framhaldsskólanna. Frá árinu 2005 hefur farið fram símakosning samhliða störfum dómnefndar og því hefur þjóðin helmingsvægi í vali á sigurvegurum keppninnar.



Allir keppendur fá sitt eigin símanúmer sem almenningur getur svo kosið meðan á keppninni stendur. Það fylgir því mikið álag á símkerfi þegar símakosning fer fram og á síðasta ári voru send um tíu þúsund SMS. Forsvarsmenn Söngkeppninnar telja að búast megi við að sú tala muni líklega tvöfaldast í ár en hægt verður að kjósa frá því að fyrsta atriði fer á svið og í 20 mínútur eftir lokakeppnisatriðið. Símakosningin gæti því spannað tvær og hálfa klukkustund sem gefur þjóðinni góðan tíma til að velja það sem henni líkar best. Með þessu móti er hægt að finna hinn gullna meðalveg milli þjóðar og dómnefndar.

## KEPPENDUR Í SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA 2010



EYRÚN ÖSP OTTÓSDÓTTIR
Fjölbr. Suðurnesja
900-2017



JÓHANNA FANNEY HJÁLMARSDÓTTIR WELDINGH
Verkmenntaskóli Austurlands
900-2018



HALLFRÍÐUR ÞÓRA TRYGGVADÓTTIR
Verzunarskóli Íslands
900-2019



ALEXANDER HERMANNSSON
Framhaldssk. á Húsavík
900-2020



HÖRÐUR MÁR BJARNARSON
Menntask. að Laugarvatni
900-2021



HÖSKULDUR KOLBEINSSON
Landb.hásk. Íslands
900-2022



KRISTINN ÞÓR SCHRAM REED
Menntask. í Kópavogi
900-2023



HÖRÐUR ÁRNASON
Kvennask. í Reykjavík
900-2024



Þetta er fjórða árið í röð sem AM Events kemur að keppninni. Frá vinstri: Andri, Einar Ben og Tindur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Í nógu að snúast hjá AM Events

Fyrirtækið AM Events sér um Söngkeppni framhaldsskólanna frá a til ö, en þetta er fjórða árið í röð sem fyrirtækið kemur að keppninni. Það eru þeir Andri Geirsson, Tindur Jensson, Einar Ben sem eiga og reka fyrirtækið, en það var stofnað í kringum keppnina árið 2007. Frá því hefur fyrirtækinu vaxið fiskur um hrygg og sér nú um framleiðslu á keppninni.

„Á síðasta ári tókum við alfarið við framleiðslu og útsendingarmálum á Söngkeppni framhaldsskólanna. Fyrirtækið hefur því vaxið hratt á skömmum tíma,“ segir Einar Ben en markmið fyrirtækisins er að koma að fleiri þekktum viðburðum. „Við höfum haldið helstu viðburði í Háskóla Íslands fyrir Stúdentaráð en einnig höfum við verið í samningsviðræðum um að taka að okkur fleiri þekkta viðburði eins og SamFés, Skrekk og Músíktilraunir. Við teljum að það sé rökrétt þróun hjá okkur á næstu tveimur árum,“ segir Einar en bætir við að fyrirtækið stefni ekki að því í framtíðinni að flytja inn hljómsveitir eins og var svo vinsælt fyrir nokkrum árum. „Við höfum meiri áhuga á að taka við rótgrónum viðburðum sem ganga ágætlega og gera þá enn þá stærri og betri.“

Það hefur verið mikið að gera hjá þeim félögum að undanförnu en þeir hafa undirbúið sig vel og telja að söngkeppnin muni ná nýjum hæðum. „Undirbúningur fyrir keppnina hefur verið langur og góður sem gerir okkur kleift að takast á við þetta verkefni með sem bestum hætti. Í ár koma um 200 manns að Söngkeppni framhaldsskólanna en rúmlega helmingur þeirra á launaskrá hjá AM Events sem sýnir hversu stór viðburðurinn er orðinn og á hvaða stall keppnin er komin.“



# Ilmvatn og adrenalín í veganesti

**Kynnar Söngkeppni framhaldsskólanna þetta árið eru tónlistarmaðurinn Erpur Eyvindarson og Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona. Þau hlakka til verkefnisins og segja keppnina vera frábæran stökkpall fyrir hæfileikafólk landsins.**

Þetta er skemmtilegt og hvetjandi í alla staði,“ segir Edda. „Það er greinilegt að keppendur eru að nýta sér sköpunargleðina út í ystu æsar. Sum atriðin eru hreint út sagt sýning út af fyrir sig.“

Erpur tekur undir þetta og segir að á 20 ára afmælishátíð keppni sem þessarar sé eins gott að það sé eitthvað almennilegt í gangi allt kvöldið. „Þetta er flottur hópur af keppendum og skemmtiatriðin á milli eru heldur ekkert slor,“ segir hann. „Þetta er svona eins og háskólaboltinn í körfunni í Bandaríkjunum, einn af hápunktum ársins. Svo framleiðir þetta bara stórstjörnur líka, þegar maður lítur á liðið sem er að gera það gott í dag. Svakalega margir sem hafa tekið þátt,“ segir Erpur.



Erpur og Edda munu bregða sér í hlutverk kynna á Söngkeppni framhaldsskólanna og reikna með rífandi stuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Edda tók sjálf þátt fyrir hönd MH fyrir mörgum árum. Þó vill hún ekki ljóstra upp smáatriðum um þátttökuna. „Það eina sem ég vil segja er að þetta var góð og gefandi reynsla. En ég held að ég muni standa mig betur sem kynnir heldur en keppandi,“ segir hún.

Edda hlakkar til að takast á við hlutverk kynnis og segir það skipta sköpum í undirbúningnum að vera á tánum og með allt sitt á hreinu. „Þetta er allt annað en leiklistin. Það er ákveðinn stressfaktor sem fylgir því að vera í beinni útsendingu og þurfa að passa sig á því að koma öllum upplýsingum rétt frá sér. En ég skýt þá bara á Erp til að koma með einhverja limru.“

Kynnarnir tveir segja að besta ráðið fyrir keppendur til þess að undirbúa sig sé bara að taka þessu með ró og njóta þess að vera miðpunktur senunnar. „Maður á bara að vera með allt sitt á hreinu og leyfa adrenalíninu að vinna með sér,“ segir Erpur. Edda gefur keppendum einnig þau ráð að setja á sig gott ilmvatn, en umfram allt njóta þess að vera til. - SV






# Snýst um að hljóma vel

„Fyrir utan að vera frábært tækifæri fyrir fólk að spreyta sig, þá rífur þessi keppni upp félagslífið í skólunum meira en nokkuð annað. Ég hafði aldrei stefnt á feril sem söngvari fyrr en ég tók þátt,“ segir Sverrir Bergmann sem bar sigur úr býtum í keppninni árið 2000 með laginu Án þín, sem var íslenska útgáfa lags Bon Jovis, Always. Félagarnir Auðunn Blöndal, Brynjar Elefsen og Sverrir sömdu textann fyrir hönd Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Lagið sló í gegn og trónaði í efsta sæti íslenska vinsældalistans fimm vikur í röð. „Þetta kom manni á kortið sem söngvara. Maður veit í raun aldrei hvað hefði gerst ef ég hefði ekki tekið þátt.“ Sverrir veitir keppendum í ár þau ráð að velja sér lag sem hljómar vel og muna að þetta sé söngkeppni en ekki laga- eða textakeppni. „Fólk verður að taka þessu alvarlega. Aldrei er að vita hvað þetta getur gert fyrir mann í framtíðinni.“



Sverrir Bergmann

## KEPPENDUR Í SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA 2010

 

**KRISTMUNDUR OG JÚLÍ HEIÐAR**
Borgarholtsskóli
**900-2025**



**KRISTÍN HRÖNN JÓNSDÓTTIR**
Menntask. við Sund
**900-2026**



**KRISTRÚN HILDUR BJARNADÓTTIR**
Verkmenntask. á Akureyri
**900-2029**



**BJARNI FRIÐRIK GARÐARSSON**
Framhaldssk. í A-Skaftafellss.
**900-2030**



**GUNNAR GUÐNI HARÐARSON**
Fjölbr. Suðurlands
**900-2027**



**ØYSTEIN MAGNÚS GJERDE**
Menntask. á Egilsstöðum
**900-2028**



**SILJA ELSABET BRYNJARSDÓTTIR**
Fj.brautask. Vestmannaeyja
**900-2031**



**GUÐBJÖRG HILMARSDÓTTIR**
Menntask. í Reykjavík
**900-2032**

Brakandi ferskt og hollt á Nings

# JAPANSKT Wakame SALAT

**Frábær blanda af salati, grilluðum kjúklingaspjótum, ristuðum cashew hnetum og sesam dressingu.**

aðeins **995** krónur





*Wakame salatið er einnig afgreitt í hentugum skálum fyrir þá sem eru á ferðinni.*

**-alltaf eitthvað nýtt!**

# NINGS

Suðurlandsbr. 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • **Sími: 588 9899**

**www.nings.is**



Vel er tekið á móti þeim sem leggja leið sína til Akureyrar í tilefni af keppninni.

# Keppt í fjórða sinn á Akureyri

Sú hefð hefur skapast undanfarin ár að Söngkeppni framhaldsskólanna fari fram á Akureyri og fer keppnin fram í fjórða skiptið í röð í höfuðstað Norðurlands. Framhaldsskólanemendur, keppendur og fylgifiskar flykkjast til Akureyrar og er talið að um 4.000 manns bættist við íbúafjöld Akureyrar þá helgi sem Söngkeppnin fer fram.

Á Akureyri eru tveir framhaldsskólar og sjá þeir framhaldsskólanemum fyrir gistingu yfir helgina. Keppt hefur verið víða, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, en aðstandendur keppninnar undanfarin ár hafa valið Akureyri sem keppnisstað enda er bæjarfélagið í góðri aðstöðu til að taka við þeim gríðarlega fjölda framhaldsskólanema sem fylgja keppninni.



Allir keppendur fá sína eigin aðdáendasíðu á Facebook.

# Gríðarlega öflug á Facebook

Söngkeppni framhaldsskólanna er engin eftirbátur hvað tækni varðar og er keppnin að sjálfsögðu komin með síðu á samskiptasíðunni Facebook. Yfir tíu þúsund manns eru aðdáendur keppninnar á Facebook en það samsvarar um þriðjungi framhaldsskólanema á landinu.

Síðan hefur verið gríðarlega öflug frá því hún var opnuð og eru myndbrot með keppendum, kynningarefni og skemmtilegum mistökum sem orðið hafa fyrir framan myndavélarnar. Allar upplýsingar um keppnina er einnig að finna á síðunni og hægt er að hlusta á öll lögin sem keppa í ár. Það þarf því ekki að fara langt til að verða sér úti um upplýsingar um keppnina. Sjá Facebook.com/songkeppni.

BYRJAÐU AÐ LÉTTAST OG LÍÐA BETUR STRAX Í DAG

4 vikna Lúxusnámskeið NORDICASPA
fyrir konur og karla

Helga Pálsdóttir, 40 ára og 4 barna móðir
Ráðgjafi hjá Allianz – Missti 8 kg á 9 vikum.
Að vera orkumeiri og léttari er orðinn lífsstíll hjá mér.
Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!

Daglegur fróðleikur um mat & næringu fullt af uppskriftum
Hjá okkur færðu alltaf þjálfara í æfingunum
Vikulegar mælingar mikið aðhald

Lúxusnámskeið Nordicaspa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 12. apríl**
Fyrirlestur 10. apríl
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

Auglýsingasími 512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...



**Vesturberg - góð verönd**
Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sér afgirtri timburverönd. Íbúðin skiptist í hol, stofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og eldhús. Í sameign er sér geymsla, sameignar þvottahús með vélum og hjóla geymslu. V. 20,9 m. 5531



**Þórðarsveigur - endaíbúð**
Vönduð útsýnissíbúð á 5. hæð í fallegu lyftuhúsi á mjög góðum stað við Þórðarsveig í Grafarholti ásamt stæði í góðri bílageymslu. Sérinng. af svalagangi. 3 herb. parket, flísar, sérþvottahús. Einstakt útsýni. Skipti mögul. á 3ja í miðbæ eða vesturbæ. V. 25,9 m. 5550



**Flyðrugrandi - laus fljótlega - jarðhæð**
Falleg vel skipulögð 131,5 fm 4ra herbergja íbúð á 2.hæð (jarðhæð inngangsmegin) í góðu fjölbýli á fínum stað í vesturbæ Reykjavíkur. Sérinngangur. Húsið er að sjá í góðu standi. 3. svefnherb. Endurnýjað vandað baðherbergi. Stór stofa. Suðursvalir V. 31,5 m. 5542



**Bjartahlíð - falleg 4ra**
Falleg og rúmgóð 93,8 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli með sérinngangi af svölum við Bjartuhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin er laus strax. V. 20,5 m. 5546



**Kleppsvegur - glæsilega endurnýjuð**
Falleg og mikið endurnýjuð 101 fm íbúð á efstu hæð í fjölbýli með stórglæsilegu útsýni. Íbúðin hefur nánast öll verið endurnýjuð, m.a. gólfefni, eldhús, innréttingar og tæki, hurðir, nýtt ídregið rafmagn og tenglar, baðherbergi, svalahurðir, gler og gluggar. V. 23,5 m. 5527



**Drafnarstígur - sjarmerandi íbúð**
Falleg mjög vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 3.hæð í vel staðsettu fallegu húsi í Vesturbænum. 2 svefnherbergi og tvær stofur. Nýl. parket. Flísalagðar svalir. Fallegt útsýni. V. 21,9 m. 5529



**Lómasalir - vönduð endaíbúð m. bílskýli.**
Vönduð 4ra herbergja 121,7 fm endaíbúð á 3.hæð í álklæddu lyftuhúsi á mjög góðum útsýnisstað ásamt stæði í bílageymslu. Innangengt í bílskýlið. Mjög vandaðar innréttingar. Parket, sérþvottahús. Stórar flísalagðar svalir. Sérhönnuð lýsing. V. 28,9 m. 5525



**Safamýri - með bílskúr.**
Falleg vel skipulögð 128,9 fm. íbúð á 3.hæð í enda í góðu viðgerðu fjölbýli ásamt 21,6 fm bílskúr. Tvennar svalir. Þrjú svefnherbergi og tvær samliggjandi stofur. Fallegt útsýni. Nýlegt gler. Nýlega endurnýjuð sameign. V. 26,4 m. 5458



**Eskihlíð - endaíbúð**
Falleg og björt þriggja herbergja endaíbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi við Eskihlíð. Í kjallara er gott herbergi með aðgangi að snyrtingu auk sér geymslu. Glæsilegt útsýni. V. 23,9 m. 5259



**Kjarrhólmi - fallegt útsýni**
Falleg 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð. Fallegt útsýni er úr íbúðinni yfir Fossvogin og stutt í skóla og leikskóla. Þvottahús innan íbúðar. Íbúðin er skr. 89,5 fm hjá FMR en til viðbótar er ca 10 fm geymsla og er því íbúðin um 100 fm. V. 19,9 m. 5417



**Háaleitisbraut - mikið endurnýjuð íbúð.**
Glæsileg 104,9 fm 4ra til 5 herbergja íbúð á 2. hæð auk 18 fm herbergis í kjallara í góðu fjölbýlishúsi við Háaleitisbraut. Eignin skiptist m.a. í hol, gang, stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi og þrjú herbergi. Sér geymsla í kjallara og sameiginlegt þvottahús. V. 25,9 m. 4943

## 3ja herbergja



**Mosarimi - efri hæð - sérinngangur.**
Falleg mjög vel skipulögð 84 fm 3ja herbergja efri hæð í fallegu litlu fjölbýli. Sérinngangur af svölum. Góðar innréttingar. Suðursvalir. Hús að sjá í góðu standi. Sérþvottahús innan íbúðar. Mjög góð staðsetning. V. 19,5 m. 5551



**Víðimelur - góð íbúð**
3ja herbergja hæð (1.hæð) á eftirsóttum stað. Íbúðin skiptist í gang, eldhús, stofu, stórt svefnherbergi, barnaherbergi og baðherbergi. Í kjallara fylgir sér geymsla eða herbergi sem er parketlagt. V. 17,9 m. 5475



**Dalaland Fossvogi- Góður garður**
Mjög góð 3ja til 4ra herbergja fossvogs íbúð með útgengi út á fallega verönd og garð. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð og er skráð 102,5 fm, en þar að auki er 7 fm sólstofa. V. 29,9 m. 5442



**Gullengi - laus strax**
Góð 3ja herbergja ca 83 fm íbúð á þriðju hæð. Íbúðin er björt og með góðu útsýni. Sameignar bílskúr sem nýttur er til þrifa og smáviðgerða, V. 18,7 m. 5405



**Kleppsvegur -**
Falleg vel skipulögð 3ja herb. 84,5 fm íbúð á 2.hæð í mikið viðgerðu lyftuhúsi á fínum útssýnisstað neðst við Kleppsveg. Nýl. gluggar, gler, svalahurð og fl. V. 20,9 m. 5429



**Hraunbær - laus strax**
Rúmgóð þriggja herbergja 98 fm íbúð á þriðju hæð. Íbúðin skiptist í hol. stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og baðherbergi. Í sameign er sérgeymsla og hjólageymsla. V. 16,5 m. 4861

## 2ja herbergja



**Gautland - með verönd**
Góð tveggja herbergja 48,5 fm íbúð á jarðhæð með verönd. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhúskrók, svefnherbergi og baðherbergi. Svaladyr eru úr stofu út á suðurverönd. V. 14,4 m. 5486



**Reykjavíkurvegur - HF. laus strax.**
Góð ágætlega skipulögð 2ja herbergja 74,6 fm íbúð á 2.hæð í fjölbýli á fínum stað í firðinum. Rúmgóðar stofur sem mætti skipta upp. Eign sem þarfnast smá yfirhalningar. Gott verð. V. 13,9 m. 5410



**Háaleitisbraut - rúmgóð 2ja**
Rúmgóð 67,5 fm í íbúð í kjallara í fallegu fjölbýlishúsi við Háaleitisbrautina. Eldhúsið er með nýlegri eikar innréttingu og góðum tækjum. Íbúðin er laus strax. Sérgeymsla íbúðarinnar er á sömu hæð. V. 14,0 m. 5347



**Hringbraut - mikið endurnýjuð**
Mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í húsi sem nýlega hefur verið endursteinað að utan og settar svalir á íbúðina. Íbúðin er laus strax. V. 13,5 m. 5310



**Álfheimar- góð lofthæð**
Góð ca 60 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með mikilli lofthæð og útgengi út í afgirtan stóran garð með leiktækjum. Um er að ræða mjög skemmtilega íbúð sem er útbúin seinna en aðrar hæðir í húsinu. Stutt er í alla helstu þjónustu en húsið stendur við Glæsibæ. V. 15,5 m. 5305



**Fannarfell - álklætt hús - 2ja herb.**
Góð vel skipulögð 67,3 fm 2ja herbergja íbúð á 2.hæð (einn stigi upp) í álklæddu fjölbýli. Yfirbyggðar svalir. Góðar innréttingar og skápar. Góð sameign. Linoleum dúkur á gólfum. Örstutt í skóla og leikskóla. Laus strax, lyklar á skrifstofu. V. 11,9 m. 5249



**Klapparhlíð - Góð íbúð með útsýni**
Góð 66,7 fm 2ja herbergja íbúð með sérinngang af svölum á 2. hæð. Íbúðin er mjög vönduð með fallegum innréttingum og útsýni. Þvottaherbergi er inn af baðherbergi. V. 18,0 m. 5242

## Sumarhús



**Sumarhús í Hreðavatnslandi**
Fallegur sumarbústaður í Hreðavatnslandi, Borgarbyggð. Húsið er 53,9 fm timburhús með verönd og heitum potti. Staðsetning er á skjólgóðum stað skammt við Bifröst V. 15,0 m. 5426



**Kýrholt - Borgarbyggð**
Nýr 96,1 fm sumarbústaður skammt frá Borgarnesi. Húsið skiptist í forstofuhol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, stofu með eldhúskrók, svefnloft og geymslu. Húsið stendur á 8.625,0 m² eignarlandi. V. 19,0 m. 5428

## Norðurbakki 23-25 - einstakt útsýni



Ný hugsun - ný verð - örfáar íbúðir eftir - Einstök samsetning staðsetningar við sjóinn og klassískrar hönnunar. Skýrar útlínur og hagnýt hönnun sem höfðar til allra skilningarvita. Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja fullbúnar íbúðir án gólfefna til afhendingar strax. Gott staðgreiðsluverð.

## Ásakór 13-15 - gott verð



Fallegar og vel hannaðar 3ja - 5 herbergja útsýnisíbúðir í lyftuhúsi. Íbúðirnar sem eru til afhendingar strax eru fullbúnar án gólfefna. Stæði í bílageymslu fylgir sumum íbúðum. Í húsinu eru 32 íbúðir í tveimur stigahúsum.
Verð: 3ja herbergja ca 103 fm eru frá 21,9 - 23,4 m.
Verð: 4ra herbergja ca 140 fm eru frá 26,4 - 28,5 m.
Verð: 5 herbergja ca 157 fm eru frá 28,4 - 30,9 m. 5262

## Íbúðir við Kópavogsbraut í Kópavogi



Höfum til sölu íbúðarrétt að þjónustuíbúðum fyrir aldraða hjá Sunnuhlíðarsamtökunum. Studíó íbúð 50 fm að Kópavogsbraut 1B verð: 13,8 milljónir 2ja herb. íbúð 61 - 66 fm að Kópavogsbraut 1A og 1B verð: 17,7 - 20,5 milljónir.
Notalegar íbúðir og fallegt umhverfi. Mikil og góð þjónusta. Mikil sameign.

## Súðarvogur 3-5 - til leigu



Til leigu - Súðarvogur 3-5 - fyrrum Timbursala Húsasmiðjunnar. Skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Skemmur af ýmsum stærðum. Ýmsar stærðir í boði. Hagstætt leiguverð 5543

# Eignir óskast

## Óskum eftir nýlegri íbúð
Traustur kaupandi óskar eftir 120-150 fm íbúð í nýlegu fjölbýlishúsi miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin þarf að hafa lágmark 3 svefnherbergi og helst gestasnyrtingu. Íbúðin má kosta allt að 45 milljónir og yrði um staðgreiðslu að ræða. Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson í síma 861-8514 eða Magnús Geir Pálsson í síma 892-3686

## Óskast til leigu
Fjársterkur aðili óskar eftir fasteign til leigu í vesturbæ Reykjavíkur eða á Seltjarnarnesi. Um er að ræða leigu til eins árs frá júlí næstkomandi. Óskað er eftir hæð eða sérbýli. Upplýsingar gefur Hilmar löggiltur leigumiðlari í síma 824-9098.

## Sumarbústaður við Þingvallavatn óskast
Óskum eftir sumarbústað við Þingvallavatn (við vatnið). Bústaðurinn má kosta á bilinu 30-70 milljónir. Staðgreiðsla í boði. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson.

## Einbýlishús í Þingholtunum óskast - staðgreiðsla
Óskum eftir 300-400 fm einbýli í Þingholtunum. Verð mætti vera á bilinu 80-140 milljónir. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson í síma 861-8514.

## Einbýlishús í Vesturborginni óskast - staðgreiðsla
Óskum eftir 250-350 fm einbýli í Vesturborginn. Verð mætti vera á bilinu 90-140 milljónir. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson í síma 861-8514.

## Sérhæð óskast
Traustur kaupandi óskar eftir 140-170 fm sérhæð. Þessir staðir koma til greina: Vesturbær, Hlíðar og nágrenni Miklatúns. Allar nánari uppllýsingar veita Sverrir Kristinsson og Hilmar Þór Hafsteinsson.



# Glæsiíbúðir í Melgerði, Reyðarfirði

**Til sölu – Til leigu**

**Opið hús í Melgerði 11 kl. 12.00 - 14.00 sunnudaginn 11. apríl.**
**Verið velkomin, heitt kaffi á könnunni.**

Íbúðir í Melgerði 13 ( fyrir 55+) sýndar á sama tíma eftir samkomulagi.
Tveggja herbergja 73 fm, þriggja herbergja 91 fm og fjögurra herbergja 108 fm.

Íbúðalánasjóður býður til sölu eða leigu þessar nýju, glæsilegu og nútímalegu hönnuðu íbúðir. Íbúðirnar eru fullbúnar með vönduðum innréttingum. Byggingin er staðsett í miðbæ Reyðarfjarðar. Þaðan er stutt í verslun, banka, heilsugæslu, skóla, íþróttahús o.fl. Íbúðirnar eru bjartar og útsýni frá þeim gerist vart betra.

**Eldhús:** Innréttingar spónlagaðar með eik. Vönduð tæki, keramikhelluborð og ofn í góðri vinnuhæð, tengi fyrir uppþvottavél.
**Bað:** Innréttingar með áfelldum vaski, hvítar hurðir, hvítt salerni. Baðkar með sturtu.
**Þvotthús:** Innan íbúðar, gert er ráð fyrir þurrkara með rakaþéttingu.
**Fataskápar og innihurðir:** Fataskápar í forstofu og herbergjum, spónlagðir með eik og sama áferð er á hurðum.
**Sameign:** Sérlega snyrtileg. Lyfta er í húsinu. Sameign er fullfrágengin. Anddyri, forstofa, lyftuhús í kjallara og á fyrstu hæð eru flísalögð. Gólf á lyftugöngum og stigagöngum eru teppalögð. Öllum íbúðum fylgir sérgeymsla í kjallara og hlutdeild í vagna- og hjólageymslu.
**Frágangur lóðar:** Húsin eru fullbúin að utan. Lóð er fullfrágengin. Bílastæði eru malbikuð með afmörkuðum línum. Gangstéttar eru hellulagðar. Sérafnotaréttur fylgir íbúðum á jarðhæð og er verönd þeirra hellulögð.

**Nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður fasteigna Íbúðalánasjóðs**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður



# Kaupvangur 43 og 45, Egilsstöðum

**Til sölu – Til leigu tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir**

**Opið hús kl. 16.00 - 18.00 sunnudaginn 11. apríl.**
**Verið velkomin að skoða þessar glæsilegu íbúðir, - heitt kaffi á könnunni.**

Íbúðalánasjóður býður til sölu eða leigu glæsilegar, nútímalega hannaðar íbúðir með vönduðum innréttingum. Íbúðirnar eru bjartar og útsýni frá þeim er mjög skemmtilegt. Innréttingar eru spónlagðar með eik og hurðir í íbúðinni eru í sama stíl. Vönduð tæki og búnaður, svefnherbergi með fataskápum, stofa er björt og rúmgóð með góðum suðursvölum, skápar í forstofu, þvottahús innan íbúðar. Mjög vönduð sameign - rúmgóð lyfta. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara og hlutdeild í vagna- og hjólageymslu. Lóð er fullfrágengin, bílastæði malbikuð, stéttar eru steyptar og hellulagðar.

**Í Kaupvangi 43 eru tveggja og þriggja herbergja íbúðir**
**en í Kaupvangi 45, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir.**

**Nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður fasteigna Íbúðalánasjóðs**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður





# HVAÐ ER Í MATINN? Á VÍSIR.IS

vísir.is kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á vísir.is



vísir.is
...ég sá það á vísir.is

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

## Bæjarlind 14-16, Kópavogi




Skrifstofuhúsnæði á 3ju hæð (efstu). Húsnæðið er með glugga á 4 vegu, glæsilegt útsýni. Í sama húsnæði á annarri hæð eru til leigu ca 10 fm og ca 50 fm skrifstofuherbergi. Sameiginleg kaffiaðstaða og snyrting.

## Stangarhylur 7, Reykjavík




Mjög gott 396 fm verslunar / skrifstofuhúsnæði á jarðhæð (áður endurhæfingarstöðin Styrkur). Húsnæðið skiptist í móttöku, skrifstofur, sal og fl. Á gólfum er perket og dúkur.

Í kjallara eru 265 fm með innkeyrsludyrum, Góð lofthæð (ca: 3,70). Gott aðgengi.

## Skeiðarás 3, Garðabær




Lager eða verkstæðishúsnæði , 504 fm sem hentar vel fyrir ýmsan iðnað eða verkstæði. Mjög gott útisvæði er við húsið.

Leifur Aðalsteinsson lögg. fasteignasali

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## TIL LEIGU

**Lágmúli 9**
**105 Reykjavík**

### SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Á 6. HÆÐ OG 7. HÆÐ

Um er að ræða bjart og vinnuhvetjandi skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi. Húsnæðið er allt nýuppgert – eikarinnréttingar og ljóst steinteppi á gólfum. Núna eru fjórar skrifstofur stúkaðar af með glerveggjum. Góð kaffi- og fundaraðstaða. Húsnæðið er vel staðsett m.t.t. samgangna og næg bílastæði eru við bygginguna.

Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Jensson**
840 2100
halldor@reitir.is

www.reitir.is



## TIL LEIGU

**Laugavegur 26**
**101 Reykjavík**

### SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Á 3. HÆÐ

Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á 3. hæð við Laugaveg. Húsnæðið skiptist í fjórar rúmgóðar skrifstofur, fundarherbergi, kaffistofu og snyrtingu. Aðkoma að húsinu er frá Grettisgötu. Frábær staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. Laust strax

Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Jensson**
840 2100
halldor@reitir.is

www.reitir.is




## TIL LEIGU

**Höfðabakki 9**
**110 Reykjavík**

### SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Á 3. HÆÐ

Um er að ræða mjög gott um 350 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. Húsnæðið skiptist í skrifstofur, fundarherbergi, kaffistofu og snyrtingar. Geymsla í sameign. Gott húsnæði með glæsilegu útsýni. Lyfta er í húsinu og næg bílastæði á lóðinni. Laust eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Jensson**
840 2100
halldor@reitir.is

www.reitir.is




*Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk*

**REITIR**
Fasteignafélag

Fasteignafélagið Reitir er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.



„Það hefur verið vel rannsakað að hreyfing, þar sem maður tekur verulega á, virkar gegn þunglyndi," segir María Einisdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra geðsviðs Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Vorið getur verið mörgum erfitt sem þjást að þunglyndi og öðrum geðsjúkdómum en mjög einstaklingsbundið er hvernig árstíðir spila inn í veikindin.

# Vorið ekki öllum auðvelt

**Á meðan margir gleðjast yfir hækkandi sól og hitastigi geta þeir sem þjást af til dæmis þunglyndi upplifað vorið sem mjög erfiðan tíma, ef þeir bera sig saman við þá sem finna sumargleðina auðveldlega.**

María Einisdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra geðsviðs og mannauðsráðgjafi geðsviðs Landspítalans, segir það vel þekkt fyrirbæri að vorin sé ekki endilega besti tíminn fyrir þá sem eiga við þunglyndi að etja. „Það er þekkt að vorin eru ekki endilega besti tíminn. Fólk fer að bera sig saman við aðra í þjóðfélaginu, sem gleðjast yfir sumrinu og gleðin, sem manni er ætlað að finna en finnur ekki, er bara til að undirstrika þessi miskunnarleysu veikindi," segir María.

„Maður heyrir oft frá sjúklingum að þeim finnist erfitt þegar gróðurinn er að koma til, úti er hækkandi sól, en enn eru þessi dimmu ský þunglyndis yfir öllu," segir María og bætir við að þó sé þetta misjafnt eftir tegundum þunglyndis og til dæmis er skammdegisþunglyndi verra á veturna.

„Það er mjög einstaklingsbundið hvernig árstíðir spila inn í þunglyndið og hvort þær gera það. Það sem er mikilvægt er að leyfa sér að staldra við og reyna að njóta litlu hlutanna í umhverfinu sem eru gefandi. Leyfa sér að njóta fallegu litanna, fuglasöngsins og því sem náttúran gefur. Fyrir mjög þunglynt fólk er það þó mjög erfitt. Hreyfing er líka þekkt bjargráð og það getur verið auðveldara fyrir fólk að koma sér að því að hreyfa sig með hækkandi sól og hlýnandi veðri. Það hefur verið vel rannsakað að hreyfing, þar sem maður tekur verulega á, virkar gegn þunglyndi og starfsfólk geðheilbrigðisþjónustunnar hvetur fólk mjög til þess að hreyfa sig og við bjóðumst til að fara út að ganga með þeim sjúklingum sem eru það veikir að þeir treysta sér ekki einir. Í dýpsta þunglyndinu finnst fólk oft mjög erfitt að heyra minnst á það að fara að hreyfa sig en þegar fólk er komið úr úr erfiðustu veikindunum er þetta eitt af mikilvægustu leiðunum til að ná bata."

*juliam@frettabladid.is*

# Fjöldi slysa

**Flest slys verða í umferðinni en næstflest í heimahúsi eða frítíma.**

Á vef landlæknisembættisins er að finna áhugaverða tölfræði um margt það sem tengist heilbrigðisþjónustu. Meðal annars eru þar tölur úr Slysaskrá Íslands. Slysaskráin er miðlægur gagnabanki sem inniheldur upplýsingar um slys með meiðslum og upplýsingar um eignatjón í umferðaróhöppum. Hér fyrir neðan er tekið dæmi um slíkar tölur.

**FJÖLDI SLYSA EFTIR TEGUND ÁRIÐ 2008**

| | |
|---|---|
| **Umferðarslys** | 11.831 eða 28,2% |
| **Vinnuslys** | 6.997 eða 16,7% |
| **Heima- og frítímasl.** | 14.322 eða 34,1% |
| **Sjóslys** | 81 eða 0,2% |
| **Íþróttaslys** | 3.464 eða 2% |
| **Skólaslys** | 2.344 eða 5,6% |
| **Önnur slys** | 2.954 eða 7% |




Tæplega 12 þúsund manns slösuðust í umferðinni árið 2008.




**teg. Nina** - "push up" í B,C,D skálum á kr. 6.885,-



**teg. Nina** - "push up" fyrir brjóstgóðar í D,DD,E,F,FF,G skálum á **kr. 6.885,-**

Misty -fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 2070**
**Sími 551 3366.**
**Opið mán.-fös. 10-18,**
**laugard. 10-14.**
**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.**
**www.misty.is**

Vertu vinur

Auglýsingasími 512 54 01 FRÉTTABLAÐIÐ


## Röntgentæknin stundum óáreiðanleg

NÝ RANNSÓKN SÝNIR AÐ RÖNTGENMYNDIR SÝNI EKKI ALLTAF ÖLL BEINBROT Í MJÖÐM OG MJAÐMAGRIND.



Litið á röntgenmynd.

Bandarískir læknar við Duke-háskólann framkvæmdu rannsóknina. Þeir endurmátu röntgenmyndir 92 sjúklinga sem höfðu orðið fyrir hnjaski á mjöðm og mjaðmagrind með því að nota MRI-skanna sem er nákvæmari rannsóknaraðferð. Þá kom í ljós að læknum höfðu yfirsést 35 brot. Niðurstöðurnar voru birtar í tímaritinu American Journal of Roentgenology.

Í rannsókninni voru meðal annars rannsakaðir 13 sjúklingar sem kvörtuðu undan sársauka en virtust vera óbrotnir samkvæmt röntgenmynd. Við nánari athugun með MRI-skanna komu í ljós 23 brot í þessum 13 sjúklingum.

Fimmtán sjúklingar sem röntgenmyndir sýndu að væru brotnir voru einnig athugaðir og þá komu í ljós 12 brot til viðbótar við þau sem þegar var vitað um. Niðurstaðan gat einnig verið á hinn veginn. Ellefu sjúklingar sem röntgenmyndir bentu til að væru brotnir voru óbrotnir þegar þeir voru rannsakaðir með MRI-skanna. Rannsakendur töldu mikilvægt að læknar nýttu sér MRI-tæknina ef þeir væru í vafa. Þó var tekið fram að dýrt væri að nota MRI-aðferðina og alls ekki til þess ætlast að nota hana í öllum tilvikum enda röntgenmyndir í flestum tilvikum nógu góðar.


JÓGADANSFLÆÐI

Föstudaga kl. 17:30

Námskeið hefst 9. apríl
í Gerðubergi Reykjavík.



Marta Eiríksdóttir

Púlsinn námskeið

Skráning og nánari upplýsingar
s. 848 5366 og www.pulsinn.is



Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

### Trjáklippingar
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

### Er öspin til ama ?
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

**Skattaframtal 2010**
**Bókhald,framtöl,stofnun fél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl. HAGSTÆTT VERÐ.**
**s. 517-3977,framtal@visir.is**

**FRAMTAL 2010**
**Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Sæki um viðbótarfrest fram í maí.**
**Opið einnig um helgar.**
**Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

## Fjármál

Skattframtal 2010. Einfalt framtal kr. 3.000. Frestir. Framtalsþj. HR s. 6634141.

## Málarar

### Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

LP VERK
SÍMI: 698 6738
Allar almennar húsaviðgerðir !!
Múrarar
Smiðir
Flísalagnir
Málarar
Rafvirkjar
Píparar
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu !
WWW.LP-VERK.IS

**Flisaverk.is**
**Gerum upp baðherbergið frá A-Ö. Fagleg ráðgjöf við val á hreinlætistækjum. Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir- Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar.**
**kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.**
**Visa/Master kortalán**

**Iðnaðarmenn/ Byggingarfyrirtæki**
**Allt að 5 góð einbýlishús til sölu nálægt herstöðinni Ramstein í Þýskalandi, höfuðstöðvum flughers USA í Evrópu. Öruggur leigumarkaður til fjölskyldna hermanna. 2 hús er í leigu en 3 húsanna þarfnast endurnýjunar. Seljandi leitar að íbúð í Reykjavík/Reykjanesi sem hluta af kaupverði.**
**Áhugasamir sendi tölvupóst á MartinModelHomes@yahoo.com**

### Smíði, múrun, málun og flísalögn....
Iðnaðarmannateymi óskar eftir verkefnum inni & úti Bað, eldhús, verönd Sjá verkadvinna.is S.6995678

### Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

### BORGARSMÍÐI ehf. ALHLIÐA TRÉSMIÐAVINNA.
Þarftu að byggja eða breyta? Borgarsmíði er með margra ára reynslu í faginu. Erum með fagmenn á öllum sviðum. Endilega hafðu samband. Sigurður: 899-5999 borgarsmidi@simnet.is

Málarameistari, múrarar, flísalagnir, parket, svo sem málun utan sem innan og steypumúr og margt fleira. s. 771 6673.

### N & V Verktakar ehf
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

### Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD. Exclusive whole body massage in downtown.S.692 2126

Frábært nudd, fullkomin þjónusta. 6620841

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 4850 & 857 5015.

Nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264.

### NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta



### GreenHouse
vor -sumarvaran er komin. Verið velkomin að sækja frían bækling. Eldri vara seld með miklum afslætti. Opið í dag þriðjudag 13-19 GreenHouse Rauðagerði 26.

## Spádómar

**Steinunn 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.**
**Opið 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Draumar
Tarot
Er við alla daga frá hádegi til miðnættis

### Spásími Daddýar 846 6364
Opið frá kl. 15-20 alla daga. Visa/Euro

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

. . . . . HARLEY ÓSKAST ! Er að leita mér að draumahjólinu Staðgreiðsla í boði fyrir rétt hjól. jm.gudmundsson@gmail.com . . . . .

## Til bygginga

Hjóla og veggjapallar




KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



### TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

BodyNudd.Slökun og unaður,láttu stjana við þig þú átt það skilið. Uppl í S 8486255 Kv BodyNudd

### NUDD
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Frábært nudd - good massage. S. 844 0329 & 846 1397.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Í Heitsteinanuddi verður 23 og 24 apríl. upplýs: Sigurrós nuddfræðingur 8600812

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

GÁMAVERÐ!!!
Stólar frá 8.300



Felliborð
stakar plötur
Sérpantanir
Nývaki ehf.

Búslóð til sölu. Selst ódýrt. 38' LCD 80þ. S. 844 9382.

## Dýrahald

### Gott heimili óskast sem fyrst fyrir 9 mánaða voffa

Vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna vantar 9 mánaða hvolpinum okkar Cocker Spaniel nýtt og barnlaust heimili (allavega ekki ung börn) hjá góðu fólki sem elskar göngutúra/hreyfingu og er frekar mikið heima. Er húsvanur og kann mikið. Sanngjarnt verð. Uppl. í s. 699 2778 eftir kl. 12:00

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

## Þjónusta




Seljum notaða vörugáma á útsöluverði. Henta vel t.d. sem geymslur eða áhaldahús. Leitið upplýsinga í síma 535 2550.

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

# Er kominn í þig vorhugur?

**Ertu að undirbúa tiltekt í bílskúrnum, jarðvinnu eða einhverjar aðrar framkvæmdir?**

ÓDÝRT!



Gámaþjónustan hf. býður nú þjónustu með opna og lokaða gáma á sérstöku tilboði. Leiga í allt að viku, akstur til og frá, losun og eyðingargjöld.

**Upplýsingar í síma 535 2510**

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Söludeild Hringhellu 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510
soludeild@gamar.is • www.gamar.is

ALLT FASTEIGNIR
Fasteignasala og leigumiðlun
www.alltfasteignir.is
S. 565 1233
Húsaleigusamningar

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Stórt herb á 105 m. húsg. og svölum, net. m. aðg að öllu. Reyklaus. Big room close to Kringlan w. internet access to everyting 45 + 45. S. 821 6929

Við Hallargarðinn Til leigu flott hús, um 230 m2. Glæsileg 6 herbergja sólrík íbúð með garði, verönd og svölum, arinn í stofu. Útsýni yfir Reykjavíkurtjörn. Sími 698 3618

Nýstandsett 55ferm íbúð til langtíma-leigu í Mosfellsbæ. Reyklaust/engin gæludýr, 3 mán. fyrirfram, 85þús per mán. Húsaleigubætur. Uppl. síma 6911603 - 6998832

Apartment for rent on weekly basis in 101 Reykjavík, from 1 of mai. Information about the apartment is on Facebook: 101 Reykjavik-apartment, and tel: +354561 1479, +354898 1866.

**SKAMMTÍMALEIGU**
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Keilir Esjan V-Kópavogur sérh. 110 fm, 4 herb. Tilboð, trygging. Sími 8644984.

## Fasteignir



**Ásgarður 17- endaraðhús- opið hús og frábært verð.**
Fallegt raðhús á þremur hæðum samtals 137 fm. Hús í góðu standi. Stór endalóð með stórum palli. Verð aðeins 26 millj. Ekkert áhvílandi engin skipti. Fyrstur kemur fyrstur fær. Opið hús í dag kl. 16.-16.40 s: 771 9432.

## Sumarbústaðir

Aukin eftirspurn - Frí skoðun og verðmat. Jón Rafn hjá Valhöll s. 695 5520.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

PORTIÐ
CAFÉ & RESTAURANT

**Portið veitinga og kaffihús í Kringlunni**
**Vantar starfsfólk í veitingasal. Reynsla af þjónustu skilyrði. Fullt starf og aukavinnu í boði. Lágmarksaldur er 20 ár. Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required. Áhugasamir sendi umsókn á portid@portid.is**

CASTELLO Pizzeria: óskum eftir að ráða pizzubakara yfir sumartímann og líka í fulla vinnu . Reynsla skilyrði. Áhugasamir sendi ferilskrá og meðmæli á castello@simnet.is eða hafa samband í síma 6923051

Stýrimaður óskast á 103 Tonna Sæbjúgnabát. Upplýsingar í síma 892 0367.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Myndavél tapaðist í Strákagili fyrir ofan Bása á föstudaginn langa (Canon powershot S80). Finnandi vinsamlega hafi samband í síma 6991574

**Brandur er týndur**
Hann er grásvartbröndóttur með hvítar hosur,rauða og gyllta ól . Fór frá Víðimel. Sími: 5626816 -6946816.

## Tilkynningar

Gulur/hvítur ólarlaus kisi hvarf frá heimili sínu (Hofsv.götu 19). S. 445 5191/696 8862

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadama 908 2000**

**Strákar spjallið við dömuna**
S. 908 1010 virka daga

## Tilkynningar

**Verkalýðsfélagið Hlíf**

# AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn miðvikudaginn 7. apríl 2010 kl: 20:00,

í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3.Breytingar á reglugerðum:. Sjúkrasjóði, Orlofssjóðs, Vinnudeilusjóðs.
4.Félagsmál /skipulagsmál
5. Önnur mál.

Kaffiveitingar.

*Stjórnin.*

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninga þann 29. maí 2010, hefst við embætti sýslumannsins í Reykjavík, Skógarhlíð 6, þann 6. apríl nk. og er opin á skrifstofutíma á milli kl. 9:00 - 15:30 virka daga. Um helgar er opið frá kl. 12:00 - 14:00.

Frá og með 10. maí nk. fer atkvæðagreiðslan fram í Laugardalshöll og þá verður opið alla daga frá kl. 10:00 -22:00. Lokað verður á uppstigningardag þann 13. maí nk. og hvítasunnudag þann 23. maí nk.

Sýslumaðurinn í Reykjavík

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninga þann 29. maí 2010, hefst við embætti sýslumannsins í Reykjavík, Skógarhlíð 6, þann 6. apríl nk. og er opin á skrifstofutíma á milli kl. 9:00 - 15:30 virka daga. Um helgar er opið frá kl. 12:00 - 14:00.

Frá og með 10. maí nk. fer atkvæðagreiðslan fram í Laugardalshöll og þá verður opið alla daga frá kl. 10:00 -22:00. Lokað verður á uppstigningardag þann 13. maí nk. og hvítasunnudag þann 23. maí nk.

Sýslumaðurinn í Reykjavík

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

*www.hafnarfjordur.is*

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Innritun í grunnskóla fyrir skólaárið 2010-2011

Innritun nemenda í fyrsta bekk, sem fæddir eru árið 2004 verður í grunnskólum Hafnarfjarðar 7. - 14. apríl klukkan 9:00 - 15:00.

Sömu daga fer fram innritun nemenda sem flytjast á milli skólahverfa og þeirra sem flytja í Hafnarfjörð fyrir næsta skólaár. Innritunin fer fram í grunnskólunum en einnig er hægt að sækja um rafrænt á www.hafnarfjordur.is (íbúagátt)

Nemendur eiga rétt á skólavist í sínu skólahverfi en eins og undanfarin ár geta foreldrar sótt um að senda barnið sitt í aðra grunnskóla og er leitast við að koma til móts við þær óskir.

Sækja þarf um vist í heilsdagsskóla (1.-4. bekk) fyrir 1. maí á www.hafnarfjordur.is (íbúagátt)

**Áslandsskóli s. 585 4600 aslandsskoli@aslandsskoli.is**
**Engidalsskóli s: 555 4433 engidalsskoli@engidalsskoli.is**
**Hraunvallaskóli s. 590 2800 hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is**
**Hvaleyrarskóli s. 565 0200 hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is**
**Lækjarskóli s. 555 0585 skoli@laekjarskoli.is**
**Setbergsskóli s. 565 1011 setbergsskoli@setbergsskoli.is**
**Víðistaðaskóli s. 595 5800 vidistadaskoli@vidistadaskoli.is**
**Öldutúnsskóli s. 555 1546 oldutunsskoli@oldutunsskoli.is**

Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í sjálfstætt reknum skólum eða grunnskólum annarra sveitarfélaga á næsta skólaári er til 1. maí sjá www.hafnarfjordur.is

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**

**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

**www.visir.is/posthusid – sími 585 8330**

FRÉTTABLAÐIÐ






512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



# Listi hinna viljugu þjóða

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Í gær gat að líta nokkuð sem allt of oft gleymist þegar stríð eru rædd, sérstaklega hér í öryggi Íslands, nefnilega að í þeim deyr fólk. Drepst. Er drepið á hroðalegan hátt. Skríður um limlest í drullunni og rykinu og reynir að bjarga sér. En er síðan drepið. Stríð á nefnilega ekkert skylt við hetjumyndir og töff tilsvör. Stríð eru viðbjóður og því fleiri sem átta sig á því, því minni líkur eru á að til stríða komi. Menn geta sagt hvað sem er um nauðsyn stríða og þörfina á að koma þessu frá eða hinum eða breyta stjórnarfyrirkomulagi, eða hvað það er sem réttlætir hagsmunina í það og það skiptið. Stríð eru viðbjóðsleg.

**EITT** sinn var þetta nokkuð viðurkennd staðreynd. Eftir hrylling síðari heimsstyrjaldarinnar var í það minnsta stór hluti Evrópubúa sannfærður um það. Hafði enda reynt það á eigin skinni. Og vissulega gilti það viðhorf ekki endilega gagnvart þjóðum langt í burtu – okkur hefur yfirleitt þótt í lagi að drepa fólk í öðrum heimshlutum – en meira að segja ofbauð fólki hryllingur Víetnamstríðsins. Fékk enda að sjá myndir af blóðugu, saklausu fólki. Og ekki var viðbjóðurinn í Afganistan skárri.

**ÞÓ** kom að því að tæknin varð slík að stríð varð eins og tölvuleikur. Gráir skuggar í nætursjónaukum minntu á óværur í tölvuspilum og dráp þeirra vöktu lítil viðbrögð. Herir heimsins áttuðu sig líka á því að fólk vill ekki sjá blóð á fólki sem er drepið í þess nafni. Það minnkar líkur á að fólk setji nafn sitt við slíkt. Og þá er bara að neita öllu. Enginn saklaus borgari dó. Hafi verið börn þarna var það ekki okkur að kenna að við skutum þau. Þetta voru allt hryðjuverkamenn.

**OG** loks kom að því að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn leiddu Íslendinga í stríð. Davíð og Halldór gerðu það sem hefði þótt óhugsandi aðeins nokkrum árum fyrr; settu Ísland með á árásarlista. Vissulega tók enginn Íslendingur í gikk, keyrði yfir brunnið lík fréttamanns, eða varpaði sprengjum á börn í bíl. En það var gert í okkar nafni og ábyrgðin því rík.

**MYNDBANDIÐ** sem Wikileaks sýndi í gær um morð Bandaríkjahers á Írökum gera vonandi sitt í að minna okkur á ný hvernig stríð eru. Blóðug, miskunnarlaus og viðbjóðsleg. Kannski við verðum þá ekki með á næsta lista.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Gott fyrir...
sjálfstraustið
18" McCULLOCH
Frábær tilboð
Góð tilboð og góð kjör
í BYKO fyrir korthafa.
Það er GOTT að
versla í Kópavogi.
BYKO
GottKort er nýtt alþjóðlegt
greiðslukort sem veitir þér
fjölbreyttari afsláttarkjör og
meira úrval tilboða en önnur kort
... sem er gott.
Sæktu um á www.gottkort.is
GOTTKORT
Þitt kort

GLEÐILEGA PÁSKA! NÝTT Í BÍÓ! GLEÐILEGA PÁSKA!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS LÚXUS | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.30 - 5.40 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D | kl. 3.30 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.30 - 5.40 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 5.40 - 8 - 10.25 | 7 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 8 | 12 |
| | | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 - 10 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 8 - 10 | L |
| NANNY MCPHEE 2 | kl. 6 | L |
| BOUNTY HUNTER | kl. 6 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DEAR JOHN | kl. 8 - 10.20 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOVELY BONES | kl. 10.15 | 12 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 8 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 5.40 - 9 | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 Síðustu sýningar | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| EARTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| SHUTTER ISLAND | kl. 6 - 9 | 16 |
| DAYBREAKERS | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 | 10 |

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



ÞRIÐJUDAGAR ERU TILBOÐSDAGAR TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.50, 8, 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ÍSL | kl. 4 og 6 - 3D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ENS | kl. 6 - 3D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D ÍSL | kl. 4 | L |
| NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG | kl. 3.50 og 8 | L |
| GREEN ZONE | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 10.10 | 16 |




Óvæntasti grínsmellur ársins „HANGOVER Á STERUM"
ÞEIR URÐU HELLAÐIR 2010 OG VÖKNUÐU UPP ÁRIÐ 1986



HOT TUB TIME MACHINE

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 600*

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON | kl. 8(3D) - 10:10(3D) | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| WHEN IN ROME | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| NANNY MCPHEE | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:20 Síðustu sýningar | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN | M/ ísl. Tali kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10D - 10:20D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl. 1:40(3D) - 3:50(3D) - 6(3D) | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON | kl. 3:40(3D) - 10:20(3D) | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl.10:10 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND 3D | kl. 5:50(3D) - 8:10(3D) | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN | M/ ísl. Tali kl. 1:30 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl. 4 - 6 | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D | kl 8 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl 10 | 12 |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| WHEN IN ROME | kl. 6 - 8 | L |
| THE LOVELY BONES | kl 10 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl. 5:50 - 8 | L |
| BOUNTY HUNTER | kl. 10:20 | 12 |
| THE BLIND SIDE | kl. 5:40 | 10 |
| GREEN ZONE | kl. 8 | 12 |
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 10:20 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 600
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR



## 1. EINBÚINN

Í þessari ljúfsáru mynd um vináttu segir frá einbúanum Gísla á Uppsölum, sem sigrar hjörtu og hugi landsmanna í nærmyndum fréttamannsins Ómars (Atli Rafn Sigurðarson). Gísli Örn Garðarsson vinnur leiksigur í túlkun sinni á nafna sínum.

# FIMM FLOTTAR EITÍS-MYNDIR

**Baltasar Kormákur hyggst gera kvikmynd um þrekraun Guðlaugs Friðþórssonar, sem synti í land við ótrúlega erfiðar aðstæður eftir að skip hans fórst við Vestmannaeyjar árið 1984. Ef myndin tekst vel og verður vinsæl má fastlega gera ráð fyrir að fleiri geri sannsögulegar kvikmyndir um atburði frá níunda áratugnum. Hér eru fimm hugmyndir að eitís-myndum:**



## 2. GLEÐIBANKINN

Í þessari ærslafullu mynd segir frá vonum og væntingum þjóðarinnar þegar tækifærið til að senda lag í Eurovision kom loksins upp í hendurnar á henni. Icy-flokkinn leika þau Björgvin Franz Gíslason (Pálmi Gunnarsson), Hafdís Huld (Helga Möller) og Ingó Veðurguð (Eiki Hauks).

## 3. VIGDÍS FORSETI

Hádramatísk mynd um kosningabaráttu og sigur fyrsta kvenforseta í heimi. Ágústa Eva Erlendsdóttir fer með aðalhlutverkið.





## 4. BREYTTIR TÍMAR

Árið er 1984. Bubbi Morthens, poppstjarna Íslands, er í bullandi neyslu og fer til Los Angeles til að freista gæfunnar. Aðalhlutverkið leikur Tómas Lemarquis en skúrkinn og umboðsmanninn Cocaine Bob leikur Ingvar E. Sigurðsson.



## 5. HRINGRÁS

Í myndinni segir frá afreki Reynis Péturs, þegar hann gekk hringveginn í þágu góðs málefnis. Áhorfendur fylgjast með baráttu hans við náttúruöflin og hvernig gangan gerði hann að landsfrægum manni. Ingvar E. Sigurðsson vinnur leiksigur í aðalhlutverkinu.




## PORTÚGAL

VERÐ FRÁ: **7 nætur**

**82.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Aparthotel Oceanus – Olhos D´ Aqua.
Brottför: 10. júní.



## MARMARIS

VERÐ FRÁ: **10 nætur**

**109.495 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Hotel Club Aida.
Brottför: 19. júní.



## TENERIFE

VERÐ FRÁ: **7 nætur**

**99.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Parque de las Americas.
Brottför: 6. júní.



Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí á frábæru verði. Gæða gististaðir í ýmsum verðflokkum, áhugaverðar skoðunarferðir í fallegri náttúru, menningar- og sögustaði að ekki sé talað um frábæra golfvelli. Það er fátt betra en frí á sólarströnd, þar sem blátær sjórinn og himininn renna saman í eitt. Óskafrí þar sem hægt er að hlaða batteríin í rólegheitum og koma heim með orku sem endist fram á vetur.

**4 jafnar vaxtalausar greiðslur**

Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is. Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.

MasterCard VISA

ÚRVAL·ÚTSÝN

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000

MasterCard VISA

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

## > Margrét Lára skoraði í fyrsta leik

Tímabilið í sænsku kvennadeildinni hófst í gær. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði eitt marka Kristianstad í 3-2 sigri liðsins á Sunnanå. Þóra B. Helgadóttir stóð í marki Malmö sem lagði Hammarby, 1-0. Edda Garðarsdóttir var í liði Örebro sem vann öruggan sigur á AIK, 4-1. Ólína G. Viðarsdóttir gat ekki leikið með Örebro vegna meiðsla. Guðbjörg Gunnarsdóttir stóð síðan í marki Djurgarden sem tapaði fyrir Tyresö, 2-0.



**sport**

sport@frettabladid.is

N1-DEILD KARLA: HK SPILAR Í ÚRSLITAKEPPNINNI EFTIR SIGUR Á AKUREYRI Í GÆR

# *Mikið afrek að koma þessu liði í úrslitakeppnina*

HK tryggði sig inn í úrslitakeppni N1-deildar karla í handbolta í gær með 22-24 útisigri á Akureyri. Sveinbjörn Pétursson varði 68% skota sem fóru á markið frá Akureyri í fyrri hálfleik og lagði grunninn að sigrinum. „Það er ekkert skemmtilegra en að koma hingað aftur og spila – og vinna," sagði Sveinbjörn sem er frá Akureyri. „Ég virðist alltaf finna mig vel hérna."

Miðað við markvörslu hans, og góða vörn HK, hefði liðið átt að leiða með meira en fjórum mörkum í hálfleik þegar staðan var 9-13. Akureyri jafnaði leikinn í 20-20 þegar átta mínútur voru eftir en þeir náðu aldrei að komast yfir. HK var skrefinu á undan og eftir æsispennandi lokamínútur innbyrti það tveggja marka sigur.

Eftir að hafa talað við Akureyringa eftir leikinn er nokkuð ljóst að sjálfstraustið í liðinu er lítið. Liðið þarf að vinna Hauka í lokaumferðinni, á útivelli, að treysta á HK-sigur gegn FH til að komast í úrslitakeppnina. „Við byrjuðum skelfilega og komumst aldrei inn í leikinn. Við vorum sjálfum okkur verstir. Við erum ekki líklegir til að komast áfram eins og staðan er í dag. Það er stutt í næsta leik og við þurfum að gera eitthvað óvænt til að komast áfram," sagði þjálfarinn Rúnar Sigtryggsson.



Kollegi hans hjá HK, Gunnar Magnússon, var stoltur eftir leikinn. „Við leystum varnarleikinn okkar vel og við fórum þetta á klókindunum og smá reynslu. Vörn og markvarsla var frábær og sóknarleikurinn mjög agaður. Páskarnir voru erfiðir, það var mikið um veikindi og meiðsli og við gátum varla æft. Það er mikill léttir að vera kominn í úrslitakeppnina. Ég er búinn að vera fjögur ár hjá HK og að koma þessu liði í úrslitakeppnina er mikið afrek. Ég er mjög stoltur af þessu," sagði Gunnar sem hljóp í því út á flugvöll þar sem liðið fagnaði sigri alla leið í Kópavoginn.

**- hþh**

## *IE-deild karla:*

**KR-Snæfell 84-102**

KR: Finnur Atli Magnússon 20, Morgan Lewis 15, Jón Orri Kristjánsson 13/5 fráköst/3 varin skot, Brynjar Þór Björnsson 11/5 fráköst/6 stoðsendingar, Pavel Ermolinskij 9/9 fráköst/8 stoðsendingar, Fannar Ólafsson 8/5 fráköst, Tommy Johnson 8/6 fráköst.

Snæfell: Martins Berkis 21, Sigurður Á. Þorvaldsson 20, Hlynur Bæringsson 19/14 fráköst, Jón Ólafur Jónsson 15/7 fráköst, Sean Burton 12/4 fráköst/7 stoðsendingar, Páll Fannar Helgason 5, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 4/5 stoðsendingar, Sveinn Arnar Davíðsson 2, Egill Egilsson 2, Emil Þór Jóhannsson 2.

**Keflavík-Njarðvík 89-78**

Keflavík: Draelon Burns 26/5 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 21/7 fráköst/7 stoðsendingar/6 stolnir, Gunnar Einarsson 15, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 11/9 fráköst, Uruele Igbavboa 10/7 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 2, Jón Nordal Hafsteinsson 2, Sverrir Þór Sverrisson 2.

Njarðvík: Nick Bradford 27/5 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 15/8 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 11/7 fráköst, Guðmundur Jónsson 8, Friðrik E. Stefánsson 5/8 fráköst, Rúnar Ingi Erlingsson 4, Páll Kristinsson 4/6 fráköst, Kristján Rúnar Sigurðsson 2, Egill Jónasson 2.

## *N1-deild karla:*

**Grótta-Fram 22-26**

Mörk Gróttu (skot): Anton Rúnarsson 7/3 (14/4), Hjalti Þór Pálmason 5/1 (11/1), Viggó Kristjánsson 3 (6), Jón Karl Björnsson 2/0 (3/1), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (2), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (3), Ægir Hrafn Jónsson 1 (1), Matthías Árni Ingimarsson 1 (2), Arnar Freyr Theodórsson 0 (1)

Varin skot: Gísli Guðmundsson 18

Hraðaupphlaup: 4 (Viggó 2, Anton, Ægir)

Fiskuð víti: 6 (Hjalti 2, Jón Karl, Matthías. Ægir, Anton)

Utan vallar: 8 mín.

Mörk Fram (skot): Einar Rafn Eiðsson 6/3 (10/3), Andri Berg Haraldsson 6 (10), Haraldur Þorvarðarson 4 (8), Stefán Stefánsson 3 (4), Róbert Aron Hostert 3 (6), Guðjón Drengsson 2 (2), Halldór Jóhann Sigfússon 2 (3), Daníel Berg Gretarsson 0 (2).

Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 27/1, Sigurður Örn Arnarson 1/1

Hraðaupphlaup: 3 (Andri, Stefán, Guðjón)

Fiskuð víti: 3 (Einar, Haraldur, Guðjón)

Utan vallar: 14 mín.

**Akureyri-HK 22-24**

Mörk Akureyrar (skot): Oddur Grétarsson 9/4 (14), Árni Þór Sigtryggsson 5 (16), Guðmundur H. Helgason 3 (8), Halldór Logi Árnason 2 (2), Guðlaugur Arnarsson 2 (2), Jónatan Magnússon 1 (4).

Varin skot: Hörður Flóki Ólafsson 17 (44) 41%.

Hraðaupphlaup: 5 (Guðmundur 2, Guðlaugur 2, Oddur).

Fiskuð víti: 4 (Árni, Oddur, Hreinn, Andri).

Utan vallar: 4 mín.

Mörk HK (skot): Atli Ævar Ingólfsson 7 (9), Bjarki Már Gunnarsson 6 (10), Bjarki Már Elísson 3/2 (4), Valdimar Þórsson 3 (10), Ragnar Hjaltested 2 (4), Sverrir Hermannsson 2 (12), Hákon Hermannsson Bridde 1 (1).

Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 26 (48) 54%

Hraðaupphlaup: 1 (Ragnar).

Fiskuð víti: 2 (Valdimar, Atli).

**FH-Valur 20-25**

Mörk FH: Bjarni Fritzson 6, Ólafur Guðmundsson 5, Jón Heiðar Gunnarsson 3, Ólafur Gústafsson 2, Sigurgeir Árni Ægisson 1, Örn Ingi Bjarkason 1, Ásbjörn Friðriksson 1, Benedikt Kristinsson 1.

Mörk Vals: Arnór Þór Gunnarsson 7, Elvar Friðriksson 6, Fannar Friðgeirsson 5, Sigurður Eggertsson 3, Baldvin Þorsteinsson 2, Ingvar Árnason 1, Sigfús Páll Sigfússon 1.

**Haukar-Stjarnan 35-23**

Mörk Hauka: Sigurbergur Sveinsson 7, Einar Örn Jónsson 6, Þórður Guðmundsson 6, Freyr Brynjarsson 5, Björgvin Hólmgeirsson 4, Tjörvi Þorgeirsson 1, Heimir Óli Heimisson 1, Gísli Jón Þórisson 1, Guðmundur Árni Ólafsson 1.

Mörk Stjörnunnar: Vilhjálmur Halldórsson 4, Tandri Konráðsson 3, Daníel Einarsson 3, Guðmundur Guðmundsson 3, Jón Arnar Jónsson 2, Sigurður Torfi Helgason 2, Björn Friðriksson 2, Daníel Hansson 2, Eyþór Magnússon 1, Sverrir Eyjólfsson 1.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **20** | **14** | **2** | **4** | **518-480** | **30** |
| Valur | 20 | 11 | 3 | 6 | 493-464 | 25 |
| HK | 20 | 11 | 2 | 7 | 535-513 | 24 |
| **Akureyri** | **20** | **10** | **2** | **8** | **533-509** | **22** |
| **FH** | **20** | **10** | **1** | **9** | **552-537** | **21** |
| Grótta | 20 | 7 | 0 | 13 | 503-533 | 14 |
| Fram | 20 | 6 | 1 | 13 | 529-557 | 13 |
| **Stjarnan** | **20** | **5** | **1** | **14** | **475-545** | **11** |

# Vopnin slegin úr höndum Íslandsmeistaranna

**Snæfell vann magnaðan og sannfærandi útisigur á KR, 84-102, í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla. Snæfell sterkari á öllum sviðum og sló öll vopn úr höndum KR-inga sem áttu engin svör við leik þeirra.**

**KÖRFUBOLTI** Snæfell sýndi allar sínar bestu hliðar er liðið kom í heimsókn í Vesturbæinn í gær og vann sætan útisigur. Snæfell er þar með komið með 1-0 forystu í rimmunni en vinna þarf þrjá leiki til þess að komast í sjálfa úrslitarimmuna. Liðsheildin vann leikinn fyrir Snæfell. Þeir áttu svör við öllu sem KR gerði og rúmlega það.

„Mér fannst við vera betri í kvöld og það gekk nánast allt upp sem við ætluðum okkur," sagði sigurreifur Snæfellingur, Hlynur Bæringsson, eftir leikinn en hann átti enn einn stórleikinn fyrir Snæfell í gær.

„Það hefur verið orðrómur yfir landinu að Pavel geti ekki skotið en hann vann okkur um daginn með skotum fyrir utan. Við ákváðum að setja pressu á hann og ekki gefa honum eitt né neitt. Leyfa honum að fá lítinn tíma og frið með boltann í höndunum enda er hann sterkastur þar. Er hávaxinn og sér yfir allt. Það gekk mjög vel upp."

Það var rétt í fyrsta leikhluta sem KR hafði eitthvað í Snæfell að gera. Eftir það áttu gestirnir leikinn. „Mér fannst við ná að sprengja þá vel upp. Þeir eru með mikla athygli á Sean og halda honum niðri. Það er samt fórnarkostnaður í því og aðrir nýttu sér það vel. Svo fengum við frábærar mínútur frá strákum sem hafa verið að spila minna í vetur," sagði Hlynur og hafði lög að mæla.

Fjöldi leikmanna Snæfells lagði lóð sín á vogarskálarnar í gær á báðum endum vallarins. Frábær liðsheild og samvinna hjá Snæfelli. Þeir héldu öllum leikmönnum KR nema Finni Atla og Jóni Orra niðri



**LITLI OG STÓRI** Það er mikill stærðarmunur á leikstjórnendum KR og Snæfells – Pavel Ermolinskij og Sean Burton – en Burton hafði betur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

